



Áfall af völdum sjálfsvígs og sjálfsvígstírauna ungmenna

Forvarnir og aðstoð innan grunnskóla Hafnarfjarðar

Ægir Örn Sigurgeirsson

Lokaverkefni til MA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áföll af völdum sjálfsvígs og sjálfsvígstírauna ungmenna
Forvarnir og aðstoð innan grunnskóla Hafnarfjarðar

Ægir Örn Sigurgeirsson

210370-5609

Lokaverkefni til MA gráðu í félagsráðgjöf

Umsjónarkennari: Hrefna Ólafsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ægir Örn Sigurgeirsson 2011

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Rannsóknin fjallar um áfallahjálp í grunnskólum Hafnarfjarðar þegar áfall hefur orðið af völdum sjálfsvígs eða sjálfsvígshegðunar. Rannsóknin fjallar einnig um hvernig forvörnum gegn sömu þáttum er háttað. Markmiðin voru að skoða verkferla og leggja til viðbætur væri þess þörf. Framkvæmd var eigindleg viðtalsrannsókn með þátttöku kennara og starfsfólks áfallateyma úr fimm af sjö grunnskólum Hafnarfjarðar. Rannsóknin var unnin á haustmánuðum 2011. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að vel sé unnið með áföll af völdum sjálfsvíga og sjálfsvígshegðunnar í grunnskólunum. Áfallahjálpin er markviss og unnin af fólki með reynslu og sérmenntun. Þó er bent á að eftirfylgd áfallavinnunar mætti vera betri og samvinna áfallateyma meiri. Forvarnir gegn sjálfsvígshegðun og annarri áhættuhegðun innan grunnskóla virðist vera að breytast töluvert. Áherslur eru á heildarsýn, valdeflingu nemenda og að nemandinn njóti notendasamráðs til að öðlast sterka sjálfsmynd. Forvörnum er beitt án þess að geta um áhættuþætti og einstaklingnum eftirlátið að þroskast með góðan vitnisburð, á sínum forsendum. Svo virðist sem hugmyndafræði félagsráðgjafar sé að einhverju leyti notuð við forvarnarvinnu í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Lykilorð : Sjálfsvíg, sjálfsvígstilraun, áfallahjálp, forvarnir, grunnskólar.

Abstract

This study deals with grief counseling in the wake of suicide or suicidal behavior in the primary schools of Hafnarfjörður. The study also deals with prevention procedures to hinder suicides and suicidal behavior. The objective of the study was to examine procedures and improve prevention methods in the wake of suicide and suicidal behavior. The study employed a qualitative methodology based on interviews with the participation of teachers, and grief counseling teams from five of the seven primary schools in Hafnarfjörður. Data was gathered in the fall of 2011. The findings suggest that grief counseling in the wake of suicide or suicidal behavior is well managed at the primary school level in Hafnarfjörður. Grief counseling at the primary school level in Hafnarfjörður is objective and performed by specially trained and experienced people. However, follow up of grief counseling and cooperation between griefs counseling teams could be improved. Prevention programs for suicidal behavior, or for at risk students seem to be going through a rapidly developing phase. Emphasis is on holistic view, subject empowerment and subject involvement with the aim of strengthening self-image. Prevention programs are implemented without mentioning risk, and the subject is guided to grow in a positive direction. It seems that the philosophy of social work is, to some extent used in the preventive work in schools of Hafnarfjörður.

Key Words: Suicide, suicide attempt, grief counseling, prevention program, primary school.

Formáli

Rannsókn mín er unnin sem lokaverkefni til meistaraþráðu og starfsréttinda í félagsráðgjöf við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Ég vil þakka eftirtöldum:

Þátttakendum í rannsókninni fyrir að gefa sér tíma og miðla reynslu sinni til mín.

Skólastjórum í þeim grunnskólum sem tóku þátt, fyrir að finna handa mér viðmælendur og greiða götu mína við upplýsingaöflun.

Leiðbeinanda mínum Hrefnu Ólafsdóttur fyrir góða leiðsögn og stuðning í rannsóknarferlinu.

Kristbjörgu Kemp fyrir yfirlestur og ábendingar og fyrir að vera svona gefandi persóna.

Öllu því góða starfsfólki Flensborgarskóla sem aðstoðaði mig og veitti góð ráð.

Sigríður Hauksdóttir fær þakkir fyrir aðstoð á ögurstundu.

Sigurður Björgvinsson fær þakkir fyrir að veita mér tækifæri til að kynnst starfi innan grunnskóla. Það tækifæri hefur leitt af sér þessa ritgerð fimm og hálfu ári seinna.

Magnús Jón Árnason, minn gamli kennari. Ég hef hugsað mikið til hans með þakklæti fyrir þau gildi sem hann lagði mér.

Að lokum vil ég þakka eiginkonu minni Díönu Guðjónsdóttur og börnum mínum fjórum fyrir þolinmæði, umburðarlyndi, hvattningu og fyrir að trúá á mig.

Verkefnið er styrkt af samfélagssjóði Rio Tinto Alcan á Íslandi og kann ég þeim kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Efnisyfirlit

Útdráttur	i
Abstract	ii
Formáli	iii
Inngangur	1
Aðdragandi rannsóknarinnar	2
Skipulag ritgerðarinnar	3
Fræðileg umfjöllun um sjálfsvíg	5
Sjálfsvígshegðun, sjálfsvígsferli og kenningar	5
Umfang sjálfsvíga	7
Sjálfsvígstilraun	9
Sjálfskaði.....	10
Áhættuþættir	11
Verndandi þættir	14
Fræðileg umfjöllun um áhrif sjálfsvíga	18
Áhrif sjálfsvíga á nánasta umhverfi.....	18
Hlutverk skólanna	19
Hlutverk skólanna varðandi forvarnir	21
Áföll, áfallavinna og forvarnir	22
Nemendaverndarráð	24
Viðbragðsáætlun við áföllum.....	26
Framkvæmd rannsóknarinnar	27
Eigindlegar rannsóknaraðferðir	27
Siðferðisleg álitamál.....	27
Markmið.....	28
Réttmæti og áreiðanleiki rannsóknarinnar.....	29
Styrkleikar og veikleikar eigindlegra rannsókna	29
Þátttakendur rannsóknarinnar	30
Kennari 1	31
Kennari 2	32
Kennari 3	32
Kennari 4	32
Kennari 5	32
Teymisliði 1	32
Teymisliði 2	33
Teymisliði 3	33
Teymisliði 4	33
Teymisliði 5	33
Framkvæmd viðtala	34

Niðurstöður	35
Þema I:	35
Áfallahjálp við sjálfsvíg og önnur andlát innan grunnskólanna.	35
Áfallaáætlun grunnskóla vegna andláts af eðlilegum orsökum/sjálfsvígs.....	36
Þema II:	38
Eftirfylgni fyrir nemendur, starfsfólk og fjölskyldu hins látna.	38
Þema III:	42
Uppeldisskylda grunnskólanna og valdefling nemenda	42
Þema IV	47
Skólastarfið sem heildrænt forvarnarverkefni fyrir áhættu hegðun og sjálfsvíg, forvörnin felst í sálgæslu	47
Þema V:	52
Samvinna og samskipti grunnskóla og annara stofnanna í kjölfar áfalls	52
Ígrundun.....	55
Lokaorð	62
Heimildaskrá.....	63
Viðauki 1. Viðtalsvísir fyrir kennara.....	68
Viðauki 2. Viðtalsvísir fyrir starfsmenn áfallateymis	71
Viðauki 3. Kynningarbréf til skóla	73
Viðauki 4. Upplýst samþykki.....	75
Viðauki 5. Tilkynning til persónuverndar	76
Viðauki 6. Leyfisbréf skólaskrifstofu Hafnarfjarðar	77

Inngangur

Áföll geta verið af ýmsum toga og snert tilfinningar fólks á ólíkan hátt. Fólk er misjafnlega í stakk búið til að takast á við áföll og misjafnlega tilbúið til að vinna úr þeim og leita sér aðstoðar. Þegar fólk tekur líf sitt verða fjölskyldumeðlimir hins látna og fólk í hans nánasta umhverfi fyrir áfalli sem oft er talið til flóknustu áfalla sem fólk verður fyrir og það sveiflast milli ólíkra tilfinninga sem oft verður erfitt að vinna úr. Áfall sem skapast af skyndilegu andláti hefur jafnan sterk áhrif á fólk og getur sett lífið úr skorðum um ótiltekinn tíma hjá þeim sem þekktu og umgengust hinn látna. Fólk tekst þá ekki aðeins á við að standa eftir með söknuðinn og sorgina sem fylgir andlátinu heldur fylgja tilfinningar eins og reiði, sektarkennd, afneitun og sjálfsásökun oft með (Worden, 2009; Knieper, 1999). Sérstaklega er átakanlegt þegar ungt fólk og börn taka líf sitt, lífsskeið þeirra rétt hafið sem gerir það svo sárt og erfitt að viðkomandi velji að yfirgefa lífið fyrir fullt og allt. Þegar börn og unglingar ákveða að taka líf sitt hneigist samfélagið stundum til þöggunar og sveipar atburðinn leynd. Á það við jafnt á Íslandi sem í nágrannaríkjum okkar. Málefnið þykir þungt í umræðu og erfitt, sem gjarnan leiðir til þess að það er meðhöndlað sem feimnismál og því er erfitt að skýra og skilgreina vandann sem sjálfsvíg í eðli sínu eru (Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2002).

Sjálfsvíg eru sjaldan fyrirvaralaus og má greina ýmis einkenni í uppveiti barna sem talin eru geta leitt til sjálfsvígs, sjálfsvígstílauna eða áhættuhegðunar. Mikilvægt er að fullorðnir einstaklingar í nærumhverfi barnsins séu vakandi fyrir áhættuþáttum í hegðun eða aðbúnaði þess og bregðist við á fumlusan hátt. Grunnskólinn skipar stóran sess í lífi hvers barns og fjölskyldu þess. Hann telst því einna best til þess fallinn að sjá um forvarnir gegn sjálfsvígum. Sjálfsvígsforvarnir eru forgangsverkefni að mati Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar og þar er mælt með að komið verði á hópvinnu sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga, kennara, lækna og námsráðgjafa til að starfa náið með stofnunum samfélagsins (Landlæknisembættið, 2004).

Á síðustu tveimur áratugum hefur hafnfirskt samfélag orðið fyrir áföllum vegna sjálfsvíga barna og ungmenna sem áttu heima í bænum. Samfélagið hefur lamast og fyllst af sorg þegar fréttir af sjálfsvígi barns eða unglings hefur borist um bæinn. Áhrifanna hefur gætt víða og margir átt um sárt að binda vegna fráfalls vinar eða ættingja. Gera má ráð fyrir að í skólum Hafnarfjarðar hafi þurft að vinna með áfallið og sefa börn og starfsfólk skólanna, jafntframt

Því að sinna ráðstöfunum fyrir forvarnir. Ritgerð þessi hefur að umræðuefni hvernig tekist er á við áföll af völdum sjálfsvíga, sjálfsvígstilrauna og sjálfsskaðandi hegðunar í grunnskólum Hafnarfjarðar. Auk þess er skoðað í hverju forvarnarvinna skólanna gegn þessum sömu þáttum felast og á hverju hún byggir. Niðurstöður byggja á rannsókn sem var gerð í grunnskólum Hafnarfjarðar þar sem eigindleg djúpvíðtöl voru tekin við einn kennara og einn starfsmann áfallateymis úr fimm grunnskólum af sjö í bænum.

Aðdragandi rannsóknarinnar

Drifkrafturinn í námi höfundar við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands hefur verið sýnin á vinnu, að námi loknu, með börnum og ungmennum sem búa við erfiðar aðstæður. Því var ekki um að ræða aðra möguleika við val á rannsóknarefni fyrir meistararitgerð en málefni tengd vinnu með börnum. Frétt um að starf forvarnarnefndar gegn sjálfsvígum í Hafnarfirði hafi verið framlengt ótímabundið varð höfundi hvati að rannsókn sem gæti byggt undir starf nefndarinnar og jafnvel verið sveitarfélaginu til hagsbóta.

Tilgangur rannsóknarinnar er að beina sjónum að því ferli sem fer af stað í áfallateymum grunnskóla bæjarins þegar sjálfsvíg eða tilraun til sjálfsvígs á sér stað hjá börnum undir 18 ára. Skoðað er hvernig forvörnum er beitt og hvort hugmyndafræði félagsráðgjafar sé nýtt í starfi þeirra sem vinna í áfallateymum skólanna. Grunnhugmyndafræði félagsráðgjafar byggir á heildarsýn og telur höfundur mikilvægt að sú sýn sé höfð að leiðarljósi við áfallavinnu og forvarnir í grunnskólum þar sem heimili, skóli og aðrar stofnanir samfélagsins eru tengdar saman til að ná sem bestum árangri.

Markmiðið með rannsókninni er að auka þekkingu á verkferlum og starfsaðferðum þeirra sem koma að áfallavinnu með börnum innan skólaumhverfisins. Einnig að fá fram styrkleika og veikleika verkferlanna og í framhaldi af því leggja til bætt úrræði á grundvelli hugmynda frá þátttakendum í rannsókninni um nýja og hugsanlega árangursríkari nálgun, bæði hvað varðar forvarnir og viðbrögð þegar sjálfsvíg eða sjálfvígshegðun hefur átt sér stað.

Rannsóknarspurningar verkefnisins eru eftirfarandi:

Hvernig er brugðist við áföllum í tengslum við sjálfsvíg, sjálfsvígstilraunir og sjálfsskaðandi hegðun barna innan grunnskóla Hafnarfjarðar?

Í hverju felst forvarnarvinna grunnskóla Hafnarfjarðar gegn sjálfsvígum og áhættuþáttum í tengslum við sjálfsvígshegðun?

Einnig verður leitast við að fá dýpri þekkingu á efni ritgerðarinnar með því að leggja fram undirspurningar.

- i. Hvernig er stuðningi við nemendur og starfsfólk háttað þegar áfall vegna sjálfsvígs eða sjálfsvígshegðunar hefur orðið innan skóla?
- ii. Hvernig er viðbragðsáætlun áfallateyma skólanna þegar sjálfsvíg ungmenna eða önnur sjálfsvígshegðun á sér stað?
- iii. Hvernig er forvörnum gegn slíkri hegðun háttað innan skólanna?
- iv. Hver er sýn þeirra sem vinna með nemendum innan skóla á verkferla þegar nemandi verður fyrir áfalli og telja þeir aðstoðina koma að gagni?
- v. Hvernig er starfsmaðurinn undirbúinn faglega til að takast á við slíkt áfall og hvert er stuðningsnet hans innan skólans?

Gildi rannsóknarinnar verður að fá fram kosti þeirrar áætlunar sem er í gildi fyrir áfallahjálp að mati þeirra sem styðjast við hana innan grunnskólanna. Að fá fram hvort einhverju sé ábótavant og leggja fram tillögu að úrbótum reynist svo vera. Einnig að fram komi hvernig kennurum skólanna þyki forvörnum best sinnt til að fyrirbyggja sjálfsvíg eða sjálfsvíshægðun barna. Enn fremur að hlusta eftir nýjungum í starfi kennara sem bætt geta forvarnir fyrir sjálfsvígshegðun barna.

Skipulag ritgerðarinnar

Ritgerðin er byggð upp á sex meginköflum. Fræðilegum kafla fyrri hluta, þar sem farið er yfir tölulegar staðreyndir, faraldsfræðin, að missa lífslöngun, ásamt því að fjalla um sjálfsvígshegðun, sjálfsskaða og tilraunir til sjálfsvígs. Verndandi þættir verða skoðaðir og rýnt í niðurstöður rannsókna. Fræðilegur kafli seinni hluti fjallar um þennan fjölpætta vanda út frá umhverfi barns. Hlutverki skóla er velt upp út frá forvarnar- og áfallavinnu, lífsleikni og sjálfstyrkingu þeirra sem í skólunum starfa. Starf og starfsumhverfi kennara er skoðað út frá áfallavinnu og því velt upp hverju hugmyndafræði félagsráðgjafar getur bætt við forvarnir og úrræði.

Næstu kaflar ritgerðarinnar eru tileinkaðir rannsóknarhlutanum. Rannsóknaraðferð er lýst og grein gerð fyrir þátttakendum og úrvinnslu. Þá er fjallað um áreiðanleika og réttmæti rannsóknarinnar, siðfræðina og hvaða hlutverki rannsókninni er ætlað.

Fimmti kaflinn greinir frá niðurstöðum og lýsir stöðu mála í raun innan skóla Hafnarfjarðar að mati þátttakenda. Í sjötta kafla ritgerðarinnar verða umræður og niðurstöður skoðaðar og tengdar saman við fræðin. Von höfundar er að áframhaldandi rannsóknir verði gerðar héraendis á efninu og að það styrki enn frekar þær vinnuaðferðir sem viðhafðar eru í forvörnum og áfallavinnu grunnskóla.

Fræðileg umfjöllun um sjálfsvíg

Sjálfsvígshegðun, sjálfsvígsferli og kenningar

Sjálfsvígshótanir, sjálfsvígstilraunir og sjálfsvíg eru hjá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (*WHO*) skilgreind sem sjálfsvígshegðun. Kenningar um sjálfsvíg má finna allt aftur til ársins 1897 er ritið *Suicide* kom út en þar reynir franskri félagsfræðingurinn Emile Durkheim að skýra sjálfsvíg. Emile Durkheim lagði fram fyrstu félagsfræðilegu kenninguna um sjálfsvíg sem þótti færa fram eitthvað sem varpað gæti ljósi á það hvers vegna fólk tekur líf sitt (Sadock og Sadock, 2007). Durkheim rannsakaði félagslega hlið sjálfsvíga og með tilraun til að skýra tölfræðilegt mynstur lagði hann fram kenningu um að sjálfsvígum væri hægt að skipta í þrjá flokka hins félagslega veruleika eftir því hvernig tengslum einstaklings er háttað við samfélagið. Í fyrsta lagi sjálfhverfu, (e. *egoistic*), þar sem einstaklingur væri takmarkaður á þann hátt að láta sér aðeins annt um sínar þarfir og sjálfan sig. Þá sjálfþórnar (e. *altruistic*), þar sem einstaklingur er ósérplæginn og fórnfús fyrir aðra og samfélag sitt. Að lokum er siðrof, (e. *anomie*), þar sem siðferðisbrestur veldur félagslegum lífsskjörum sem einkennist af skorti á siðferði og gildum við félagslega þætti samfélagsins jafnt sem hegðunarerfiðleikum (David Maimon, Christopher R. Browning, Jeanne Brooks-Gunn, 2010).

Hjá sumum fræðimönnum hefur fjórða flokknur verið bætt við. Forlagatrú. (e. *fatalistic*), sjálfsvíg sem afleiðing af of þéttu regluverki sem setur einstaklingnum of miklar skorður sem veldur því að honum finnst framtíð sín bundin (Stivers, 1987). Durkheim taldi skort á samþættingu fjölskyldunnar skýra hvers vegna einstæðingar væru útsettari fyrir hættunni á sjálfsvígi. Einnig felur kenning hans í sér að fólk með litla tengingu við samfélagið hefði ekki miklar varnir. Hjónaband og barnalán væru verndandi þættir ásamt samheldni sveitasamfélagsins (Sadock og Sadock, 2007; Stivers, 1987). Sjálfsvíg eru vissulega afar persónulegar og einstaklingsbundnar athafnir en þó má segja að athöfnin verði ekki skýrð nema með skírskotun í félagslegt samhengi. Sá sem er ósérhlífinn og fórnar sér fyrir málstaðinn gæti verið einstaklingur sem vill vekja athygli á einhvers konar óréttlæti og fá yfirvaldið til að bregðast við til hagsbóta fyrir hópinn. Í sjálfhverfu sjálfsvígi hefur einstaklingurinn ekki náð að samsama sig ákveðnum hópum samfélagsins eða öðrum einstaklingum. Hætta er á að hann hverfi inn í sjálfan sig og upplifi tómleikatilfinningu ásamt

því að finnast líf sitt merkingarlaust og fánýtt þar sem umhverfi hans hefur ekki jákvæð áhrif á hann (Maimon, Browning og Brooks-Gunn, 2010).

Siðrof er þegar einstaklingurinn upplifir ytri aðstæður sér ofviða og hann getur ekki brugðist við á skynsamlegan hátt. Vonir hans og væntingar eru ekki uppfylltar á sama hátt og fyrr og samfélagsleg gildi eru ekki með raunhæfa lausn á vanda einstaklingsins. Má nefna þegar örar og miklar breytingar verða á félagslegum högum hans, samanber atvinnu og efnahag. Skapast þá rof þar sem engar merkingabærar lausnir finnast við vandamálum hans. Taumhald regluveldis í samfélaginu og óþolandi skorður þeim tengdar getur verið andstæðan. Skýra má þær aðstæður þannig að einstaklingurinn telji það óbreytanleg forlög að lifa eftir reglum samfélagsins og líti þá til sjálfsvígs sem einu raunhæfu lausnina til að komast út úr aðstæðum sínum (Sadock og Sadock, 2007; Stivers, 1987). Rannsókn David Maimon (2010) tekur undir og styður kenningu Durkheim um að samfélag sé mikill áhrifavaldur á sjálfsvígshegðun fólks og að sterk fjölskyldubönd og góð tengsl við umhverfi sitt sé einstaklingum sterkur verndandi þáttur.

Fleiri merkir menn hafa komið fram með kenningar um sjálfsvíg og reynt að skýra út hvers vegna einstaklingar fremja sjálfsvíg. Sigmund Freud kom fram með kenningu á sálfræðilegum grunni um að sjálfsvíg væri sprottið af ýgi sem beindist inn á við og hafði ekki trú á að fólk tæki líf sitt án þess að hafa áður fyrr haft niðurbælda þrá til að deyða einhvern annan einstakling (Sadock og Sadock, 2007). Karl Menninger (1938) færði hugmyndir Freuds á næsta stig og útskýrði sjálfsvíg sem umsnúið morð, beint að sjálfum sér, vegna reiði í garð annars einstaklings. Menninger lýsir manninum sem sínum versta óvini með innbyggðan dauðahvata þar sem þrír mikilvægir þættir kæmu saman í einn, óskin um að drepa, óskin um að vera drepinn og óskin um að deyja. Hann greinir ástæður sjálfsvíga og nefnir nokkra þætti sem teljast til áhættuþátta samtímans eins og áfengissýki, geðsjúkdóma og andfélagslega hegðun (Stivers, 1987).

Nýlegri kenningar frá samtímamönnum telja að ekki sé hægt að tengja allt við persónugerð hvers einstaklings og meðvitund hans. Talið er að margt sé hægt að læra um hugarástand og meðvitund hvers einstaklings út frá hugmyndum og órum hans um hvað muni gerast eftir að sjálfsvíg hefur verið framið. Draumkenndar sýnir um eigin dauða fela í sér óskir um hefnd, vald, stjórnun, refsingu eða jafnvel sjálfsfórnir. Þá má einnig nefna hvíld og endurfundi við hina látnu, endurfæðingu eða nýtt líf (Sadock og Sadock, 2007).

Þrátt fyrir að skýringa hafi verið leitað og kenningar lagðar fram um ástæður og hvernig má fyrirbyggja sjálfsvígshegðun, eru sjálfsvíg enn viðvarandi félagslegt vandamál sem samfélagið glímir við. Tíðni og algengi meðal aldurshópa hefur breyst og verður gerð grein fyrir þeim breytingum hér á eftir.

Umfang sjálfsvíga

Umsögn um þingsályktunartillögu um tíðni og orsakir sjálfsvíga hefst á setningunni „*Fjölgun sjálfsvíga meðal ungmenna hefur valdið talsverðum áhyggjum að undanfögnu*“. Umsögnin er skrifuð 1992 og tilefnið var að tillagan innihélt yfirlýsingu nokkurra þingmanna um að skipa nefnd sem skyldi skoða tíðni og orsakir sjálfsvíga. Skoða átti vel fyrirbyggjandi opinber gögn, auk þess að rannsaka sjálfsvígshegðun ungs fólks og tengsl þeirra við ýmsa áhrifaþætti (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1992). Setningin á einnig vel við í dag og hér á eftir verður litið yfir þróun sjálfsvígshegðunar síðustu áratugi.

Rannsóknir hafa sýnt að sjálfsvígum hefur fjölgað umtalsvert, eða allt að 60%, í heiminum síðustu 45 ár. Talið er að sjálfsvíg hafi þrefaldast á milli árána 1959 og 1990 (Þóroddur Bjarnason o. fl., 2002; Wagman, 1987) og á sama tíma hafi aldursbil þeirra sem taka líf sitt færest niður til yngra fólks, 15 til 25 ára. Hugsanlegt er að kenning Durkheim og fleiri um samfélagslega stöðu eigi við þar sem einstaklingar flytja oft á þessum aldri úr foreldrahúsum og geta átt erfitt uppdráttar í samfélaginu (Maimon, Browning, Brooks-Gunn, 2010). Líklegra þykir, það sem fram kemur í rannsóknum á sjálfsvígum ungmenna, að áhættuhegðun sé orðin algengari og valdi þessari þróun (Hansen og Lang, 2011; Harstall, 2004; King, 1999; Nefnd á vegum Alþingis um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi, 1996).

Sjálfsvígstíðni á Íslandi sveiflast eftir eigin mynstri eins og hjá öðrum þjóðum og því er borið saman mynstur fremur en tíðni þegar skoðað er algengi sjálfsvíga. Sérlega mikilvægt er að taka tillit til þessa þegar bera á saman tölur á Íslandi við tölur fjölmennari ríkja, þar sem tíðnin sveiflast meira hérlendis vegna fámennis (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1992). Þegar skoðuð er tíðni hjá Íslendingum um algengi sjálfsvíga er það ákveðnum vandkvæðum háð. Líkast til hefur skráningum, sérstaklega á sjálfsvígstilraunum, verið ábótavant og því æskilegt að við miðum algengi út frá nágrannaþjóðum okkar (Nefnd á vegum Alþingis,...1996). Skráningar sem til eru benda til að af Norðurlöndunum höfðu Ísland og Noregur svipaða tíðni sjálfsvíga á síðustu öld, eða 10 til 13 á hverja 100.000 íbúa. Þessi tíðni er litlu lægri en í Danmörku og Svíþjóð en Finnland ber hæsta tíðni þjóðanna (Páll

Sigurðsson og Guðrún Jónsdóttir, 1985). Svo virðist sem staðan hafi lítið breyst hvað varðar niðurstöður um hæstu og lægstu tíðni milli Norðurlandanna og árið 2008 er fjöldi þeirra sem tóku eigið líf á Íslandi, 16,5 karlmenn og 7 konur á hverja 100.000 íbúa (WHO, 2011).

Niðurstöður rannsókna víða um heiminn hafa gefið vísbendingar um að sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir komi oft fram á ákveðnum svæðum yfir stuttan tíma og mælist þá með hærri tíðni. Sjálfsvígsbylgja rís og hnígur sé mælt á lengri tíma og því betra að skoða sveiflur en tilvik (Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2002). Wilhelm Norðfjörð (2001) rannsakaði sjálfsvíg á Austfjörðum á tímabilinu 1984 til 1991 og gerði samanburð við höfuðborgarsvæðið. Út frá þeim samanburði mátti sjá að á Austfjörðum var sjálfsvígsbylgja sem gekk yfir á fáum árum og leit út fyrir að þar væri um smitsjúkdóm að ræða. Styrkir það kenninguna um að bera frekar saman mynstur sjálfsvíga en tíðni. Tölfræðileg greining sem unnin var af Þóroddi Bjarnasyni og Þórólfi Þórlindssyni um hversu mörg sjálfsvíg eru á ári yfir lengri tímabil gefur til kynna að sveiflur ráðist af ákveðnu mynstri sem hægt er að lesa, en ástæða þess er ókunn og ekki annað að sjá en að um tilviljanir sé að ræða (Nefnd á vegum Alþingis..., 1996). Þannig er betra að taka meðaltal yfir nokkura ára skeið og bera saman til að finna tíðnina. Með þeirri aðferð má gera ráð fyrir 12,8 sjálfsvígum á hverja 100.000 íbúa. Þýðir það að þrír til fjórir einstaklingar taka líf sitt í hverjum mánuði á Íslandi (Landlæknir, 2007).

Talið er að á unglinsárunum séu flestar tilraunir gerðar til sjálfsvígs en fæstar tilraunir nái fram að ganga. Á árunum 2001 til 2003 voru skráð um 20 sjálfsvíg á hverja 100.000 stráka og 8 á hverjar 100.000 stelpur á aldrinum 15 til 19 ára í Noregi. Þar reis sjálfsmorðstíðnin meðal ungs fólks í kringum 1990 hátt og fer lítillega lækkandi í dag (Hegen, 2007). Það sama á við um Ísland. Evrópski stuttlistinn sem heldur utan um tölfræði látinna eftir dánarorsök, kyni og aldri, sýnir að ákveðinn toppur var í kringum 1990 eins og í Noregi, þar sem mörg ungmenni féllu fyrir eigin hendi. Einnig má sjá að tíðni sjálfsvíga hefur farið niður á við síðan. Opinberar tölur frá Hagstofu Íslands segja til um fjölda skráðra sjálfsvíga. Á fimm ára tímabili frá 2005 til 2009 tóku níu ungir menn, 17 til 20 ára, líf sitt en engin kona. Fimm árin þar á undan, eða frá 2000 til 2004, voru það 18 ungir menn, 17 til 20 ára, sem tóku líf sitt en engin kona (Hagstofan, e.d-a).

Listinn telur 55 andlát þar sem einstaklingar undir 18 ára aldri frömdu sjálfsvíg (Hagstofan, e.d.-b). Hér er um að ræða börn þó svo að fram til 1998 hafi aldurinn verið miðaður við 16 ár

(Lögræðislög nr. 71/1997; Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1992). Drengirnir voru orðnir 48 og stúlkurnar 7 á þeim 29 árum sem tölfræðin heldur utan um, 1981 til 2009 (Hagstofan, e.d.-b). Varasamt þykir samt að álykta út frá tölfræði Hagstofunnar um betra ástand, betur færi á að halda vöku og meðvitund gagnvart sveiflum í tíðni milli skilgreindra tímabila.

Sjálfsvígstilraun

Sjálfsvígstilraun getur verið skilgreind sem „*Hvers konar atferli sem einstaklingur hefur í frammi til að skaða sjálfan sig, óháð því hversu viljinn til að deyja er sterkur hjá viðkomandi*“ (Jóhanna M. Sigurjónsdóttir, Nanna Briem, Guðrún Jónsdóttir, Sigurður P. Pálsson og Hannes Pétursson, 1993). Þegar Google er beðin um að skilgreina sjálfsvígstilraun sækir leitarvélin skilgreiningu sína í læknisfræðilega orðabók þar sem segir „*Sjálfsvígstilraun er alvarleg atлага til sjálfsvígs sem felur í sér raunverulega hættu. Afleiðingar velta á aðstæðum að öllu leyti og eru á engan hátt undir stjórn einstaklingsins*“ (medical-dictionary, e.d).

Þátttakendur í rannsókn þessari voru einnig beðnir um að skilgreina sjálfsvígstilraun og fékk höfundur þá fleiri skilgreiningar sem allar eiga rétt á sér og vikið verður að í niðurstöðum. Fræðimenn hafa sýnt viðleitni til þess að skilja betur það ferli sem á sér stað þegar fólk gerir tilraun til sjálfsvígs. Orsakirnar eru flóknar og erfitt getur reynst að spá fyrir um þær en oft má þó greina undanfara að sjálfsvígi sem ákveðið sjálfsvígsferli. Félagsleg eða sálræn vanlíðan sem leiðir til sjálfsvígshugleiðinga er fyrsta merkið um að ferlið sé hafið og leiðir til tilraunar sem að lokum endar á sjálfsvígi sé á engan hátt gripið til aðgerða (Wagman, 1987).

Mun fleiri konur gera tilraunir til sjálfsvígs en karlar, hins vegar tekst körlum töluvert oftar að fyrirfara sér en konum. Sjálfsvígstilraunir á meðal unglunga og barna eiga sér bæði mjög margþættar skýringar og eru einnig mjög mismunandi hvað alvarleika varðar (Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2002; Hege, 2007). Tilraunin getur verið byggð á aðferðum sem eru allt frá því að ekki séu notuð nein efni eða áhöld sem valdið geta dauða að því að lífshættuleg efni og áhöld séu notuð (Hege, 2007). Einnig getur tilfinningalegur bakgrunnur sjálfsvígstilraunar verið allt frá því að viðkomandi sé ekki með neina dauðaósk, að því að vera með mjög sterkan vilja og ósk um að deyja. Þannig má ef til vill horfa á tilraunir til sjálfsvígs meðal barna og unglunga frekar sem tákmynd þess að þeim líði verulega illa fremur en að um sé að ræða mislukkaða sjálfsvígstilraun (Klonsky og Muehlenkamp, 2007; Stivers, 1987).

Unglingar á gelgjuskeiði hafa í mörgum tilfellum ekki huglæga getu til að greina endanleika þess að taka líf sitt og skilja ekki afleiðingarnar (Cain, 2002). Engu að síður skal líta til þess að sjálfsvígstílaunir hafa visst spádómsgildi. Þeir sem fremja sjálfsvíg eiga oftast en ekki fyrri tílaunir að baki og alvarlegri en þeir sem lifa af sjálfsvígstílaun og reyna ekki aftur (Hege, 2007; Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2002). Rétt tæplega einn af hverjum 100 sem komu á bráðamótöku geðdeildar LSH við Hringbraut á tveggja ára tímabili milli 1983 og 1985 var látinn innan árs og 3,8% höfðu tekið líf sitt sex árum síðar (Sigurður P. Pálsson, Guðrún Jónsdóttir og Hannes Pétursson, 1991). Einnig hafa rannsóknir greint frá því að fólk með fyrri sögu um sjálfsvígstílaunir hafi tekið líf sitt allt að 15 árum síðar. Hins vegar er ljóst að langstærstur hluti þess hóps sem reynir sjálfsvíg, og tekst ekki, mun ekki reyna aftur. Það ber þó að hafa hugfast að þeir eru margfalt líklegri til að reyna aftur en sá sem enga tílaun hefur gert (Jóhana M. Sigurjónsdóttir o.fl. 1993; Wilhelm Norðfjörð, 2001; Hege, 2007; Þóroddur Bjarnason, o.fl, 2002).

Fjórir læknar gerðu rannsókn á innlögnum vegna alvarlegra sjálfsvígstílauna á gjörgæsludeildir LSH á árunum 2000-2004. Niðurstöður voru að 251 innlögn 224 einstaklinga voru vegna sjálfsvígstílauna á tímabilinu, eða 4% allra innlagna. Höfðu 61% þeirra áður gert tílaun til að taka líf sitt og fengu í kjölfar innlagnar eftirfylgd innan geðheilbrigðiskerfisins. Á þriggja til sjö ára eftirfyldartímabili lögðust 10% fólksins aftur inn vegna endurtekinnna sjálfsvígstílauna og dó 21 einstaklingur, 17 þeirra fyrir eigin hendi og tveir þar sem óvíst var um hvort slys eða sjálfsvíg var að ræða. Að minnsta kosti 17 börn voru í hópi þessara 224 einstaklinga og yngstu einstaklingarnir 13 ára (Kristinn Örn Sverrisson, Sigurður Páll Pálsson, Kristinn Sigvaldason og Sigurbergur Kárason, 2010). Rannsókn læknanna tekur yfir fimm ára tímabil. Þegar þessi tilvik eru sett í samhengi með þeim 55 börnum sem tóku líf sitt á tímabilinu 1981 til 2009 sést að vandinn er risavaxinn.

Sjálfskaði

Sjálfskaðandi hegðun barna og unglunga hefur tengingar við sjálfsvígshagðun. Sjálfskaði getur verið eitrun eða áverkar sem eru sjálfskapaðir og óháðir tilgangi verknaðarins. Sjálfskaði er ekki veikindi í sjálfu sér heldur brýst vansæld eða persónuleg kvöl út sem þörf til að skaða sjálfan sig og getur það birst í mörgum ólíkum aðferðum. Það er ekki endilega dauðaósk sem knýr fólk til sjálfskaða heldur getur ástæðan verið yfirfærsla á sársauka í

sálinni til líkamlegrar þjáningar (National Institute for Clinical Excellence [NICE], 2004; Whitlock, 2010).

Reiði í garð sjálfs sín eða annarra, spennulosun og innri átök geta einnig skapað sjálfsskaðandi hegðun. Sadock og Sadock (2007) segja dauðaósk oft fylgja með sjálfsskaða, sér í lagi hjá þeim sem skeri húð sína. Flestir sem skera sig eru með persónuleikaraskanir eins og átröskun, stundum jaðarpersónuleika (e. *borderline personality disorder*), og eiga sögu um fyrri sjálfsvígstilraunir, misnotkun áfengis eða annarra vímuefna.

Tengingin við persónuleikaraskanir er sterk þar sem fólk berst við neikvæðar tilfinningar sprotnar af sama meiði. Sjálfsskaðandi hegðun byrjar yfirleitt á unglingsárunum, milli 12 og 15 ára aldurs. Þó eru dæmi þess að börn allt niður í sjö ára hafi skaðað sjálf sig. Ómeðhöndluð sjálfsskaðandi hegðun getur leitt til sjálfsvígstilrauna og sjálfsvíga. Flestar rannsóknir benda til að sjálfsskaði sé notaður til að koma í veg fyrir sjálfsvíg og lítur út sem sambandið á milli sjálfsskaðandi hegðunar með sjálfsvígshugsunum og án sjálfsvígshugsana sé mjög óskýrt (Whitlock, 2010; Klonsky og Muehlenkamp, 2007). Oft er það þunn lína sem skilur á milli sjálfsvígstilrauna og sjálfsskaðandi hegðunar að mati þeirra sem vinna með börn og unglunga. Þátttakendur í rannsókninni gerðu rannsakanda grein fyrir sínum skilningi og verður nánar fjallað um hann í niðurstöðukafla ritgerðarinnar.

Áhættuþættir

Hvenær á að byrja að greina áhættuþætti hjá börnum gagnvart sjálfsvígum og sjálfsvígshegðun? Algengustu áhættuþættir fyrir sjálfsvígum og tilraunum til sjálfsvíga má rekja til áfengis- og fíkniefnamisnotkunnar (Borowsky, Ireland, og Resnick, 2001) en sé tillit tekið til fleiri undirliggjandi geðgreininga saman með fíkninni eru það kvíðaraskanir og þunglyndi sem skapa afgerandi mesta áhættu (Kristinn Örn Sverrisson, Sigurður Páll Pálsson, Kristinn Sigvaldason og Sigurbergur Kárason, 2010; Beautrais, 2000).

Annette L. Beautrais (2000) gerði yfirlitsrannsókn þar sem hún skoðaði gögn úr málum ungs fólks sem hafði tekið líf sitt eða gert tilraun til þess. Hún greindi ákveðna áhættuþætti sem hún taldi vera til staðar. Þættirnir voru líffræðilegir og genatískir en líka félagslegir og lýðfræðilegir. Fjölskyldueinkenni og uppeldisreynsla einstaklinganna voru metin og þeir þættir skoðaðir sem skýrt gátu persónueinkenni og hugrænan stíl þeirra. Allir þessir þættir voru teknir saman og skoðaðir í ljósi umhverfis og sálrænna þátta sem leiddu til sjálfsvígs eða

sjálfsvígstíraunar. Niðurstöður rannsóknar Annette benda til að ungt fólk sem kemur frá lágstéttarfólki og neðri mörkum millistétta þar sem fátækt er viðvarandi, slakur árangur og brottfall úr skóla ásamt vímuefnaneyslu séu stórir áhættuhópar (Beautrais, 2000; Borowsky, Ireland, og Resnick, 2001). Skilnaður foreldra er einnig áhættuþáttur eins og fjölskyldusaga þar sem finna má geðsjúkdóma, sjálfsvígstíraunir og eða sjálfsvíg. Kynferðislegt ofbeldi og vanræksla í æsku getur leitt til áhættuhegðunar sem endað gæti í sjálfsvígshægðun. Áhættuhegðun er að mestu bundin við neyslu sem má rekja til tilfinningalegra raskana og andfélagslegrar hegðunar (Bridge, Geldstein, og Brent, 2006; Cerel og Roberts, 2005; Beautrais, 2000).

Sadock og Sadock (2007) segja orsakir sjálfsvíga vera flókið samspil margra þátta af sálrænum, félagslegum og líffræðilegum toga þar sem getur verið snúið að greina áhættuþættina. Vinir og aðstandendur eiga erfitt með að ganga fram, og taka jafnvel meðvitaða afstöðu um að blanda sér ekki í mál einstaklingsins þegar áhættuhegðunar hefur orðið vart. Einnig getur verið um ómeðvitaða ákvörðun að ræða sem byggir á von um að þetta sé bara tímabundið ástand sem muni lagast án aðstoðar.

Fjölskyldu og sálfélagslegar aðstæður geta verið stór áhættuþáttur í lífi barna og unglínga og hafa undanfarin misseri beinst sérstaklega að eineltismálum. Þau alast upp við misgóðar aðstæður þar sem andlegt og líkamlegt ofbeldi, sem og vanræksla getur verið áhættuþáttur í daglegu amstri þeirra. Mikil einvera barnanna þar sem foreldrar eru löngum stundum fjarverandi, getur haft áhrif á líðan barnsins og aukið líkur á áhættuhegðun þess (Cerel og Roberts, 2005). Enn fremur geta óraunhæfar kröfur um afrek á sviði mennta og íþróttavaldið því að barnið fer í ákveðna uppreisn, og áhættuhegðun kemur fram hjá barninu eða unglíngnum. Miklar skapsveiflur unglínga geta verið merki um vanlíðan, sérstaklega ef það er pírringur og reiði. Þunglyndi og einangrun geta fylgt í kjölfar skapgerðabreytinga og depurð getur brotist út í svefnleysi, lystarleysi og hugleiðingum um dauðann (Wagman, 1987).

Líðan í skóla hefur jafnan áhrif á börn og geta þau sveiflast fljótt milli gleði og leiða. Skólafélagar geta markað spor í sálina hvort heldur sem þeir viðurkenna einstaklinginn eins og hann er eða hafna honum og hunsu. Sá sem verður fyrir höfnun og á erfitt uppdráttar meðal jafningja getur fallið í áhættuhóp eineltis sem getur haft alvarleg áhrif. Hvatvísi og bráðlyndi ber einnig að gæta vel að og taka alvarlega sem áhættuþátt (Bridge, Goldstein, og Brent, 2006). Unglingur sem kynnist ástinni og kynhneigð sinni á grunnskólaaldri heldur

iðulega að lífsförunauturinn sé fundinn. Við sambandsslit getur ástarsorg blossað upp hjá þeim sem hafnað er. Þá ber að hafa varann á eins og við aðrar aðstæður þar sem sorg ríkir og sýna umhyggju, því sorg getur komið af stað ferli sem endar með sjálfsvígi eða tilraun til þess (Hege, 2007; Saddock og Sadock, 2007).

Líðan barna í grunnskóla getur gefið vísbendingar um hvort barn muni finna sig í framhaldsskóla eða flosna upp og leita eftir vinnu. Hægt er að leiða að því líkum að ungt fólk sem lendir utanveltu í námi sé í meiri áhættuhópi fyrir sjálfsvígum en þeir sem fara í einhvers konar framhaldsnám. Meðal ungs fólks utan skóla er meira um áhættuhegðun á borð við neyslu, einnig er meira um að ungt fólk utan skóla og menntunnar sé að finna á atvinnuleysissskrá eða í láglauastörfum (Ægir Örn Sigurgeirsson og Hervör Alma Árnadóttir, 2010; Borowsky, Ireland, og Resnick, 2001). Síðan 1992 hafa umfangsmiklar rannsóknir verið gerðar á líðan ungmenna í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Rannsóknirnar hafa varpað ljósi á tíðni sjálfsvígstilrauna á meðal skólabarna auk þess sem einkenni þeirra sem eru í áhættuhópi hafa verið skoðuð. Samkvæmt rannsókn sem annars vegar var gerð 1992 og hins vegar árið 2000 á líðan skólabarna kom fram að það varð aukning á sjálfsvígstilraunum meðal barna í efstu tveimur bekkjum grunnskóla og fyrstu bekkjum framhaldsskóla milli þessara tímabila. Enn fremur mátti lesa úr niðurstöðum þessara rannsókna að hjá nemendum í efri bekkjum í framhaldsskóla fækkar tilraunum til sjálfsvígs. Í fyrrnefndum rannsóknum kom í ljós að fækkun tilrauna mátti rekja til brottfalls úr námi fremur en annarra ástæðna (Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2002).

Börn á yngri stigum grunnskólans sýna alla jafna ekki áhættuþætti tengda neyslu en þó má byrja að greina aðra þætti sem geta haft forspárgildi fyrir hegðun viðkomandi á eldra stigi grunnskóla eða í framhaldsskóla. Skimun fyrir sameiginlegum áhættuþáttum í fari barna sem byggir á fyrri reynslu af börnum með sjálfsvígshegðun er valkostur sem ætti að líta til. Gæti það átt við um umhverfi og aðstæður sem barnið elst upp í, stöðu foreldra, vinnuhópa, fjölskyldusögu, geðgreiningar og skólahæfni (Beautrais, o.fl. 2007). Hafnfirskir grunnskólar nota SMT- skólafærni, til að taka á hegðunarvanda einstaklinga Starfsfólki skólanna er uppálagt að nota SMT- skólafærni til að geta greint hegðunarraskanir og andfélagslega hegðun (e. *conduct disorder*) hjá börnum í skólanum (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, e.d). Niðurstöður úr langtímarannsóknum hafa gefið tilefni til að ætla að börn með hegðunarraskanir séu 3 til 6 sinnum líklegri til að taka líf sitt á barnsaldri. Auknar líkur eru á

að börnin þrói með sér eiturfjafíkn og fremji sjálfsvíg síðar sem rekja má til neyslunnar og lífstíls þeirra sem oft einkennist af áhættuhegðun. (Bridge, Goldstein, og Brent, 2006). Með því að byrja greiningu á aðstæðum og skapferli barna fyrr væri ef til vill hægt að leggja áhættumat á börnin gagnvart ýmsum þáttum.

Verndandi þættir

Verndandi þættir draga úr líkum á sjálfsvígum og tilraunum til sjálfsvígs. Hjá börnum er mikilvægt að verndandi þættir séu ráðandi þannig að heilir og öruggir einstaklingar stígi fram á fullorðinsárum. Verndandi þættir eru sem dæmi góð foreldratengsl og íþróttaiðkun (Geir Bjarnason, 2010). Einnig má segja að góður vinalingur og skólinn sem uppeldisstofnun séu mikilvægir verndandi þættir (Wagman, 1987). Hjördís Rós Jónsdóttir (2010) gerði rannsókn á sjálfsmýnd unglunga og tengslum hennar við sjálfsvígshættu þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til að sterk sjálfsmýnd hefði fyrirbyggjandi áhrif á sjálfsvígshættu unglunga í framhaldsskólum og að nær alltaf væru foreldrar ómeðvitaðir um sjálfsvígshugsanir barna sinna. Út frá þeirri niðurstöðu sem rannsókn hennar sýndi, að marktæk fylgni var á milli sjálfsvígshugsana og tilrauna til sjálfsvígs, þarf fagfólk og foreldrar að vera á varðbergi og greina áhættuþættina. Einnig verða þau að kunna að bregðast við sé unglingur eða barn í sjálfsvígshættu (Hjördís Rós Jónsdóttir, 2010). Starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva er fagfólk sem kemur mikið að uppeldi barna gegnum skólustarf. Má gera ráð fyrir að það sé í kjörstöðu til að fylgjast með og meta hvort áhættuþættir séu til staðar. Út frá þeirri forsendu væri æskilegt að skólustarfsfólk fengi kennslu í að meta áhættuþættina til að mæta þeim á faglegum grunni (Christianson og Everall, 2008).

Heilbrigð sjálfsmýnd er samkvæmt rannsókn Hjördísar sterkur verndandi þáttur fyrir áhættuhegðun barna og er afar mikilvægt að byrja snemma í uppvexti þeirra að móta góða sjálfsmýnd. Þroskaferli barns til unglings og til ungs fullorðins er flókið. Út frá sálfræðilegu sjónarmiði er talið að ekki verði tekist á við meira krefjandi verkefni en að þroska sjálfsmýnd sína á þessu tímasteiði í lífinu. Þroskuð sjálfsmýnd segir til um heildarmýnd einstaklingsins af sjálfum sér, að hann sé nokkuð stöðugur frekar en að láta sífelldar breytingar stjórna sér. Breytingar á gelgjuskeiðinu koma róti á sjálfsmýndina sem getur valdið óöryggi. Óöryggið veldur því að þörfin fyrir að samsama sig hópi verður ríkari og hann leitast við að líkjast hópnum. Á þessum tímamarki fer fjölskyldan að skipta minna máli og vinirnir verða helstu áhrifavalda barnsins. Í hópum unglunga myndast svo norm og gildi sem hver og einn verður

að halda og eru frávik frá meginstraumum hópsins litin hornauga. Normin varða útlit og eru á stundum háð staðalmynd kynjanna, þannig hafa rannsóknir sýnt að unglingum er útlit oftar ofar í huga en félagslegir þættir og vitsmunalegir burðir (Aldís Guðmundsdóttir og Jörgen Pind, 1988).

Sjálfsmyndin er í raun sú hugmynd sem einstaklingurinn hefur um sjálfan sig, hugmynd sem hefur áhrif á málfar, huga og hegðun einstaklingsins. Líkamlegir, félagslegir og vitsmunalegir þættir eru samsetning sjálfsmyndarinnar en stundum hefur fjórða þættinum verið bætt við sem hefur að gera með sjálfsvirðingu (Hjördís Rós Jónsdóttir, 2010). Sálfræðirannsóknir hafa gefið vísbendingar um að umhverfi hafi mikil áhrif á mótun tilfinninga og persónuleika, jafnt sem bernskureynslan. Grunnurinn að þroskun sjálfsmyndarinnar er lagður á bernskuskeiðinu og skiptir þá miklu máli hvernig tilfinningatengslum við annað fólk er háttað og hvernig foreldrar móta börn sín. Foreldrar móta börn sín meira en nokkuð annað og eru fyrirmyndir í þeim nánu tengslum sem yfirleitt myndast. Sjálfsmynd einstaklingsins, barnsins, hefur mest áhrif á hvernig það nýtur sín í samfélagi sínu og lífinu almennt (Aldís Guðmundsdóttir og Jörgen Pind, 1988). Metnaður stjórnast af sjálfsmyndinni, námsgetunni og atorkuseminni ásamt samskiptum við aðra er líka stjórnað þaðan. Siðferði er fléttað saman við sjálfsmynd og eftir því sem fram vindur í þroska fær barnið sterkari hugmyndir um hvað telst rétt og rangt og hvernig samúð og ábyrgðartilfinningar vakna gagnvart náunganum (Newman og Grauerholz, 2002).

Út frá fyrrgreindu má ætla að á bernskuskeiði barna hafi foreldrar mest áhrif á börnin sín en missa áhrifin að einhverju leyti til jafningja barna sinna á unglingsárunum. Skólinn er viðvarandi í lífi barnsins í um tíu ár og tekur virkan þátt í uppeldi barnsins. Áhrifa frá skólagöngu barna gætir líklega í ríkum mæli þegar litið er til sjálfsmyndar ungs fólks.

Í brotnum fjölskyldum og þar sem félagslega erfiðar aðstæður er að finna skapast meiri hætta á laskaðri sjálfsmynd. Börn sem njóta lítilla samskipta við foreldra eða aðra innan fjölskyldunnar eru líklegri til að upplifa vanlíðan og neyta vímuefna. Þau leita sér í lagi til jafningja og því verður félagsskapurinn líklegri til að falla undir frávikshegðun. Aðhald og stuðningur frá foreldrum skilar barninu meiri aga og betri árangri í skóla sem og lífinu almennt. Einnig verður líðanin betri þannig að sálræn og félagsleg vandamál verða síður líkleg til að hrjá barn í góðum foreldratengslum (Geir Bjarnason, 2010).

John Bolwby kom fram með móðurafrækslukeninguna um miðja tuttugustu öldina sem á við um samband móður og barns sem er rofið og barnið nýtur ekki umönnunar frá móður eða móðurstaðgengli. Bolwby staðhæfði að barni væri nauðsynlegt að hafa virkt og náíð samband við móður sína á fyrstu æviárum sínum. Hann taldi nánast ekkert réttlæta fjarveru móður frá barni á þessu lífskeiði því sálarheill þess væri í hættu og í uppeldinu gæti persónuleiki barnsins skaðast varanlega. Síðar hefur komið í ljós að rannsóknir hans voru sumar stórgallaðar. Kenningar hans hrundu af stað mörgum rannsóknum sem hafa gefið niðurstöður um að feður eru ekki síður mikilvægir. Enn fremur að aðrir geta sinnt barninu og gengist í hlutverk umönnunaraðila eða foreldra með alúð, umhyggju og kærleika (Aldís Guðmundsdóttir og Jörgen Pind, 1988). Nýleg rannsókn frá Rannsóknir og greining um líðan barna í 5., 6. og 7. bekkjum grunnskóla gefur til kynna að börn njóti lítilla samvista við foreldra. Börn sem eru aldrei með foreldrum sínum eftir skóla eru um 30 til 35% af hlufalli svarenda en úrtakið nær til allra skólabarna á landinu. Þar segir einnig að 8 til 9% barna er aldrei með foreldrum um helgar og um það bil 60% barnanna eru ein heima að loknum skóladegi (Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2011).

Stuðningur og víska um að einhver sé til staðar getur skipt sköpum fyrir vellíðan barna og unglunga. Að fá hrós eða hvatningu til að gera betur með jákvæðri gagnrýni veitir fólki sjálfstraust og ánægju. Börn sem alast upp við skort á hvatningu og hrósi frá foreldrum þurfa því að finna jákvæðni og stuðning frá einhverjum sem hugsanlega getur komið í stað foreldranna á einhvern hátt. Sjálfsvirðingu barna verður að hlúa sérstaklega vel að því án sjálfsvirðingar er barnið opið fyrir áhættuþáttum sem snúa að félagslegum og sálrænum erfiðleikum, sem og námserfiðleikum.

Sálfræðingurinn Martin Brokenleg er kominn af frumbyggjum Norður Ameríku. Kenning hans er unnin úr fortíðarsögu Indjana og fjallar um hvernig ættflokkar þeirra hafa flutt þekkingu um góð gildi með sér gegnum aldirnar. Brokenleg segir að hvert barn þurfi að hafa fjórar grunnstoðir til að skapa sjálfsvirðingu (e. *self-esteem*). Það er að barnið hafi þýðingu (e. *significance*), hæfni (e. *competence*), mátt (e. *power*) og dygð (e. *virtue*). Frá þessum grunnstoðum er skapað módel, „*Circle of courage*“ sem útleggst sem hópur hinna hugrökku. Sé módelinu fylgt á það að geta komið barni í áhættuhegðun á rétta braut eða hafa fyrirbyggjandi áhrif. Forvarnirnar felast í uppeldi barnsins, hjá því fólki sem finna má í

umhverfi þess. Barnið verður að finna að það tilheyrir (e. *belonging*) hópnum, fjölskyldunni eða því umhverfi sem það starfar í. Ásamt því að tilheyra og fá þannig líffræðilegum og sálrænum þörfum sínum fullnægt þarf barnið að finna fyrir hæfni (e. *mastery*) innan umhverfis síns. Þegar barnið finnur til hæfni gegnum verðug verkefni verður það öruggt og líður vel. Sjálfstæði (e. *independence*) barna er mikilvægt og með því að valdefla og finna barninu hlutverk innan samfélagsins verður barnið sjálfstætt. Þannig lærir það að framtíð þess er sköpuð af því sjálfu, að það hafi sjálft vald yfir hegðun sinni og áhrif á umhverfi sitt. Síðast er göfuglyndi (e. *generosity*), að deila með sér án eftirsjár og færa þeim sem þurfa á að halda innan samfélagsins án þess að krefjast einhvers til baka. Það er hin mesta dygð (Brento, Brokenleg og Bockem, 1991).

Hjá ættflokkum frumbyggja þarf ekki að hrósa og verðlauna fyrir æskilega hegðun, umbunin felst í að vera til gagns fyrir samfélagið og standa fyrir góðum gildum. Karl Menninger telur að samfélag manna sé uppfyllt af börnum sem í örvæntingu reyna að fylgja eða sækjast eftir einhverjum staðgenglum sem geta fyllt upp í það tómarúm sem fjölskyldutengsl, grenndarsamfélagið og skólinn skilur eftir. Getan til að fylla það er ekki lengur til staðar (Brento, Brokenleg og Bockem, 1991).

Í köflunum hér á undan hefur verið farið vítt yfir efni ritgerðarinnar og reynt að þrengja það eftir því sem á lesturinn líður. Áhættuþættir og verndandi þættir hafa verið til umræðu og verður umræðan á engan hátt tæmandi hér. Ef til vill litast hún af hugðarefnum rannsakanda þó reynt sé að koma markvisst í veg fyrir slíkt. Líklega er þó hægt að segja, hlutlaust, að skóli tengist á sama tíma stærstu áhættu og verndandi þáttum í lífi hvers barns. Grunnskólinn tekur að jafnaði tíu ár og má segja að þar sé vinnustaður barnsins. Mótun einstaklingsins fer þannig fram á heimili og í skóla barna. Í fræðilegri umfjöllun um áhrif sjálfsvíga á umhverfið er farið yfir skólann og hlutverk hans í forvörnum og uppeldi svo að draga megi úr tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstílauna barna og unglínga.

Fræðileg umfjöllun um áhrif sjálfsvíga

Áhrif sjálfsvíga á nánasta umhverfi

Þegar barn fremur sjálfsvíg og greina skal áhrif sjálfsvígs á þá sem standa barninu næst er mikilvægt að tengja líf barnsins við umhverfið. Rannsóknir um eftirlifendur sjálfsvíga hafa bent til að allt frá 6 til 28 einstaklingar séu að baki hverjum einstakling sem tekur líf sitt, þar með talin fjölskylda, skólastarfsfólk og bekkjarfélagar sem eiga um sárt að binda (Knieper, 1999). Viðbrögð við áfalli af völdum sjálfsvígs eru á margan hátt ólík þeim viðbrögðum sem koma fram við náttúrulegan dauðdaga. Sorgin og tilfinningakreppan í kjölfar sjálfsvígs kallar fram spurningar um af hverju og hvað hefði verið hægt að gera. Sé ekki unnið með tilfinningar eftirlifenda er hætt við að hugsanir og spurningar tengdar sjálfsvígínu verði þrálátar og leiði jafnvel til alvarlegra kvilla hjá þeim síðar (Bailey, Kral og Dunham, 1999).

Samkvæmt vistfræðimódeli (e. *ecology model*) Urie Bronfenbrenner lifir hver einstaklingur innan fjögurra þátta kerfis sem áhrif hefur á líf hans og þroska. Míkró sem samanstendur af foreldrum, systkinum, nágrönnum og skólanum og hverfinu sé einstaklingurinn á skólaaldri. Þá er það mesó kerfið sem samanstendur af nánasta samfélagi einstaklingsins, til að mynda bæjarfélaginu eða stærri hverfaskiptingu. Þá exo kerfið sem telur vinnustað foreldra og opinberar stofnanir bæjarins eins og skólaskrifstofu. Síðast er makró kerfið sem er byggt upp á hefðum, gildum og menningunni í samfélaginu (Witt, e.d). Áfall getur haft alvarlegar afleiðingar langt út fyrir þann ramma sem stendur ungmenninu næst en í ritgerðinni verður litið til míkró, mesó og exo kerfanna.

Fjölskylda hins látna og vinir geta átt í miklum sálrænum erfiðleikum í marga mánuði, jafnvel í ár eftir sjálfsvígíð. Tilfinningar eins og reiði, sjálfsásökun, höfnun og sekt brjótast um og hefur því verið haldið fram að fjölskyldur mæti ekki erfiðari aðstæðum í lífi sínu en ástvinamissi af völdum sjálfsvígs (Worden, 2009). Rannsóknir hafa sýnt að ef hinn látni átti systkini hefur það jafnan meiri áhrif á yngri en eldri systkini. Líkum er að því leitt að yngra systkini taki á sig byrðar í heimilislífinu þegar foreldrar reyna að takast á við liðinn atburð. Eldra systkini á auðveldara með að fara út úr aðstæðunum sem sorgin hefur skapað heima fyrir og leita annað með tilfinningar sínar. Mæður eiga alla jafna erfiðara með að takast á við áfallið en feður og ef til vill er skýringa að leita í því að karlmenn er lokaðri fyrir að ræða tilfinningalega atburði með vinum eða óskyldum. Rannsóknir sýna að allt að þremur árum

eftir sjálfsvíg einstaklings á óskyldur vinahópur jafnvel erfiðara með að lifa með atburðinum en kjarnafjölskylda hans (Brent, Moritz, Bridge, Perper og Canobbio, 1996).

Þetta gefur vísbendingar um að minna sé unnið úr áfallinu með þeim sem standa utar í félagslegum hring hins látna, eins og skólafélagar og starfsfólk skólans sem hann gekk í. Ekki má gera lítið úr sorg og söknuð systkina og foreldra því hugsanlegt er að unnið hafi verið úr áfallinu með fjölskyldunni á árangursríkan hátt og sorgarviðbrögðin farin að einkennast af því að fjölskyldan ná að lifa með atburðinum. Skýrir það ef til vill af hverju systkini finna minna til ítretaðra þunglyndiseinkenna og depurðar en óskyldir vinir gera mánuðum eftir sjálfsvígð (Brent o.fl. 1996). Ástæða þess að minna er unnið með áfallið hjá óskyldum aðilum getur verið að börn eru oft að upplagi þannig, að þau geta gleymt sér við leik án þess að mikið sjáist á þeim hvernig líðanin er. Sorgin getur svo skyndilega blossað upp þannig að þau loka sig jafnvel af án þess að því sé veitt sérstök athygli (Kirk, 1997).

Mikilvægt er að muna að börn hafa ekki síður þörf fyrir að syrgja eins og hinir fullorðnu. Eftirlifendur þeirra sem taka líf sitt bera með sér spurningar sem ekki kvikna við annar skonar andlát, eins og af hverju gerði viðkomandi þetta. Þrálátar hugsanir um ástæður og endurvakning í huganum á liðnum atburðum getur í vissum tilfellum kallað fram áfallastreitu. Einnig getur sjálfsásökunin, depurðin og skömmin sem eftirlifendur bera, orsakað félagslega einangrun þar sem eftirlifendur draga sig úr vinahópum og hætta að hafa samskipti við fólk vegna ótta við stimplun frá samfélaginu (Sakinofsky, 2007). Í grunnskólum Hafnarfjarðar er markviss aðgerð sem fer af stað þegar áföll verða innan skólanna. Rýnt verður í aðgerðaáætlun skólanna í niðurstöðukaflanum um áfallavinnu og forvarnir.

Hlutverk skólanna

Skiptar skoðanir eru í samfélaginu um hve stóru hlutverki grunnskólinn á að gegna í uppeldi barna. Sumir segja skólann eiga að taka fullan þátt meðan aðrir segjast vera á móti forræðishyggju og vilja að foreldrar sjái alfarið um uppeldismálin, skólinn þurfi ekki að koma þar nærri. Markmið Grunnskólalaga nr. 91/2008 kveða á um hlutverk skólanna í samvinnu við heimilin. Það er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi. Umburðarlyndi, kærleikur, kristin arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, ábyrgð, umhyggja, sáttfýsi og virðing fyrir manngildi eru þar talin upp sem gildi. Enn fremur er grunnskólum gert að haga störfum sínum í samræmi við stöðu og þarfir nemenda hvað varðar velferð og menntun þeirra. Lögin segja einnig skýrt að skólar skuli koma að uppeldi

barna. Aðalnámsskrá sem fjallað er um í 24. gr. laganna kveður meðal annars á um uppeldishlutverk grunnskólans. Segir í lögnum að aðalnámsskrá skuli leggja áherslu á:

- a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur.*
- b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi,*
- c. þjálfun í íslensku í öllu námi,*
- d. leikræna og listræna tjáningu,*
- e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,*
- f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám,*
- g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,*
- h. leik barna sem náms- og þroskaleið,*
- i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf,*
- j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,*
- k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,*
- l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.*

(Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Upptalningin hér að ofan gefur fögur fyrirheit um bjarta framtíð barna, sé áhersluatriðum og markmiðum fylgt. Aðalnámsskrá grunnskólanna tekur fyrir tengsl heimilia og skóla í 14. kafla. Segir þar að ábyrgð á uppeldi barna sé hjá foreldrum en að skólinn eigi að bjóða upp á tækifæri til menntunnar og að aðstoða foreldra í uppeldishlutverki sínu. Menntun og velferð nemenda sé því sameiginlegt verkefni skóla og foreldra og þurfi að byggja á sameiginlegum ákvörðunum, byggðum á trausti og virðingu. Einnig skulu foreldrar barns eiga þess kost að vera þátttakendur í skólastarfinu og í námi barnsins. Þannig eiga foreldrar að bera ábyrgð á að barnið sinni heimanámi sínu og gæta þess að frístundastarf komi ekki niður á námi barnanna. Loks má geta þess að lagt er upp úr mikilvægi þess að skapa samstarf milli heimila og skóla í heild til að mynda um viðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag og áhersluatriði í skólafélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Af þessu stutta ágripi má ljóst vera að velferð og menntun barna skal fylgjast að og varla hægt að ætla öðru hvoru umfram annað. Skólinn er mikilvægur fasti í samfélaginu sem getur, og á að hafa áhrif á börn. Þar má miðla félagslegri hegðun og hvata til vináttu jafnt til foreldra og jafningja innan skóla og utan hans.

Hlutverk skólanna varðandi forvarnir

Samfélagslegur styrkur sem er skapaður innan skólakerfisins gerir það ólíklega að börn sækji í áhættuhegðun. Samfélagslegan styrk má sækja með því að efla þá verndandi þætti sem fyrir eru frá hendi foreldra, skóla og samfélaginu í heild (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Thorolfur Thorlindsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Roe og Allegrante, 2008). Rannsóknir hafa sýnt að snemmtæk íhlutun og markvissar forvarnir geta hindrað eða dregið úr mannskemmandi þáttum, hvort sem um sjúkdóma af líkamlegum eða andlegum toga er að ræða eða áhættuhegðun. Kostnaðarsamt getur verið að halda úti forvarnavinnu og greiningum á áhættuþáttum í lífi grunnskólabarna en kostnaður fylgir öllum þeim aðgerðum sem þarf að gera á fullorðinsárum einstaklinga hafi aldrei verið gripið inn í, líka þeim sem hefði verið hægt að draga úr með forvörnum í skóla. Bendir margt til þess að sé auknu fjármagni varið í forvarnir sem virka, megi spara stórar fjárhæðir á seinni tímum (Wolf, 2008; Sari, Castro, Newman og Mills, 2008). Einnig má benda á að þeir sem eru í mestri áhættu fyrir brottfalli úr námi síðar á námsárum sínum eða að lokinni skólaskyldu eru þeir sem hafa gengið grunnskólann í vanlíðan og erfiðleikum. Þeir koma jafnvel frá brotnum heimilum þar sem veikindi og vanræksla hefur átt sér stað og eru líklegri til að verða án atvinnu (Ægir Örn Sigurgeirsson og Hervör Alma Árnadóttir, 2010).

Í nýlegri eigindlegri rannsókn þar sem talað var við ungt fólk á aldrinum 17 til 21 árs kemur fram að ekki lítur út fyrir að skortur sé á stuðningsúrræðum fyrir ungt fólk án menntunnar og utan skóla, aðstoð sé að fá í velferðarkerfinu og frá hjálparsamtökum. Hins vegar var lítið um stuðning og forvarnir í skólum þeirra viðmælenda sem rannsóknin náði til. Einnig var aðhald þeirra lítið frá hendi foreldra og skóla. Fram kom að fjöldi brottfallsnema úr framhaldsskóla hefur haldist nánast óbreyttur síðustu 30 ár og mikilvægt að skoða hverju sætir. Líklegt er að með staðgengli fyrir stuðning foreldra megi bæta líðan barna í félagslegum erfiðleikum og þannig minnka að hluta þann hóp sem er í mestri hættu fyrir áhættuhegðun og brottfalli úr skóla (Ægir Örn Sigurgeirsson og Hervör Alma Árnadóttir, 2010). Má gera ráð fyrir af fyrrgreindu að það eigi við um sjálfsvígshæðun barna líka. Einelti og stríðni í skóla geta haft

alvarleg áhrif og brotið börn og unglunga niður, fórnarlömb eineltis ganga jafnvel svo langt að segja æsku sína eyðilagða vegna eineltisins. Finni börn til skuldbindingar við skóla og nám dregur það úr líkum á áhættuhegðun. Börnin verða jákvæðari gagnvart skóla sínum og mynda betri tengsl við vini og félag. Tengsl barna við skólann og líðan þeirra í skólanum eru mikilvægir þættir í mótun sjálfsmyndar og hafa oft mótandi áhrif til framtíðar á hegðun þeirra (Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2011).

Gera má ráð fyrir að með markvissum forvarnaraðgerðum megi koma í veg fyrir einhverja þá atburði sem valda áfalli. Fram kemur í ritgerðinni að karlmenn á aldrinum 15 til 24 ára eru stærsti áhættuhópurinn varðandi sjálfsvíg, þó vissulega séu dæmi um að yngra fólk taki líf sitt. Hlutverk skólans getur verið stórt þegar starfsfólk og nemendur hafa orðið fyrir áfalli. Aðalnámskrá kveður á um að skólanámskrá grunnskólanna eigi að hafa viðbragðsáætlun við áföllum, skólarnir hafa samkvæmt aðalnámskrá svigrúm fyrir útfærslu sína og á hver skóli að gera grein fyrir útfærslu sinni í skólanámskránni samkvæmt lögum og reglum sveitarfélagsins. Grunnskólar skulu enn fremur leggja til forvarnir svo að úr grunnskóla útskrifist nýtur þjóðfélagsþegn (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Áföll, áfallavinna og forvarnir

Er það á valdi grunnskóla að standa vaktina sem stuðningsforeldri eða staðgengill barna sem koma úr erfiðum félaglegum aðstæðum eða eiga við önnur vandkvæði að stríða? Samkvæmt löggjöfinni eiga skólar að stuðla að vellíðan barna, heilbrigði þeirra og að þeim sé veitt sú sérfræðiþjónusta sem börn þurfa á að halda (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*).

Afleiðingar áfalla og áreitis geta birst með ýmsu móti hjá fólki. Langvarandi streituvaldandi álag veldur oft líkamlegum kvillum jafnt sem andlegum og einnig geta skyndileg áföll hrundið af stað ferli sem endar með áfallastreitu. Síðbúin áfallastreita (e. *post-traumatic stress disorder*) PTSD, getur komið fram séu atburðir sem valda barni kvíða eða þunglyndi ómeðhöndlaðir. Áfallastreita getur líka komið fram hjá ungum fullorðnum vegna streituvaldandi atburða í æsku. Slys, hamfarir, vanræksla, einelti, kynferðislegt ofbeldi og sjálfsvíg vinar geta verið dæmi um slíkt. Áætlað er að tveir af hverjum þremur sem greinast með PTSD séu haldnir öðrum geðrænum kvilla samhliða og eru þar algengastar þunglyndisraskanir, fíkniraskanir og kvíðaraskanir (Sadock og Sadock, 2007).

Sænskar rannsóknir hafa tengt saman ADHD og PTSD hjá börnum. Leitt er líkum að því að börn með ADHD séu í mestri hættu gangvart vanrækslu af hendi foreldra og eineltis í skóla. Rannsókn Mogens N. Cristofferson (2011) á ósýnilegri vanrækslu og langtíma félagslegum erfiðleikum leiðir líkum að því að börn sem verða fyrir vanrækslu og ofbeldi á borð við einelti eða félagslega einangrun séu í allt að 40 prósent meiri áhættu fyrir PTSD þegar 25 ára aldri er náð. Einnig leiðir rannsókn hans í ljós að vanræksla og ofbeldi gegn börnum er að mestu hulin barnaverndaryfirvöldum, starfsfólki heilsugæslu og sjúkrahúsa. Þá eru börnin líklegri til að lenda saman við skólafélaga sína og kennara í skólaumhverfinu. Fyrir börn í vanda er félagslegur stuðningur afar mikilvægur, ekki hvað síst þegar barn verður fyrir einelti eða öðru sem getur leitt til kvíða og þunglyndisraskanna. Börn sem glíma við aðstæður vanrækslu og ofbeldis eru líklegri til að fara á mis við félagslegan stuðning fullorðinna í kringum sig.

Börn sem standa höllum fæti félagslega geta ekki náð fullri vellíðan nema fjölskyldan sé í lagi. Valdefling er eitt lykilhugtaka félagsráðgjafans og hefur átt sérstakt erindi við þá sem vinna innan velferðarkerfisins og menntamála og gæti nýst börnum sem eru vegna aðstæðna í áhættuhóp. Hugtakið getur verið erfitt að skilgreina beint en ein skilgreining er að einstaklingar eru hvattir til að vinna að betri lífsgæðum fyrir sig sjálfa. Þannig að þeir hafi meira vald yfir eigin lífi og meira sjálfstæði; það er að vera meiri þátttakendur en þiggjendur. Í því felst að hafa yfir meiri þekkingu að ráða, meiri hæfni, meira vali fyrir sjálfan sig og tækifærum til að þroskast. Til að valdefling virki er nauðsynlegt að notandinn fái stuðning á réttum tíma og hann sé veittur notandanum á hans forsendum (Beresford og Croft 2000).

Einstaklingar þurfa ekki að vera komnir í ógöngur í lífi sínu svo að valdeflingu sé beitt þeim til aðstoðar, valdeflingu má og á að nota sem fyrirbyggjandi vinnu með fólki (Beresford og Croft, 2000). Greining á aðstæðum barna í grunnskóla er lykilforsenda fyrir því að tímalega sé gripið inn í ferlið, sé barn á leið í áhættuhegðun eða glími við félagslegan vanda eiga sérfræðingar innan skólanna og félagsráðgjafar félagsþjónustunnar að geta unnið saman að greiningu þannig að barnið fái aðstoð sem snýr beint að þess þörfum. Geðgreiningar barna eru vel þekktar og ekki er óalgengt að börn séu greind með ýmsar þroskaraskanir. Sé unnið út frá heildarsýn félagsráðgjafa verður fjölskyldan í heild aðilinn sem þarf að aðstoða til sjálfshjálpar en ekki einungis barnið þegar um erfiðleika er að ræða, í skóla eða heima fyrir.

Félagsráðgjöfin hefur alla tíð verið byggð á þeim hugmyndum að greina þurfi þá sem í vanda eru út frá sálfélagslegum forsendum, tengslum þeirra, félagslegu umhverfi og persónuleika.

Marie Richmond sem telst til frumkvöðla félagsráðgjafarinnar gaf út bókina „*Social diagnosis*“ árið 1917. Richmond taldi víst að greina þyrfti persónuleikann og vinna í félagslegri meðferð samhliða svo að árangur myndi hljóta af, næstum hundrað árum seinna eru aðferðir hennar enn við líði og heildarsýninni beitt (Turner, 2002). Greiningar á aðstæðum barna sem líður illa eða eru með áhættuhegðun gæti leitt í ljós að um erfiðar aðstæður væri að ræða í lífi barnsins. Atvinnuleysi foreldris, skilnaður eða depurð vegna lélegra tengsla gæti verið ástæða (Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2011). Á hinn bóginn gæti greining félagsráðgjafa innan skóla leitt barn í sálrænum vanda að sérfræðingum innan barnageðdeildar en talið er að um 20 % barna eigi við einhvers konar geðræn vandkvæði að stríða (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Valdefling samkvæmt skilgreiningu þeirri sem notast er við hér, er ekki ósvipuð því að styrkja sjálfsmýnd barns. Barninu er veitt tækifæri til að hafa áhrif á líf sitt og látið taka ábyrgð. Þannig öðlast það meiri færni, hæfni og sjálfsstæði til að takast á við verkefni við hæfi. Forvörnin er þá fólgin í því að styrkja sjálfsmýndina til að draga úr áföllum. Komi hins vegar fram tilfelli þar sem reynir á áfallavinnu gæti heilbrigðisstarfsfólk innan mennta- og félagsþjónustu annars vegar og á heilsugæslum og á sjúkrahúsum hins vegar verið stuðningsaðilar þeirra sem tengjast áfallinu. Með samvinnu og meðferð á sálfélagslegum grunni væri einstaklingnum og öðrum komið til hjálpar (Beautrais, o.fl. 2007).

Að ofangreindu er ljóst að hlutverk skólanna er stórt þegar kemur að uppeldi barna. Forvarnir eru stór þáttur í uppeldisvinnunni og má sjá á vef Hafnarfjarðar hver stefna bæjarins er í forvarnarmálum og þar með grunnskólanna líka. Skylda skólanna liggur í að framfylgja forvarnarstefnunni og leggja börnum til stuðning svo þau náí að dafna.

Nemendaverndarráð

Undanfarna áratugi hafa skólayfirvöld gert tilraunir til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda. Sérdeildir, athvörf, sérkennslu og fleira má nefna sem úrræði til stuðnings börnum sem ekki fylgdu meginstraumi nemenda. Á níunda tug síðustu aldar kom fram vísir að nemendaverndarráði þegar skólarnir fóru að bera sig eftir aðstoð frá sérfræðingum og samstarfi utan skóla og var heimild fyrir stofnun þeirra sett í lög 1991 (Ragnhildur Jónsdóttir, 2007).

Í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010, segir meðal annars í 3. gr.

Sveitarfélög skulu tryggja að viðeigandi sérfræðiþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt og kostnaði við hana. Sveitarfélög skulu mæla fyrir um það í skólastefnu sinni hvernig markmiðum þessarar reglugerðar verði náð. Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á:

a. forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,

b. snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar,

c. að sérfræðiþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna,

d. að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra,

e. stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu,

f. viðeigandi tulkapjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum,

g. góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu og heildarsýn í skólastarfi að leiðarljósi.

Um starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla segir að hlutverk ráðsins sé að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi aðstoð sérfræðinga innan skólastarfsins. Getur samstarfið bæði verið vegna forvarnarstarfs og einstakra nemenda. Starfsfólk skóla, nemendur, foreldrar og aðrir starfsmenn sérfræðiþjónustu skólans geta vísað málum til skólastjórnar sem skal leita eftir lausn máls eins fljótt og auðið er í samstarfi við foreldra eftir því sem kostur er. Nemendaverndarráð skal skipað skólastjóra eða fulltrúa sem hann tilnefnir, sérkennslufulltrúa og fulltrúa sérfræðiþjónustu sveitarfélags.

Námsráðgjafi eða starfsráðgjafi eftir tilvikum skal hafa sæti í ráðinu og einnig geta barnaverndaryfirvöld og fulltrúar frá félagsþjónustu tekið sæti (*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum* nr. 584/2010).

Viðbragðsáætlun við áföllum

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, gerir grein fyrir ákveðnum þáttum sem skólanámskrá er skylt að færa fram. Þar segir að skólar eigi að gera grein fyrir hvernig svigrúm er nýtt til ákvarðanna og athafna sem lög og reglugerðir sveitafélaga veita. Skólanámsskrá er ítarlegri útfærsla á aðalnámskrá og þar gefst tækifæri til að laga opinber fyrirmæli að staðbundnum aðstæðum hvers skóla fyrir sig. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir gildum skólastarfsins og aðalnámskrár og almenn viðmið lögð fram. Skal þar meðal annars birta upplýsingar um viðbrögð við áföllum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í skólanámsskrá Hafnarfjarðar er ekki vísað til þess að skólar bæjarins eigi að hafa viðbragðsáætlun við áföllum. Hins vegar hefur hver sá skóli sem þátt tók í rannsókninni áætlun að styðja sig við. Skólanámskrá segir stofnunum fræðsluviðs skuli vera tryggður aðgangur að ráðgjöf og sérfræðipjónustu sem taki mið af þörfum nemenda og forráðamanna þeirra. Markmið ráðgjafarinnar eru að gera skólastarfið öflugra og starfsfólk sjálfstæðara í úrlausnum daglegra viðfangsefna í starfi (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, 2011).

Misjafnt er eftir skólum hvort upplýsingar séu gefnar á heimasíðum skólanna um viðbragðsáætlanir fyrir áföllum. Allir skólarnir sem þátt taka í rannsókn þessari eiga þó slíka áætlun þó hún gangi undir mismunandi nöfnum. Viðbragðsáætlun og áfallaáætlun eru í rannsókninni sami hluturinn í sitthvorum skólanum. Áfallaráð og áfallateymi eru einnig sami hluturinn í sitthvorum skólanum. Saga áfallateymanna, ráðanna, er ólík frá skóla til skóla og hefur starf þeirra þróast mikið á síðustu árum. Teymin hafa verið mynduð af mismunandi ástæðum en aðallega vegna þess að starfsfólk skólanna fann knýjandi þörf fyrir að fá einhverja áætlun að byggja á þegar áfall vegna andláts bar að dyrum. Þegar lesið er í gegnum niðurstöður er gott að hafa ofangreint í huga.

Framkvæmd rannsóknarinnar

Eftirfarandi kafli gerir grein fyrir rannsóknaraðferð. Fjallað er um siðferðisleg álitamál sem snúa að rannsókninni, trúverðugleika hennar, réttmæti og áreiðanleika ásamt því að draga fram styrkleika og veikleika rannsóknarinnar. Þá verður rætt um gagnaöflunina og hvernig þátttakendur voru valdir, umfang rannsóknarinnar og hvernig unnið var úr gögnum.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Höfundur valdi eigindlega rannsóknaraðferð þegar valið stóð um hvernig nálgast skyldi efnistöð. Eigindlegar rannsóknir eru ein aðferð félagsvísindanna til að rannsaka hinn félagslega heim og byggist öðru fremur á viðtölum, athugunum eða áhorfi þar sem rannsakandanum er eftirlátið að túlka niðurstöður út frá litlu úrtaki úr þýði. Eigindlegar aðferðir eru lausar við alla tölulega útreikninga en það þýðir ekki að það sé aldrei talið eða tölur séu ekki notaðar í eigindlegum aðferðum rannsókna (Esterberg, 2002).

Rannsakandinn fylgir viðfangsefninu og setur fram kenningu eftir alla gagnasöfnun. Hann leitar eftir að sjá félagslegan heim þátttakenda í rannsókninni í víðara samhengi en sá sem leggur upp með meginlega rannsókn. Getur því rannsakandi í eigindlegri rannsókn þurft að ferðast fram og aftur í rannsókn sinni eftir því hvaða upplýsingar eru gefnar og endar oft með niðurstöður og svör við öðrum spurningum en lagðar voru fyrir í upphafi. Það er aðleiðsla þar sem gögnum sem safnað er saman í ferlinu og leiða að kenningu sem styður við niðurstöður. Þegar rannsakandinn hættir að fá eitthvað nýtt út úr því sem rannsakað er snýr hann sér að túlkun niðurstaðna og setja þær fram fyrir aðra (Esterberg, 2002). Með eigindlegum rannsóknaraðferðum er uppbygging hins félagslega heims skoðuð og honum lýst fremur en að beinna skýringa sé leitað, þess vegna er mikilvægt að rannsakandi leggi sínar skoðanir og viðhorf til hliðar á meðan gögn eru greind. Rannsakandinn verður að gæta hlutleysis og færa sig í spor þátttakenda svo hann fái betur skilið þeirra sýn á veruleikann (Bogdan og Biklen, 2003).

Siðferðisleg álitamál

Siðfræði heilbrigðisgreina er nokkuð sammála um að fjórar höfuðreglur séu öllum öðrum siðaboðum til grundvallar. „*Sjálfræðisreglan*“ kveður á um virðingu fyrir manneskjunni. Koma fram af heilindum og blekkja ekki fólk til þátttöku ásamt því að veita ávallt allar upplýsingar

um eðli rannsóknarinnar. Enn fremur að leyndu engu, sama hversu léttvægt það kann að þykja. Reglan leiðir af sér kröfuna um upplýst og óþvingað samþykki. „Skaðleysisreglan“ kveður á um að heilbrigðisstarfsmenn skuli umfram allt komast hjá því að valda skaða. Þar skal sérstaklega gætt að því að viðmælendur njóti trausts frá rannsakanda, að rannsóknin sé siðferðislega réttmæt og að rannsóknin þjóni hagsmunum þeirra sem taka þátt. Þátttakendur eru sjaldnast þess megnugir að fella dóm um hvort rannsóknin þjóni þeirra hagsmunum og verður því að ganga úr skugga um að svo sé óháð því hvort þeir skrifi undir upplýst samþykki eða ekki. „Velgjörðarreglan“ kveður á um skylduna að láta gott af sér leiða. Að rannsóknin hafi að markmiði að bæta úr aðstæðum fólks og auki líkurnar á að samfélög verði á einhvern hátt bættari af rannsókninni. „Réttlætisreglan“ snýr að því að hafa sanngjarna dreifingu gæða og byrða og að hver og einn fái það sem hann á skilið. Reglan snertir val á þátttakendum þegar spurt er hvað þátttakendur fá í skiptum fyrir framlag sitt (Sigurður Kristinsson, 2003). Höfundur hafði að leiðarljósi við vinnu sína að fylgja í öllu þeim boðum sem siðareglur segja til um og snúa að rannsókna hans.

Upplýst samþykki var lagt fram til undirritunar fyrir viðmælendur rannsóknarinnar (sjá viðauka nr. 4) og þeim jafnfram greint ítarlega frá rannsókninni. Var þeim greint frá rétti sínum til að hætta þátttöku í rannsókninni á hvaða tímapunkt sem er og án eftirmála. Jafnframt var gefin kostur á að lesa yfir þann hluta rannsóknarinnar sem snýr að þeim fyrir birtingu hennar, enginn þátttakandi kaus að gera svo.

Markmið

Rannsókninni er ætlað afla upplýsinga um viðbrögð skólaumhverfis í Hafnarfirði í tengslum við áfallavinnu innan skólanna vegna ótímabærra andláta á meðal nemenda og varpa upp hugmyndum um hvað betur mætti fara hvað það varðar. Von höfundar er að það stuðli að heilbrigðara samfélagi í Hafnarfirði. Vonast er til að rannsóknin hafi einnig víðtækari áhrif og skapi undirlag fyrir frekari rannsóknir á sviðinu. Höfundur er annt um að leggja sitt að mörkum svo að sporna megi við þeirri þróun sem orðið hefur undanfarna áratugi í tengslum við sjálfsvíg á meðal unglunga og ungmenna.

Ekki er nauðsynlegt að sækja um leyfi til vísindasiðanefndar, en persónuvernd var tikynnt um rannsóknina og hefur staðfest móttöku. Sjá skjal í viðauka (sjá í viðauka nr. 5) undir persónuvernd.

Réttmæti og áreiðanleiki rannsóknarinnar

Höfundur hefur reynslu af sjálfsvígstilraunum og sjálfsvígum í tengslum við eigin fjölskyldu og var því meðvitaður um að áhrifa þess gæti orðið vart í rannsókninni og reyndi því meðvitað að halda hlutleysi og fyrri reynslu frá frásögnum þátttakenda. Höfundur telur að fyrri reynsla hans hafi komið til góða við gagnaöflunina með aukinni næmni og skilningi á efninu. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að niðurstöður geta að einhverju leyti verið litaðar af reynslu höfundar.

Eitt sjónarhorn að réttmæti eigindlegra rannsókna er að meta hversu vel niðurstöður rannsóknar leiða til bættra aðstæðna og ástands hjá fólki. Fleira má benda á eins og að rannsakandi geri grein fyrir eigin reynslu og bakgrunni, hvaða hagsmuni hann hafi af framkvæmd rannsóknar og með því að gera framkvæmd og gagnasöfnun sína gagnsæja svo að lesandi geti lagt eigið mat á réttmætið (Helga Jónsdóttir, 2003).

Ítarlegt, fjölbreytilegt og tæmandi gagnasafn er hornsteinn réttmætis í eigindlegum rannsóknum og að rannsakandinn sjái fyrir sér veruleikann á sama hátt og viðmælandinn. Þar sem viðtöl eru í eðli sínu mannleg samskipti má ætla að réttmæti fái ekki fram með tæknilegum atriðum einum saman. Enn fremur verður rannsakandi að vera heiðarlegur og trúr sínum aðferðarfræðilegu fyrirfram gefnu forsendum og sýna nákvæmni við vinnu sína (Helga Jónsdóttir, 2003). Áreiðanleika eigindlegra rannsókna er vart til að dreifa því þegar áreiðanleiki rannsóknar er mældur er vænst svipaðra niðurstaðna úr tveimur eða fleiri svipuðum rannsóknum. Veruleikinn í eigindlegum viðtölum getur ekki verið borinn saman í annað sinn og því er margprófun leið rannsakenda til að ná fram áreiðanleika. Það er, að safna fleiri gögnum með öðrum aðferðum eða láta lesa yfir gögnin og athuga hvort sá sem les yfir leggur sama skilning í útkomuna (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Höfundur valdi að fá sjónarhorn kennara á móti sjónarhorni aðila úr áfallateymi grunnskóla til að fá sem trúverðugasta niðurstöðu í rannsóknina ásamt því að skoða áfallaáætlun skólanna þar sem hana var að finna.

Styrkleikar og veikleikar eigindlegra rannsókna

Eigindlegar rannsóknir eru taldar afar heppilegar til að safna bakgrunnsupplýsingum sem undanfara af yfirgrípsmeiri rannsóknum. Þær ryðja brautina fyrir framsetningu frekari tilgátu sem þarf að svara betur. Veikleiki þeirra er helst sá að niðurstöður hafa lítið alhæfingargildi

og ákveðin hættu er á hlutdrægni rannsakanda sem komi fram þegar valið er hvaða gögn skuli leggja fram og hverju skuli sleppa (Rúnar Helgi Andrason, 2003).

Hlutverk rannsakanda getur verið flókið og til að viðhalda styrkleika rannsóknarinnar er mikilvægt að hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi að reyna að nota ólíkar aðferðir við gagnaöflun þar sem byggir á nálgun sem kölluð er margprófun. Þá er efninu safnað út frá ólíkum sjónarhornum og styrkir það niðurstöður ef samleitni gagnanna benda í sömu átt. Í öðru lagi að búa til gagnagrunn þar sem skráð er það sem varðar tilfinningar, sögu, aukaspurningar af vettvangi og aðrar upplýsingar sem nýst geta við lokaskrif skýrslu. Í þriðja lagi verður að viðhalda röklegu samhengi (Rúnar Helgi Andrason, 2003).

Til að auka þekkingu og fá innsýn í það ferli sem fer af stað þegar áfall dýnur á grunnskóla af völdum sjálfsvígstíllrauna og sjálfsvíga voru eigindleg óstöðluð (e. *unstructured*) djúpvíðtöl (e. *in depth interview*) tekin við 9 starfsmenn skólanna en einn gekk úr skaftinu af persónulegum ástæðum. Þó að hér sé um að ræða óstöðluð viðtöl studdi höfundur sig við viðtalsvísi á meðan á viðtali stóð þannig dró höfundur viðmælendur sína að efninu ef of langt var sótt út fyrir ramma rannsóknarinnar. Þannig má segja að tekin séu hálfstöðluð viðtöl þar sem beint er spurt um efnið á stundum. Í óstöðluðum viðtölum er höfundi ætlað að setja ramma utan um efnið en það er undir höfundi sjálfum komið hvernig honum er fylgt og fer það jafnan eftir rannsóknarspurningu og aðferðarfræðilegum forsendum rannsóknarinnar. Þess utan skal höfundur hafa til hliðsjónar þann tíma og fjármagn sem hann hefur til að afla gagna og greina þau (Helga Jónsdóttir, 2003).

Þátttakendur rannsóknarinnar

Rannsóknin fór fram um sumar og haust 2011. Höfundur hófst handa við heimildavinnu og gagnaöflun um sumarið en vinna við öflun gagna gegnum viðtöl og ritun ritgerðarinnar sem stóð yfir frá því í september allt til 21. nóvember þegar skil á ritgerðinni fóru fram. Höfundur sótti um leyfi hjá skólaskrifstofu Hafnarfjarðar fyrir rannsókninni og til að setja sig í samband við skólastjóra grunnskóla Hafnarfjarðar. Óskaði höfundur eftir liðsinni þeirra við að finna viðmælendur. Veitti skólaskrifstofan leyfi sitt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, (sjá í viðauka nr. 6) bréf frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Viðtöl voru tekin við 9 einstaklinga sem koma að börnum og ungmönnum í kjölfar áfalla á borð við andlát eða aðrar krefjandi aðstæður. Það eru fimm kennarar og fjórir starfsmenn

áfallateyma í grunnskólum Hafnarfjarðar. Markmiðið með viðtölunum var að fá fram sýn þeirra á áfallavinnu innan skólanna og hvort þeim finnst eitthvað mega bæta. Höfundur leitaðist eftir því að fá fram hvernig forvörnum er beitt gagnvart sjálfsvígshegðun og hvort starfsmennirnir hefðu aðra sýn á það hvernig ætti að vinna með forvarnir innan grunnskólanna heldur en gert er í dag. Með slíkum eigindlegum viðtölum er tilgangurinn sá að fá dýpri skilning á aðstæður og hugmyndir nokkurra einstaklinga frá þeirra sjónarhorni (Bogdan og Biklen, 2003).

Í Hafnarfirði eru sjö grunnskólar og sendi höfundur kynningarbréf á alla skólastjóra skólanna og óskaði eftir aðstoð til að finna hentuga viðmælendur. Til að áréttta erindi sitt og tryggja að engin skóli yrði útundan sendi höfundur einnig rafrænan póst á alla skólastjóra grunnskólanna. Fimm skólastjórar sáu sér fært um að aðstoða og hjálpuðu höfundi með viðmælendur. Einn skólastjóri sagði engan starfsmann tilbúinn til aðstoðar og einn skólastjóri sinnti ekki erindinu. Til að gæta fyllstu varúðar og viðhalda trúnaði við þátttakendur í rannsókninni hefur höfundur ákveðið að allir viðmælendur skuli vera í karlkyni. Þeir verða ávarpaðir og aðgreindir sem kennari 1, kennari 2 og svo framvegis upp í kennari 5. Sami háttur verður hafður á þegar talað er um starfsfólk áfallateymis. Þá verður vísað til teymisliða 1, teymisliða 2 og svo framvegis til teymisliða 5. Þátttakendur koma svo frá skóla 1 til 5 og eru sömu númer á bak við kennara, teymisliða og skóla. Viðtölin fóru fram á þeim stöðum sem viðmælendur stungu uppá. Flest voru þau tekin á vinnustað þátttakenda en eitt fór fram á kaffihúsi þar sem viðmælandinn sá sér ekki fært að hitta höfund nema í vetrarfríi skólanna og annað á aðalvinnustað viðmælenda utan skóla. Þegar svo viðkvæmt málefni er rætt eins og rannsóknarefni ritgerðarinnar ótvírætt er, er viðbúið að þátttakendur ýfi upp sár og þurfi jafnvel á aðstoð að halda að loknu viðtali. Höfundur og leiðbeinandi voru meðvituð um það og stóð þátttakendum til boða að leita til ábyrgðarmanns verkefnisins eftir ráðgjöf ef á þyrfti að halda.

Kennari 1

Er 41 árs og á 17 ára starfsferil sem kennari. Hann hefur starfað víðsvegar á Íslandi og erlendis. Hann hefur síðustu 13 árin starfað hjá grunnskóla 1 í Hafnarfirði. Hann hefur bætt við sig námi eftir útskrift frá Kennaraháskóla Íslands, fór meðal annars í stjórnunarnám. Kennari 1 hefur kennt á öllum stigum grunnskóla og sinnti stjórnunarstöðu við skólann þegar sjálfsvíg var framið af fyrrum nemenda úr skóla hans og hefur reynslu frá fleiri en einu sjálfsvígi fyrrum nemenda.

Kennari 2

Er 39 ára og hefur starfað við kennslu í níu ár og á sinn starfsferil við grunnskóla í Hafnarfirði. Hann kennir á unglíngastigi við skóla 2 og kenndi áður á miðstigi. Hann hefur aldrei kennt á yngsta stigi. Kennari 2 hefur ekki farið í framhaldsnám eftir að námi við Kennaraháskóla Íslands lauk. Kennari 2 hefur reynslu af sjálfsvígi frá því fyrrum nemandi hans tók líf sitt fyrir nokkrum árum.

Kennari 3

Er 54 ára og hefur starfað við sama skólann með námshléum frá útskrift. Hann hefur mikla sérmenntun sem fengin er úr ýmsum áttum á Íslandi og erlendis. Hann á að baki fjölbreyttan starfsferil innan skóla 3 sem byrjaði um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Hann hefur lokið stjórnunarnámi frá endurmenntun Háskóla Íslands, ásamt fleiri diplómum. Kennari 3 hefur reynslu af sjálfsvígum fyrri nemenda og andlát af öðrum orsökum innan nemendahóps úr bekk hans.

Kennari 4

Er 40 ára og með styðstan starfsaldur þeirra sem þátt tóku í rannsókninni. Hann er útskrifaður 2005 frá Kennaraháskóla Íslands og hefur ekki tekið aukamenntun tengda kennslu. Kennari 4 hefur reynslu af áfallahjálpi innan skóla. Hann studdi við nemenda sem missti móður sína og nemanda úr bekk hans sem missti eldra systkini á sviplegan hátt.

Kennari 5

Er 43 ára og útskrifaðist úr námi hérlendis 2003 frá Kennaraháskóla Íslands. Hann bjó erlendis um áratugaskeið og menntaði sig áður sem kennari þar. Kennari 5 hefur ekki beina reynslu af sjálfsvígum nemenda eða fyrrum nemenda en andlát af öðrum orsökum hefur komið upp í nemendahópi hans.

Teymisliði 1

Er tæplega 50 ára og vinnur utan skólans á heilbrigðisstofnun að aðalstarfi. Hann hefur sérmenntun á heilbrigðissviði og 20 ára starfsreynslu. Hann starfar innan skólans í hlutastarfi og tekur fullan þátt í áfallateymi. Hann hefur reynslu frá fleiri en einu sjálfsvígi fyrrum nemenda skólans.

Teymisliði 2

Er 56 ára og vinnur innan skólans sem stjórnandi. Hann er kennaramenntaður frá Kennaraháskóla Íslands og útskrifaðist snemma á níunda áratugnum. Hann hefur sótt sér meiri menntun erlendis og starfaði þar sem kennari í 4 ár. Teymisliði 2 vinnur innan áfallateymis og fleiri teyma hjá sínum skóla ásamt því að sinna kennslu. Hann hefur reynslu af sjálfsvígi fyrrum nemenda skólans og dauðsföllum af öðrum orsökum.

Teymisliði 3

Er 61 árs. Hann er með kennaramenntun ásamt annarri sérmenntun. Hann hefur persónulega reynslu af ótímabæru andláti innan fjölskyldu sinnar og hefur nýtt sér reynslu sína til að búa betur um áfallaáætlun skóla 3. Hann hefur einnig reynslu af sjálfsvígi fyrrum nemanda og andláts af öðrum orsökum. Teymisliði 3 starfar sem millistjórnandi hjá skóla sínum og kemur að ýmsum málum skólans sem og beinni kennslu.

Teymisliði 4

Er 29 ára og er sérmenntaður heilbrigðisstarfsmaður. Hann hefur starfað í skóla 4 í fjögur ár eða frá útskrift. Hann hefur reynslu af andláti nemanda úr skóla 4 og vann að áfalláætlun skólans sem er í gildi núna. Teymisliði 4 féll úr hópi þátttakenda og því eru engin svör frá honum með í rannsókninni.

Teymisliði 5

Er 59 ára og hefur um 35 ára reynslu af kennslu, þar af um 15 ár sem stjórnandi. Hann hefur unnið við kennslu allt frá útskrift að undanskildum 3 námsárum erlendis. Hann nýtir fyrri reynslu úr lífinu til að móta áfallaáætlun síns skóla og kemur einnig að nemendaverndarráði hjá skóla 5. Teymisliði 5 hefur sérmenntað sig í stjórnun og tekið fleiri námskeið til að auka við þekkingu sína í kennslufræðum. Hann hefur reynslu af fleiri en einu andláti af öðrum orsökum en sjálfsvígi úr sínu starfi.

Eins og sjá má er sameiginlegt með viðmælendum að þeir hafa upplifað áfall af völdum andláts í nemendahóp sínum eða fyrrum nemenda. Ekki er um sjálfsvíg að ræða í öllum tilfellum og í einu tilfelli er um stuðning að ræða við barn sem missti foreldri eftir erfið veikindi. Dauðsfall tengt nemendahóp þeirra hefur þó markað þau öll á einhvern hátt.

Framkvæmd viðtala

Viðtölin sem tekin voru við starfsfólk skólanna byggja á viðtalsvísum (sjá viðauka nr 1 og 2) og voru hljóðrituð, afrituð og greind af höfundi. Viðtölin voru mislöng og lengst varð viðtal 80 mínútur en styðst 34 mín. Þennan mikla mun má skýra með því að höfundur vildi gefa viðmælendum sínum kost á að ræða efnið út frá sínum forsendum og því var ekki gripið inn í viðtalið fyrr en sýnt þótti að umræðan væri komin út úr ramma þeim er efnistöð ná yfir. Samtals voru viðtölin rúmlega átta klukkustundir að lengd og efniviður fyrir niðurstöður nægur að mati höfundar. Viðtölin voru þemagreind og kóðuð með hefðbundnum hætti og niðurstöðurnar eru byggðar á þemum sem finna mátti sameiginleg hjá þátttakendum.

Þau fimm þemu sem skáru sig úr við rannsóknina eru:

- I. Áfallahjálp við sjálfsvíg og önnur andlát innan grunnskólanna.
- II. Eftirfylgni fyrir nemendur, starfsfólk og fjölskyldu hins látna.
- III. Uppeldisskylda grunnskólanna og valdefling nemenda.
- IV. Skólastarfið sem heildrænt forvarnarverkefni fyrir áhættu hegðun og sjálfsvígum, forvörnin felst í sálgæslu.
- V. Samvinna og samskipti grunnskóla og annarra stofnanna í kjölfar áfalls.

Niðurstöður

Við gagnagreiningu hafði höfundur rannsóknarspurningar verkefnisins til hliðsjónar og greindi fimm þemu.

Þema I:

Áfallahjálp við sjálfsvíg og önnur andlát innan grunnskólanna.

Þátttakendur voru beðnir um að skilgreina hugtökin „áfallahjálp“ og „sálgæsla“. Allir voru sammála um að áfallahjálp væri sú aðstoð sem veitt væri í kjölfar atburðar sem valdið hefði áfalli og sagði einn að henni yrði að sinna af fagfólki. Sálgæsla var í huga viðmælenda fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir þá sem sýnilega eiga í einhvers konar vandræðum, veikindum eða erfiðum félagslegum aðstæðum. Sálgæsla var einnig skilgreind sem forvörn. Kennari 1 sagði sálgæsluna vera eitthvað viðvarandi en áfallahjálpin þá aðstoð sem veitt væri í kjölfar atburða sem leiddu til áfalls. Hann taldi markvissa vinnu fara fram við sálgæslu og að í umhverfi eins og skólinn býður ætti stöðugt að sinna sálgæslu. Umsjónarkennarar ættu a nota hana sem forvörn. Kennari 2 sagði: *„Ég tel sálgæsluna vera meira fyrirbyggjandi hjálpar, sálgæsla er eins og hérna... hjálpar við einhvern í erfiðleikum en áfallaástoð bara þegar eitthvað er búið að gerast...“*.

Kennari 3 segir nauðsyn að geta talað við einhvern um atburðinn og vinna þannig úr áfallinu. Fagmenntuð manneskja sé best til þess fallinn að sinna fólki sem fyrsta hjálpar og aðstoða það í kjölfarið með úrvinnslu. Á hann þar við sálfræðinga og aðra sem hafa menntað sig til að taka á móti fólki í meðferð við vandkvæðum af ýmsum toga. Um sálgæslu segir hann að kennarar séu alltaf að sinna sálgæslu og skoða hvernig börnum líður. Þeir reyna að sigta út börnin sem líður ekki vel og sinna þeim sérstaklega.

Í öllum skólunum var til áfallaáætlun, tveir skólar gáfu rannsakanda útprentaða áætlun því áætlunina er ekki að finna í heild sinni á heimasíðum skólanna. Aðrir sýndu rannsakanda áætlunina og eru þær líkar að uppbyggingu, líta út sem gátlistar og gera grein fyrir hverju skrefi; hver viðbrögðin skyldu vera. Sérstaklega er talað um í áætlunum hvernig skuli bregðast við andláti og áttu tveir skólar áætlun yfir hvernig skyldi bregðast við sjálfsvígi nemenda. Til að gefa lesendum hugmynd að áfallaáætlun leggur höfundur fram hluta áfallaáætlunar skóla 3.

Eftirfarandi hluti er tekinn úr kaflanum um andlát.

Áfallaáætlun grunnskóla vegna andláts af eðlilegum orsökum/sjálfsvígs

Upplýsingaflæði.

Upplýsingar berast til áfallaráðs. Áfallaráð fundar og skiptir niður verkefnum. Starfsfólk er upplýst um áfallið. Samband haft við prest sem er fenginn í skólann og ef foreldrar tilkynna andlátið er gott að hafa samráð við þá um tilkynningu. Andlátið tilkynnt bekkjarfélögum, nauðsynlegt að hafa prest eða annan aðila með sér inn í bekkinn sem á að tilkynna. Bakki með kerti og bænum er hjá aðstoðarskólalastjóra, athuga hvaða nemendur eru fjarverandi og láta þá vita. Umsjónarkennari og áfallaráð koma upplýsingum til annarra forráðamanna og foreldra í bekknum. Aðrir nemendur upplýstir um áfallið. Skólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátið. Skólaskrifstofu tilkynnt um andlátið.

Vinna í viðkomandi bekk sama dag.

Æskilegt að bekkjarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er skóladags. Logandi kerti haft í skólastofunni og mynd af viðkomandi ef hægt er. Nemendum gefið tækifæri á að ræða atburðinn (lífið og dauðann). Prestur og áfallaráð til taks ef þörf krefur. Forráðamenn beðnir um að sækja nemendur ef talin er þörf á. Í lok dag skal fundað í áfallaráði ásamt umsjónarkennara þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu. Fulltrúar skólans fara heim til aðstandenda viðkomandi nemanda og færa samúðarkveðjur næstu daga á eftir.

Vinna í viðkomandi bekk næstu daga.

Umsjónarkennarar taka á móti bekk sínum næstu daga og hafa logandi kerti á hverjum degi fram yfir útför. Bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/ eða minningargrein en einnig geta börnin teiknað myndir, skrifað bréf eða sögur. Eigur nemanda eru fjarlægðar smátt og smátt úr stofunni og þess gætt að taka þær ekki allar í einu. Börnunum er greint frá ferli næstu daga varðandi útför og kistulagningu og prestur fenginn þeim til halds og trausts. Daginn fyrir útför ræðir umsjónarkennari við bekkinn sinn um atburði næsta dags og hverju þau eiga von á. Hann ræðir líka við þau um líðan þeirra undanfarna daga og á kennari að fá með sér aðila úr áfalleteyminu til aðstoðar í þessa umræðu. Foreldrafulltrúar bekkjarins eru beðnir um að ræða við foreldra barna sem ætla að vera við útförina um mikilvægi þess að fylgja þeim þangað og taka þátt með barni sínu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hvort aflýsa þurfi skólalaldi á meðan á útför stendur. Flaggað við skólann í hálfu stöng á útfarardag.

Faglegt skipulag.

Umsjónarkennari getur fengið að tala við prest eða einhvern úr áfallaráði og öllum öðrum kennurum innan árgangsins boðin aðstoð áfallaráðsins.

Sjálfsvíg nemanda.

Vinnuferli er það sama og þegar um annars konar andlát er að ræða, en vert er að hafa (sérstaklega) í huga: Láta allt starfólk vita sem fyrst. Undirbúa skriflega yfirlýsingu fyrir kennara eða þann sem segir frá sjálfsvígínu til að styðjast við. Staðreyndir án smáatriða og lýsa missinum og sorginni og benda á aðstoð. Upplýsa foreldra bekkjarfélaga. Gera áætlun um að finna áhættuhóp. Minningarathafnir eiga ekki að vera umfangsmeiri en venja er til við önnur dauðsföll. Ekki tileinka hinum látna neinn sérstakan atburð í skólastarfinu. Hvetja nemendur til að fara í útförina óski þeir þess og þá í fylgd með forráðamönnum sínum. Undirbúið þá fyrir útförina og verið á varðbergi fyrir að koma aftur inn í aðstæður ef ástæða þykir til.

Áfallaaðstoðin í bekk á að beinast að.

Enginn annar getur borið ábyrgð á sjálfsvígínu en sá sem dó. Skilja að tilfinningar þeirra séu eðlilegar. Fá tækifæri til að upplifa sársaukann og sorgina. Draga úr „töfraljómanum“ og benda á aðrar betri leiðir til að fá athygli og leysa úr vanda. Gefa tækifæri til að skrifa samúðarkveðju til fjölskyldu og vina hins látna. Hvetja til að rætt sé um sjálfsvígíð og hvað þeir læra af því. Benda á hvar hægt sé að fá aðstoð, t.d að hringja í síma 8005151 hjá Rauðakrosshúsinu.

Viðbragðsáætlunin er lýsandi fyrir áætlanir sem eru til taks hjá skólunum. Glögg má sjá að skrefin eru vel skipulögð til að mæta áfallinu sem best. Teymisliði 3 sagði: „Nú, þú ert í áfalli og þá er alveg nauðsynlegt að hafa svona því þú hugsar ekki alltaf rökrétt um hvernig á að bregðast við. Maður getur alveg verið viss um að vera alveg rólegur og tilbúinn með áætlun í höndunum þá er miklu betra að hafa eitthvað ferli sem fer í gang og vinna samkvæmt því“.

Aðrir kaflar í áfallaáætlunum taka svo til annara áfalla en dauðsfalla. Vart verður séð hvernig hægt er að bregðast betur við og ánægja virðist ríkja um áfallaáætlanir hjá þátttakendum. Höfundur vill benda á að samræming á hugtökum er varða áfallavinnu og áætlanir væru til bóta fyrir alla þá sem vinna innan skólanna. Kennarar í rannsókninni voru almennt meðvitaðir um að áætlunin væri til en vissu lítið um innihald hennar og væri gott að kynna betur innihald áætlanna sem þegar eru í gildi fyrir starfsmönnum því þeir fundu fyrir öryggi þegar þeir upplifðu áfall og áfallateymið tók yfir.

Þema II:

Eftirfylgni fyrir nemendur, starfsfólk og fjölskyldu hins látna.

Við áfall fundu kennarar ríka þörf fyrir að hitta fjölskyldu hins látna, hvort sem um dauðsfall af eðlilegum orsökum var að ræða eða sjálfsvíg. Þeim fannst þeir þurfa að fá að styðja þau og að það væri jafnvel hluti af þeirra áfallahjálpi. Teymisliði 3 segir: „*Ekki er alltaf sem fjölskyldur vilja stuðning eða treysta sér til að hitta kennara barns síns eftir andlát, og þá ber að virða það við viðkomandi*“. Það getur reynst kennurum og starfsfólki skólans erfitt eins og börnunum að fá ekki að taka þátt. Aðrar leiðir er þá hægt að reyna, en stuðningur frá vinnufélögum er mikilvægur.

Kennari 1: „...en það er ekki alltaf víst að fólk vilji hafa afskipti af skólanum eða kirkjunni. Minningarathöfn fer stundum fram í kyrrþey. Það er mín reynsla. Aðspurður hvort það hefði verið þannig hjá honum þegar áfall vegna andláts bar að segir kennari 1:

Kennari 1: Já, fjölskyldan vill ekkert endilega vera í samskiptum við skólann og við verðum að virða það að atburðurinn er erfiður og fólk er jafnvel ekki tilbúið að taka þátt með öðrum. Það gerir það að verkum að börnunum finnst þau standa utan við raunverulegan atburð við aðstæður eins og andlát... Kennararnir vilja kannski taka meiri þátt í ferlinu með fjölskyldunni en það er ekki hægt að setja sig í aðstæður þess sem missir barn og þá verðum við bara að reyna að treysta hvert annað og börnin innan skólans.

Aðspurður um hvernig hafi gengið að vinna úr áfallinu með börnunum eftir að útför var um garð gengin svarar hann því til að minningarathöfn hafi verið haldin innan skólans þar sem börnin fengu að búa til minningar tengd kort og fleira sem tengdi þau við nemandann. Þannig hafi verið reynt að skapa góðar minningar og ræða saman innan bekkjarins. Það var samt fyrst og fremst upplýsingagjöfin sem kennarinn veitti veitti sérstaka athygli, hvernig börnin meðtóku atburði. „*Upplýsingarnar komu svona seigfljóttandi í gegn og krakkarnir voru lengi að meðtaka þetta*“.

Þegar um útför er að ræða eru börnin hvött til að fara í jarðarförina og starfsfólk áfallateymis reynir að vera þeim til stuðnings eigi foreldrar þeirra ekki heimangengt í útförina

Teymisliði 3: Þá sem sagt þá förum við alltaf sem sagt, þá stjórnendur skólans við útför það er regla hjá okkur þá myndum við fylgja þeim nemendum þannig að þeir hefðu

alltaf einhvern fullorðin með sér það er það sem er að þau séu ekki ein það er mjög mikilvægt og við fáum þá upplýsingar um það hvaða nemendur það eru sem vilja koma en foreldrar geta ekki komið.

Önnur hlið á áfallahjálpinni er eftirfylgni. Þar voru kennarar nokkuð sammála um að henni væri ábótavant. Teymisliði 3 segist telja að allan bekkinn verði að taka saman í eftirfyldina á vegum skólans, líka foreldra barnanna og forráðamenn. Með því móti náist fram samkennd sem leiðir til þess að bekkurinn geti verið styrkur fyrir hvert annað. Einnig gætu hinir fullorðnu bent hverju öðru á hvar styrk væri að fá utan skólans. Samhljóm mátti finna hjá teymisliðum um hvernig skyldi standa að eftirfyld með börnunum og fjölskyldum þeirra en kennurum höfðu þeir ekki veitt athygli að ráði. Svo virtist sem þeir teldu að stuðningur samkennara og innra starf sálfræðinga, hjúkrunnarfræðinga og annara fræðinga stæði þeim til boða og nægði þeim.

Teymisliði 2 sagði þegar hann var spurður hvort skólinn kallaði eftir kennurum til eftirfyldar: „Tja þeir eiga alveg að vita, já þeim er það alltaf ljóst að þeim er velkomið að koma inn til okkar ef svo ber við en kannski má bæta það að við séum að kalla þau til, þegar þú segir það“.

Greina mátti á kennurum að þeim fannst sem áfallahjálpin væri að mestu bundin við stuðning fyrir kennara á kennarastofunni. Áfallateymin lokuðu ekki málum sínum, hvorki gagnvart nemendum sínum né kennurum og öðru starfsfólki. Það var frekar að hugsunin náði ekki utan um að athuga hvort frekari aðstoð þyrfti fyrir kennarana því þeir báðu svo sem ekki um neitt, eins og það var orðað af teymisliða 2.

Aðspurður um hvernig eftirfylgni væri háttað svaraði kennari 1:

Kennari 1: það var unnið með okkur eftir að áfall reið hér yfir í kjölfar andláts. Já og það var kannski meira svona félagastuðningur. Áfallaráðið var með huggulega stund hérna og fólk kom saman til að tala saman og svona til að benda á einhverja sem við gætum leitað til. Það var samt ekkert sérstaklega unnið held ég, eða veistu ég man þetta ekki.

Aðspurður um eftirfylgni svarar kennari 2 að ekki hafi verið unnið með áfallið hjá honum að neinu marki eftir að útförin var um garð gengin. Nemandinn sem honum tengdist hafi verið

útskrifaður úr skólanum fyrir nokkru og því kannski minni tenging talin vera milli þeirra. Aðspurður um hvort hann hefði þegið áfallahjálp eftir liðna atburði svarar hann:

Kennari 2: (Andvarpar djúpt), veit það ekki. Ég hérna..Jú kannski þetta var strákur sem var mikið tengdur mér og gott foreldrasamstarf á milli skóla og heimilis svo ég... jú þekkti hann vel og þetta var mikið áfall. Svo kom þetta mér mikið í opna skjöldu... Það var jú mikil aðstoð veitt þegar þetta átti sér stað og skólinn hjálpaði mikið og vildi gera vel, svo bara er einhvernvegin ekki neitt í dag.

Teymisliði 2 telur að betur hefði mátt standa að eftirfylgd fyrir kennara 2. Hann segir að fyrir um tíu árum hafi kennarar skólans orðið fyrir miklu áfalli í kjölfar andláts samkennara síns og þá hafi engin áfallaáætlun verið til í skólanum. Upp hafi komið umræður um að þau væru illa í stakk búin til að bregðast við áföllum af völdum andláts og í kjölfarið hafi verið sett upp áfallaáætlun. Þar hafi hins vegar ekki verið gert ráð fyrir eftirfylgd og því sé sú áætlun ekki til. Teymisliðinn segist þó fullviss um að kennari 2 þurfi eftirfylgd og að kanna þurfi líðan hans betur því kennarinn hafi fengið gríðarlegt sjokk við sjálfsvíg fyrrum nemanda síns.

Kennari 4 hefur svipaða sögu að segja. Í skóla 4 fer eftirfylgd áfallavinnu fram á kennarastofunni. Hann segir þó að tengsl hans við sérfræðinga á öðrum sviðum innan skólans séu góð og hann geti litið við hjá þeim og talað við þá hafi hann þörf fyrir það. Hann er ekki viss um að aðrir séu í svo góðum tengslum innan skólans þó samstarfsfólk hans virðist afar samhent og sýni mikla samkennd hvert með öðru.

Kennari 5 deilir skoðun með öðrum kennurum um að áfallahjálpin fari mest fram í gegnum stuðning vinnufélaga á kennarastofunni. Lítið sé um að kennarar sækji sér aðstoð sérfræðinga út fyrir skólann en hann vill og getur þó bara talað fyrir sig. Hópurinn hans eins og hann kallar samstarfsfólk sitt sækir samt út fyrir skólann.

Þegar mikið áfall varð vegna andláts tókst hópurinn á við áfallið með hópefli utan skólans út í náttúrunni, í tveggja daga göngu.

Kennari 5: „Það er rosa mikil samkennd, þetta þjappaði þessum flotta hópi enn meira saman. Það þarf oft eitthvað svona, þetta var einn af okkur og við þurftum að tækla þetta og við þurftum að leysa þetta. Samkenndin hjálpaði mikið og líka, líka bara þetta hópefli sem er hérna, sem ég held að þjappi hópnum mikið saman“.

Allir kennararnir sem rannsakandi ræddi við voru sammála um að kennaranámið hafi á engan hátt undirbúið þá fyrir að takast á við áföll, sama af hvaða stærðargráðu þau væru. Enginn

skyldukúrs væri í náminu sem tæki á áfallavinnu með börn og þeir hefðu enga hugmynd um hvernig bæri að nálgast áfallavinnu út frá kenningum. Þeir töldu nám kennara þurfa að færast meira til nútímans og draga fram námsefni sem hjálpar starfsfólki skólans að bregðast við þegar börn þurfi stuðning.

Kennari 1 tók samt valáfanga sem var honum mjög gagnlegur en taldi að betra hefði verið að hafa áfangann skyldufag og umfangsmeiri en fimm einingar. Mörg börn eru með geðgreiningar sem þeir höfðu nánast ekki heyrt um áður en þeir byrjuðu að vinna eftir nám og þeim finnst að námið þurfi að byggja upp kennara til að taka á móti börnum og kunna að kenna þeim.

Kennari 2: Ég get kennt þessum 70 til 80 prósentum hvað er atviksorð en það eru þessi 20-30 prósent sem ég næ kannski ekki til af því ég tók ekkert efni í skólanum um hvernig á að kenna þeim sem koma úr erfiðum aðstæðum og þannig. Ég veit ekki hvernig á að vinna úr áfall barns sem varðar það að foreldrar eru fyllibyttur og berja hvert annað. En ég hefði vijað fá grunnkennslu í að sinna börnum þess fólks. Eða bara til dæmis krakkar með greiningar. Af hverju til dæmis er enginn kúrs sem kennir okkur hvernig á að höndla þennan krakkann eða hinn krakkann með mismunandi greiningar. Greiningar eru það sem lætur í ljós þær upplýsingar um af hverju barni líður illa.

Skóli 3 og 5 höfðu þó mætt skorti á þekkingu innan skólans með því að ráða marga sérfræðinga af öðrum sviðum sem koma beint að starfinu. Teymisliði 5 sagði: „Þessi einokun kennaranna á störfum innan skólanna er á undanhaldi, það er líka allveg skiljanlegt... því við þurfum fólk í störf sem kennarar hafa ekki þekkingu til að vinna, kennarar læra að kenna, sálfræðingurinn að laga til í sálinni“.

Rannsakanda var einnig bent á að gott væri að hafa áætlun til að styðja sig við er áfall verður en hið mannlega væri oft vanmetið, því það væri eins og maðurinn væri forritaður til að vinna úr erfiðum aðstæðum og að innsæi gæti komið að góðum notum við andlát og önnur áföll. Það þyrfti ekki alltaf fræðinga til.

Þema III:

Uppeldisskylda grunnskólanna og valdefling nemenda

Þátttakendur voru spurðir hvort grunnskólarnir hefðu uppeiddisskyldum að gegna og ef svo væri þá hver væri þeirra skoðun varðandi það hlutverk.

Kennari 2: ...foreldrasamstarf er gríðarlega mikilvægt en kannski þarf líka skólinn að viðurkenna eða þessir gömlu hundar sem enn eru að, eftir áratugastarf, að skólinn og samfélagið er ekki eins og þegar þeir byrjuðu að kenna. Það er allt breytt. Líka það að við erum uppeiddisstofnun.

Aðspurður um hvort hann héldi alla sammála skoðun sinni sagði hann:

Kennari 2: Við verðum bara að vera það því það er í lögum og okkur ber samfélagsleg skylda til að taka á því þar sem börn eru svo mikið hjá okkur. Þetta er mjög krítískt og þú myndir eflaust fá mjög mismunandi svör ef þú varpaðir fram spurningu um hvort skólinn sé uppeiddisstofnun. Mjög margir segja að kennarar eigi bara að kenna og punktur, basta. En ég tel að við verðum að kyngja því að við erum uppeiddisstofnun... Mikið af börnum er miklu meira með okkur heldur en foreldrum sínum.

Kennari 1 spyr hvort þeir sem haldi því fram að skólinn hafi ekki með uppeiddi barna okkar að gera, hafi yfir höfuð komið inn í grunnskóla síðustu 10 ár? Hann heldur áfram þegar spurt er hvort skóli geti á einhvern hátt komið sem staðgengill foreldra sem ekki eru í stakk búin til að styðja börnin sín: *Kennari 1: „Já að sjálfsgöðu getur hann það að miklum hluta. Ekki náttúrulega sem staðgengill en sko það kemur kannski ekki neitt í staðinn fyrir að vera með félagslega uppbyggjandi stuðning og umhverfi heima fyrir. Hins vegar þá getur hann komið mjög til hjálpar og hugsanlega komið í veg fyrir að fólk endi til dæmis í sjálfsvígshugleiðingum“.* Hann segir að ekki megi líta fram hjá þeirri staðreynd að börnin dvelji lungann úr deginum í skólanum og þau séu því búin að fá svona flestum sínum þörfum fullnægt á einhvern hátt. Því ættu börnin að þola að vera ein heima um stund þangað til foreldri koma heim. Hann segist eiga gott spjall við félagana sína reglulega sem eru með margskonar menntun sem ætti að nýtast börnum, þessir félagar gauka að honum lesefni við og við ásamt því að rökræða um hin ýmsu mál tengd skólastarfi. Atferlisfræðingur einn sem kennari 1 þekkir telur til að mynda að lestur ætti aðeins að kenna sem tækni, kennari 1 segir um það: *„...ef maður kennir lestur bara sem tækni hvernig á þá að vera hægt að skoða bækur sér til ánægju? Maður þarf að kenna hvernig bækur verða til og hvernig er unnið með*

mismunandi texta og svo framvegis. Það er eins með lífið og það er ekkert einfalt. Ég held að fólk sem reynir að setja þetta upp sem eitthvað einfalt þá ganga málin aldrei upp“.

Aðspurður um hvort það megi skilja orð hans sem svo að skólinn sé uppeldisstofnun sem hafi markvisst uppeldishlutverk svarar Kennari 1: „Klárlega...Já ég meina það er bara fremst í aðalnámskránni og hefur verið þar síðan ég byrjaði að læra að við eigum að útskrifa nýta þjóðfélagsþegna. Þetta er í lögum. Sko þú ert ekki nýtur þjóðfélagsþegn ef þú kannt ekkert nema stærðfræði. Þú þarf að læra meira og víðar“.

Kennari 3 er ekki eins afgerandi í sinni skoðun. Hann telur að ekki megi taka frá foreldrum þá ábyrgð sem þeim er ætlað og vill valdefla foreldrana svo að þeir geti sinnt uppeldishlutverki sínu. Hann vill samt ekki taka fyrir að skólinn geti ekki verið stuðningsaðili fyrir börn. Hann segir að skólinn sé nú þegar farinn að taka tillit til greindarskertra barna og vill að foreldrar sinni sínu hlutverki og bendir á úrræði sem þeir geta nýtt sér. Hann segir:

Kennari 3: Við bjóðum foreldrum uppá að sækja námskeið á vegum skólaskrifstofunnar. Svo er það nýjasta ef það eru erfiðleikar heima fyrir þá fundum við örar og setjum upp meiri vinnu fyrir fjölskylduna. Okkur ber skylda til að tilkynna ef um vanrækslu er að ræða en við reynum að vinna saman að því að bæta aðstæður. Sá sem er í forsvari áfallateymisins er líka í nemendaverndarráði og hefur því góða yfirsýn.

Aðspurður um hvortfram fari skimun eftir áhættuþáttum hjá börnum sem koma úr erfiðum aðstæðumsegir kennari 3 að þeir fylgist bara með og skrái inn á Mentor ef þeim finnst eitthvað vera athugasemjaverð. Skólinn hefur samband við foreldra og kallar þau til viðtals ef þurfa þykir en skimar ekki reglulega eftir áhættuþáttum í fari nemenda sinna. Hann segir að ef komi upp vandræði eða eitthvað sem þurfi að kljást við umfram það sem eðlilegt telst innan skólans sé nóg í boði á vegum bæjarins. Hann segir: „Til dæmis ef barn er með veika sjálfsmynd, þá er í gamla bókasafninu námskeið fyrir börnin til að takast á við sjálfsstyrkingu. Þarna fer gríðarlegt forvarnarstarf fram, tvímælalaust. Svo eru að byrja tveir sálfræðingar hjá Hafnarfjarðarbæ með námskeið fyrir börn með ADHD, „Að hugsa á hægari hátt“. Það er nefnilega margt til en ekki margir sem vita“.

Aðspurður um úrræði sem Hafnarfjarðarbær notar og kostar aukalega fyrir fjölskyldur segir kennari 3:

Kennari 3: Nei við höfum ákveðið að fara ekki þá leið. Mín tilfinning er að þeir sem bjóða þau námskeið séu í efnaðri hverfum, eða skólastjórnin þar heldur það. Hér göngum við út frá að fólk sé ekki með svo mikla peninga aukalega að það geti boðið barninu á námskeið sem kostar svo mikið. Ég held að fólkið sem býr í þeim hverfum sé ekki endilega betur sett til að takast á við svo kostnaðarsamt námskeið, en skóli sem býður það hlýtur að telja svo vera. Ég er bara einlæglega þeirrar skoðunnar að við eigum að bjóða fólki að taka þátt í einhverju sem við getum verið vissir um að mismuni ekki eftir fjárhag.

Kennurum finnst sem skólinn breytist og eru meðvitaðir um að þessar breytingar eru af hinu góða. Þeir tala um lífsleikni og að nú sé starf kennarans í 1. til 4. bekk meira í ætt við uppeldi og fræðslu á góðum gildum heldur en kennsla í hefðbundnum kennslugreinum. Valdefling nemenda er þannig komin inn í grunnskólana og reynt er að vinna út frá styrkleikum einstaklingsins fremur en að þrýsta á hann að læra það sem honum er erfiðast og snertir hans áhugasvið minnst.

Kennari 5 er tilbúinn til að styðja við sína krakka og leyfa þeim að reyna sig við verkefni þó svo hann viti að þeir eru ekki alveg tilbúnir til að leysa þau. Hann sagði: „*Einn í 9. bekknum var ósáttur, þannig ég leyfði honum bara að byrja í 9. bekkjar stærðfræði, hann náttúrulega hljóp strax á vegg í fyrsta prófinu, þannig við fórum yfir málin og sögðum, finnst þér ekki betra að við æfum okkur bara og hann keypti það*“.

Kennari 1 vill skera kerfið upp og reyna róttækari leiðir. Hann segir skólana fasta í strúktúr sem einkennist af því að allir þurfa að læra einhvern fyrirfram gefinn kjarna. Hann segir hræðsluna við þennan gamla rísa sem hann kallar skólakerfið hamla framförum. Því sé miður að þannig sé um haldið að nýju efni sé bætt inn í námið og ekkert sé tekið út. Hann heldur áfram: „*þetta þýðir bara að þú ert að kenna og kenna og kenna...Alls konar hlutir eru að koma inn í skólann og þú þarft alltaf að vera jákvæður og segja að þetta sé það besta, oft gegn eigin sannfæringu... en það bara gengur ekki, því ekki að skera þetta upp og kenna börnum það sem þau hafa mestan áhuga á?*“.

Kennari 2 tekur í sama streng og vill ekki að nemendur sínir verði brotnir niður með lélegum einkunnum sem skemma sjálfsmynd þeirra. Hann telur að hugarfar sitt í kennslu

hafi breyst mikið við áfallið sem hann varð fyrir er fyrrum nemandi úr skóla hans tók líf sitt. Hann leggur minni vigt á að nemendur séu allir á sama stað í námi og leggur til að fjölbrautaskólar breyti sínum áherslum til að mæta þeim sem ekki hafa mikla námsgetu. Hann vill að sínir nemendur fái þá kennslu sem þeir ráða við. Kannski er nemandinn lesblindur, með ADHD eða hreinlega ekki með öflugt net í kringum sig segir hann og veltir upp mögulegum ástæðum fyrir því að krakkarnir eigi að fá námsefni eftir getu. Greindin hjá börnum er misjöfn og þroski þeirra líka. Þess vegna vill Kennari 2 fá greiningu á sem flesta því að það sé í raun það tæki sem segi best til um hvernig skuli kenna börnum, hann segir:

Kennari 2: Við fáum það úr greiningunni og þá sjáum við hvort þú sért nógu greindur. Ef svo er ekki þá er ég ekki að reyna að troða í þig öllu um atviksorð. Ég læt nægja að kenna þér sitthvað um nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Þannig ertu orðin svolítið góður í nafnorðum og því ánægðari með þig. En þú veist ekkert hvað atviksorð eru og það skiptir nákvæmlega engu máli“.

Aðspurður um hvort þetta séu viðtekin vinnubrögð og leyfileg segir hann:

Kennari 2: Hvað meinar þú? Í grunnskóla er einstaklingsmiðað nám samkvæmt námsskrá. Ef þú ert ekki góður í einhverju þá verðum við að sinna þér út frá því hverju þú ert góður í. Þú ert kominn af stað og þú færð einstaklingsnámskrá. Svo ef þú fylgir ekki lágmarkseinkunn úr 10. bekk þá fer bara umsögn með þér að þú sért á einstaklingsnámskrá og þannig færðu áfram námsefni við hæfi.

Hann segir tímana hafa breyst mikið frá því sem var, í dag sé börnum sem verst eru sett fylgt úr grunnskóla til framhaldsnáms. Hann hefur tilfinningu fyrir að sérfræðingar aðstoði börnin að settu marki og finni þeim stað í lífinu, á næsta stig. Þá finnst honum greiningar skipta enn meira máli því að þá vita kennarar hvernig einstaklingurinn er, hvaða efnivið þeir hafa í höndunum. Þá má með góðu móti laga námsefnið að nemandanum þannig að hann fari uppréttur og ánægður úr grunnskóla. Kennari 2 segir enn fremur að það sé vitleysa að byrja með alla á sama námsefni að hausti. Það verði að gefa börnum tækifæri til að klára fyrstu hæðina áður en hafist er handa við að byggja hæð númer tvö. Hann segir:

Ég held frekar áfram með fyrstu hæðina og set í forgang að klára það. Við förum hægt yfir og þegar þú nærð því þá ertu með léttara efni sem gefur þér einkunn upp á átta. Þetta er einkunn sem þú hefðir aldrei náð ef þú ættir að fylgja þeim bestu, en það

breytir ekki því að þú verður stoltur og ánægður með prófið þitt. Og það veitir þér sjálfsöryggi, þetta er stjörnumerkt próf en það er bara niðurrif að setja upp einkunn fyrir börn sem er alltaf á bilinu 1 til 3.

Skóli 2 hefur notað þessa aðferð við að styrkja sjálfsmynd og valdefla einstaklinga sem eiga í erfiðleikum eða eru greindarskertir. Ferlið gengur út á að greina vandann og takast á við hann út frá þörfum einstaklingsins og valdefla hann svo að hann sé betur í stakk búinn til að takast á við lífið á fullorðinsárum. Krakkar sem klára grunnskólann með góða einkunn sem er fengin út frá þeirra getu, eru líklegri til að leggja á sig meira nám segir kennari 2.

Kennari 5 tekur undir orð kennara 1 og 2 og segir sinn skóla vera kominn langt út fyrir kassann í öllu sem heitir kennsla í skólanum. Foreldrar séu ánægðir og styðji við verkefnið hjá þeim. Hann segir þau vera með þróunarverkefni í gangi sem boðið hafi upp á að brjóta upp skólastarfið að öllu leyti. Það hafi hingað til gefist vel og spennandi tímar séu framundan. Hann bætir við að einelti sé viðurkenndur vandi sem sé stöðugt verið að vinna með, að börnum líði vel því það sé frumforsenda fyrir að hægt sé að kenna þeim. Að fá einkunnir sem börnin eru ánægð með er einnig eitt af lykilþáttum skólustarfsins Kennari 5 segir:

Kennari 5: ef að þú færð 1 og þú skammast yfir því, þá bara ohh fokk it, þeim er skítsama. En ég segi nei.. þetta er allt í lagi, við skulum gleyma þessu, þú mátt bara fá tækifæri aftur, svo sér maður einkunn hækka þá verður maður að grípa það strax. Þessir krakkar sem eru svona drulluslakir alltaf! Þau eiga að fá nám við hæfi, af hverju eiga þau alltaf að vera lúserarnir? Ég held að það hljóti alltaf að styrkja námsmenn, sjálfsmyndina þeirra að fá hærra einkunn. Það hlítur bara að vera... og ég hugsa þetta ekkert sem forvörn.

Þema IV

Skólastarfið sem heildrænt forvarnarverkefni fyrir áhættuhegðun og sjálfsvíg, forvörnin felst í sálgæslu

Þátttakendur í rannsókninni eru fullvissir um að nútíma skólastarf hjá grunnskólum snúist um forvarnir og kennslu á góðum gildum umfram annað. Þeir voru spurðir um hvernig forvörnum gegn sjálfsvígum og sjálfsvígshegðun væri háttað.

Mat þátttakenda er að forvarnir gegn sjálfsvígum og áhættuhegðun byrja yfirleitt á því að styrkja einstaklingana og fylgjast með þeim. Kennari 4 telur að forvarnir séu best unnar óbeint með börnunum. Hann segir: „Ég held að við ræðum sjálfsvíg og áhættuhegðun aðallega út frá forvörnum, við erum með könnun um líðan reglulega og þá vinnum við út frá niðurstöðum. Við erum að vinna úr niðurstöðum en ekki bara að gera eitthvað að nafninu til“. Hann segir að í slíkum könnunum komi oft fram hvort barni líði illa og þá sé gripið inn í á foreldrafundum. Það sé með ráðum gert að gera könnun um líðan barna áður en fyrsti foreldrafundur vetrarins á sér stað svo að taka megj á vandanum strax sé um vanda eða vanlíðan að ræða. Kennari 4 segir að allir séu meðvitaðir um að ekki komi alltaf allt fram í svona könnun en vísbendingar um mikilvæga þætti eins og einelti og stríðni komi oftast fram og mikilvægt að viðurkenna þá og vinna með.

Kennari 2 telur að umræðan, sem skapast um sjálfsvíg þegar spyrst út að ungt fólk hafi tekið líf sitt kalli, eftir forvörnum. Meiri umræða þurfi að eiga sér stað á meðal fullorðinna en óþarft sé að ganga um í yngri bekkjum og ræða sjálfsvíg beint út. Hann telur umræðuna eldfima og að hún geti orðið hættuleg. „Margir eru ungir og vitlausir og tala um kannski að reyna sjálfsvíg, svo kemur upp einelti og þá reyna þau sjálfsvíg af því það er búið að vera að tala svo mikið um það. Það er hættan. Ég held að aðal forvörnin felst í því að vinna með allan bekkinn og alla þá punkta sem þarf án þess að vera að nefna sjálfsvíg“.

Hann vill leggja meira upp úr kærleik og að krakkarnir læri að vera til staðar fyrir hvert annað. Það skapi sterkari tengsl og vináttu á milli nemenda. Hann segist tala meira um vináttu, einelti og slíkt með það í huga að skapa vellíðan út frá umræðunni. Honum er ofarlega í huga að byggja kennslu sína á umhyggju og kærleik sem skapa á vellíðan. Kennari 2 segist ekki hafa á móti því að tala um sjálfsvíg, hann telur bara að það þurfi að fyrirbyggja meira með vináttu og sjálfstyrkingu. Vinavika innan grunnskólanna með tilheyrandi verkefnavinnu skili meiru til krakkana en mörg orð. Hann segir:

Kennari 2: Ég er líka miklu meira með bekknum mínum í dag heldur en áður. Kannski er það bara þroskinn en allavega set ég mig meira inn í hlutina og kynnist börnunum betur en áður. Ég vinn kannski meira forvarnarstarf gegn sjálfsvígum án þess að vera að gera það meðvitað. Skilur þú, það er meiri vinna lögð í að styrkja vinabönd og kærleik, þannig að allir séu meðvitaðir um að láta gott af sér leiða.

Einelti kemur reglulega inn í þjóðfélagsumræðuna og kennarar hafa sterkar skoðanir á hvernig eigi að uppræta það. Óþolandi og ólíðandi sé að líta undan og hafna tilvistinni.

Kennari 1 er á þeirri línu að forvarnir sé skólastarfið í heild sinni. Eineltisteymið sinnir forvörnum því það er öflugast í að sinna sálgæslu ásamt umsjónarkennara. Einnig á að vera hægt að tala við nemendaverndarráð til að fá fram aðstoð í einstökum málum einstaklinga. Einelti telur kennari 1 að sé í öllum skólum en honum þykir varhugavert að ætla eineltinu allt sem miður fer því fleira komi alltaf til. Hann telur að einvera barna og léleg foreldratengsl séu ekki síðra vandamál gagnvart áhættuhegðun, þar sem börn koma saman og eru löngum tímum eftirlitslaus. Eftir að fréttir bárust af síðasta ungmenninu sem svipt hafði sig lífi fór umræða af stað innan skóla 1.

Kennari 1: Já sko, já ég veit að það hefur allavega eftir síðustu atburði hér í bænum, þá hefur eineltisteymið verið styrkt verulega. Það náttúrulega kom fram í foreldrahópum réttmæt ábending um að skólar þyrftu að gera í heild sinni, ekki bara skólinn... heldur bara hvernig getum við öll verið meira vakandi. Það fór mjög góð umræða í gang eftir það og nú eru lagðar fyrir tengslakannanir og það eru lagðar fyrir kannanir um líðan og unnið markvisst úr þeim. Það er sko... verið að reyna að skanna hópinn og skoða hverjir eru í áhættu, miklu meira en var“.

Kennari 2 segist skerpa meira á sjálfsmynd barnanna en vill jafnframt að þau eins og skólinn þeirra séu meðvituð um að einelti og öll vandamál sem börnin geta glímt við séu til staðar hjá þeim. Það þurfi einfaldlega að vinna stöðugt með málin og aldrei að leyfa sér að líta undan. Það græði enginn á því að afneita vandanum og segja að það viðgangist ekkert vont í sínum bekk. Hann segir:

Kennari 2: Hvaða máli skiptir það ef ég hringi í þig og segi: „Heyrðu, strákurinn þinn er alltaf hundleiðinlegur við þennan dúdda hér og hvað ætlum við að gera í því?“ Við þurfum að vinna í þessu og það er bara gott og gilt. Við eigum að geta rætt þetta. Ég sem kennarinn og þú sem foreldrið án þess að hrökkva í vörn, eða er það ekki? Er ég verri

kennari eða skólinn verri eða foreldrið verra af því við erum að viðurkenna vandræði? Við höfum í gegnum tíðina ekki viljað taka á þessu svona. Einhverjir hafa gert það en allt of fáir. Í grunnskólum er bara númer eitt, tvö og þrjú að viðurkenna það sem er ekki í lagi.

Aðspurður um hvort skilja megi orð hans á þann veg, að hann telji að með því að veita vandanum við einelti athygli strax á yngsta stigi grunnskólans sé hægt að koma í veg fyrir áhættuhegðun og jafnvel sjálfsvíg seinna meir svarar hann: „Já, ég held ekkert um það sem ég er að segja, ég bara veit það. Við gerum vinnuna að forvörnum, við þurfum ekki alþjóðlegan forvarnardag til þess. Það er bara vinnan okkar í skólanum að gera það. Alltaf. Þú þarft að vera að þæla og hugsa stöðugt hvað má gera betur en án þess þó að steikja í þér heilann“.

Eins og kemur fram hjá kennara 1 og kennara 4 eru lagðar fyrir kannanir um líðan og fólk er almennt meira vakandi. Könnun um líðan er lögð fyrir í fleiri skólum og í öllum skólum er eineltisteymi og nemendaverndarráð. Þrátt fyrir aðgæslu og meiri vitund um að fylgjast með hefur enginn kennari sem þátt tók í rannsókninni orðið var við eða vitað um sjálfsvígstilraun hjá barni né orðið var við tal um sjálfsvígshugsanir. Teymisliði 3 segir að sem betur fer fá hann fá mál til sín vegna sjálfsvígshegðunar. Þegar það gerist er þjónustukerfið virkjað. Barna og unglingsgeðdeil, félagsþjónustan, nemendaverndarráð og fleiri. Þrjú tilvik voru um sjálfsskaða þar sem barn var vísitandi að skera sig. Kennari 1: „Við höfum verið að greina það sem má segja að sé andfélagsleg hegðun. Það er talið samkvæmt sérfræðingum eðlilegt að mögulegir kandidatar fyrir andfélagslega hegðun séu um 3 til 5 prósent“. Kennari 1 vill einnig meina að börn sem eru í áhættuhóp fyrir andfélagslegri hegðun þurfi aga til að þrífast innan skólaumhverfisins. Kennarinn á mikið af verkfærum til að halda aga og nefnir hann skólakort, stimplakerfi og hrósmiða sem tæki til umbunar. Hann segir:

Kennari 1: Þetta er í rauninni ótrúlega flott kerfi því að krakkarnir fá líka endurgjöf á það sem þau gera, þegar þau standa sig vel, ekki bara þegar þau gera eitthvað sem þau eiga ekki að vera að gera. Tilhneigingin hefur verið að þeir sem eru alltaf á skjön heyra miklu meira þegar þeim gengur illa og eru ekki látnir vita þegar þeir gera vel. Það er einhvern veginn alltaf meira látið úr því sem þeir gera illa.

Skóli 3 er á svipuðu reki og aðrir skólar hvað varðar forvarnarstefnu. Mikil vinna fer í að virkja samband heimilis og skóla, ekki svo að skilja að aðrir skólar geri það ekki en í skóla 3 er ábyrgð foreldra dregin fram og virkjuð í forvarnarstarfi. Gagnrýni kennara 3 felur í sér hvernig staðið er að heildinni frá hendi stjórnvalda. Kennari 3 segir að í skóla 3 sé stöðugt verið að reyna að bæta forvarnir og laga til. Hann bendir á að nú sé komin ný aðalnámsskrá sem líti afar vel út í orði. Búið sé að setja allt í fínan búning fyrir praktíkina en hann bendir á að skortur sé á fjármagninu til að fylgja aðalnámsskránni eftir. Hann segir:

Kennari 3: Það er ekki nóg að segja hlutina og setja einhverjar stefnur og frumvörp á Alþingi og svona. Þetta fúnkerar bara ekki núna. Við lifum á krepputímum og það er ekki sett fjármagn í neitt. Það er reynt að spara alls staðar og hver einasti blýantur er kvittað fyrir svo hvernig á þá að vera hægt að framfylgja einhverjum stefnum sem krefjast fjármagns. Var það ekki sagt að á þessum tímum sé nauðsynlegt að hlúa að hérna börnum og ungmennum, ja hvað erum við að gera?“.

Teymisliði 3 tekur undir með samkennara sínum varðandi í hvað peningum er eytt: „Í forvarnir nei alls ekki mér finnst við ekki gera það, í forvörnum er þar sem að skólinn kreppir og það er alltaf þetta peningaflæði sem að vantar“.

Skóli 5 leggur mikið upp úr virkni nemendaverndarráðs og fundar ráðið á þriggja til fjögurra vikna fresti. Samstarf er gott við félagsmiðstöð skólans og áhersla á að virkja þá sem eru mikið einir til að nýta aðstöðuna þar og hitta aðra krakka.

Teymisliði 5: Við vinnum mikið í nemendaverndarráði, þar tókum við eiginlega fyrir öll mál sem koma, ábendingar frá kennurum og kennarar koma líka þangað inn ef þeir hafa áhyggjur af stöðu nemenda sinna hvort sem það er námslega eða félagslega, aðbúndur, líðan. Mikið af þessum málum kemur námsráðgjafi með inn til okkar. Börn koma til hennar. Við kynnum námsráðgjafan mjög vel hérna í þessum skóla og ef þau hafa áhyggjur eða þeim líður illa, þá er hún þeirra bandamaður og allt sem kemur inn til hennar er byggt á trúnaði.

Forvarnir eru eitthvað sem ekki er leitt fram í umræðuna hjá skóla 5. Þar er engin stefna ráðandi og börnin hafa töluvert frjálsræði og val. Forvarnir felast í leiðsögn að góðum gildum sem hafa þá einföldu reglu að leiðarljósi að koma fram við náungann eins og þú vilt að hann komi fram við þig. Skólinn hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum og telur kennari 5, að því sé að þakka að hver og einn fái að njóta sín á sínum hraða við það sem hann kys sjálfur.

Engar kvaðir eru á börnum í skólanum og það er í þeirra höndum að standa sig vel, þau fá stuðning frá kennurum til að skara fram úr ef getan er fyrir hendi en að sama skapi fá þau léttara námsefni og stuðning með það ef svo ber undir. Kennarar eru samstíga í að breyta kennsluaðferðum og vilja líkja þeim breyttu aðstæðum sem upp eru komnar í skólanum við byltingu, þó með vitund og velvilja skólastjórnenda. *Kennari 5*: „ég er ekki að segja að forvarnir skipti ekki máli. Ég veit alveg að forvarnir þurfa að vera. Ég ætla samt ekki að vera hamast á mínum krökkum ótt og títt að tala um sjálfsvíg. Það kemur ekki til greina því þá er ég jafnvel að ýta undir ákveðna hugsun og við erum jú að dansa eftir ákveðinni línu þarna. Ég ætla að vera með forvörn en ég ætla ekki að vera stöðugt í að ræða sjálfsvíg samt“.

Teymisliði 5 segir að stjórnendur leggja meiri áherslur á samskipti og jákvæð gildi en sérstaka eineltisáætlun. Hann vann sjálfur eftir Olweusaráætluninni í öðrum skóla og innleiddi hana þar. Hann sér í raun engan mun á því hvernig er að vinna eftir áætluninni nema að þar var unnið eftir ákveðnu kerfi eða ferli varðandi verkefni. Teymisliði 5 bendir enn fremur á að ef horft er til aðalnámskrá grunnskóla varðandi lífsleikni þá sé þar að finna verkefni sem séu í Olweusaráætluninni. Han segir: „þú ert að skapa jákvæða sýn, þú verður að huga að félagslegum samskiptum, þú þarft að setja bekkjarreglur, hvernig tölum við við hvert annað, hvernig komum við fram við hvort annað. Þetta eru forvarnirnar“.

Þema V:

Samvinna og samskipti grunnskóla og annara stofnanna í kjölfar áfalls

Vanlíðan þeirra sem upplifa áfall getur verið tilkomin af ýmsum orsökum. Bjargarleysi, ótti, streita og fleiri tilfinningaleg viðbrögð geta komið fram hjá fólki í áfalli. Höfnun, doði, vanmáttarkend og sektarkend eru tilfinningar sem geta sótt stíft að þeim sem missa vin eða ættingja fyrir eigin hendi. Þegar fólk sem starfar innan áfallateyma skólanna fær fréttir af andláti nemenda fer ferli af stað sem er skipulagt skref fyrir skref, þannig að sálræn skyndihjálp er veitt öllum þeim sem í skólanum starfa. Þátttakendur í rannsókninni sem koma frá áfallateymum voru á einu máli um að samskipti og samvinna skólanna, heilsugæslunnar, barna- og unglingageðdeildar, félagsþjónustunnar, skólaskrifstofunnar og þeirra sem málin varða mætti vera markvissari og meiri. Starfsfólk frá þessum stofnunum er yfirleitt skipað í nemendaverndarráð, að undanskildum aðilum frá barna- og unglingageðdeild. Því ætti að vera hægt um vik að greiða fyrir samskiptum. Teymisliði 1 segir: „...til dæmis bara funda reglulega og velta upp eins og maður myndi segja eins og maður gerði á nema-tímabilinu þegar maður var sjálfur að læra hlutina sem sérfræðingur, það eru alls konar áföll að dynja á hvað gerum við ef að þetta gerist, hvað gerist ef að þetta gerist hvernig ætlum við að finna góðu leiðina til að leysa málið þannig að það fari vel“.

Teymisliði 2 segir að fyrst verði að bæta boðleiðir innan skólans: „Það er kannski einn og einn sem veit hlutinn svo eru hinir svolítið týndir innan skólans... stundum er ég að fréttu eitthvað löngu eftir að allir aðrir vissu það, einhver sem líður ekki vel vegna aðstæðna heima. Það er ýmislegt sem má bæta... kannski byrja á boðleiðunum í skólanum og efla kannski samstarf fagaðila í skólanum við foreldra“.

Samvinna og samstarf áfallateyma þar sem hægt er að miðla reynslu hefur verið lítil. Starfsfólk teymanna hefur talað um það en ekki fundið tíma og svo virðist sem reynslu þeirra sem upplifa áfall meðal kennara sé heldur ekki miðlað til að læra af. Teymisliði 3 segir: „Það þarf allt að gerast innan skólatíma, því hver á að borga fyrir yfirvinnu vegna fundar áfallateymis? Það er ekki forgangur, það þarf alltaf að bíða eftir að eitthvað gerist“.

Aðspurður um hvort hann hefði miðlað reynslu sinni af sjálfsvígi fyrrum nemenda til annarra kennara eða starfsfólks skólanna sagði kennari 2: „Sko eftir að ég lenti í þessu þá er ég bara meðvitaðari og það var dýr vakning“. Spurður um hvort hann hefði áhuga á því bætti hann við: „Jú jú... það hefur bara ekki komið til þess. Aldrei komið upp sú staða að það hafi verið

rætt og ég spurður. Hann bætir við að sennilega þæli enginn í því hvort einhver hefði gott af því að heyra hans sögu til að læra af.

Teymisliði 1 telur að betra sé að finna samstarfsgrundvöll fyrir teymin til að vinna á. Einnig að leggja upp með meiri fræðslu og kennslu í áfallafræðum fyrir þá sem eru í teyrum skólans. „Reynslan er góð en það verður að hafa meira markvisst starf á milli stofnanna. Það snýr ekki alltaf að stóráföllum. Áfall verður ekki mælt svo auðveldlega á stærðarskala því þegar fólki líður illa setur það ekki upp hjá sér hvar á skalanum það sé frá einum upp í fimm“. Oftar en einu sinni hafa fleiri en eitt sjálfsvíg orðið á stuttu tímabili í Hafnarfirði. Aðeins einu sinni man teymisliði 1 eftir sameiginlegum fundi vegna áfalla. Hann segir að þá hafi allir bæjarbúar verið í mikilli sorg eftir sjálfsvíg ungmenna sem urðu á skömmum tíma. Hann segir að haldinn hafi verið sameiginlegur fundur með öllum skólum. Skólaskrifstofa bæjarins var leiðandi í því starfi og starfsfólk fékk fyrirlestra og fræðslu varðandi sjálfsvíg og sorgarviðbrögð. Hann man eftir að hjúkrunarfræðingur fylgdi þessu eftir inn í áfallateymi skólanna þannig að úr varð eitt stórt áfallateymi. Teymisliði 1 segir enn fremur: „Reynslunni var miðlað svo að aðrir myndu læra hvernig á að bregðast við þannig að það var samkennd og samhugur í öllu skólasamfélaginu. Svona fundur á að vera líka þegar allt er gott, þannig að ekki sé svona áfall“.

Áfallateymin halda góðum tengslum við félagsmiðstöðvar skólanna og telja mikilvægt að funda reglulega með þeim. Með því að fá forstöðumenn félagsmiðstöðvanna í lið með áfallateyrum er mikilvægum forvörnum komið á að mati þeirra, því að nán tengsl skapist oft á milli starfsfólks og nemenda í miðstöðvunum. Teymisliði 1 segir: „Félagsmiðstöðin kemur líka inn í þetta upplýst um öll mál nemenda því félagsmiðstöðin hefur verið starfrækt hérna í skólanum undanfarin ár og hún við segjum alltaf að hún sé að veiða út svona krakka, fiska út. Hún veit oft meira heldur en við, krakkarnir tala þar meira“.

Einnig hefur borið við að skólarnir noti félagsmiðstöðvarnar eins og liðveislu. Teymisliði 5 segir: „Við viljum hafa tengingu við félagsmiðstöðina útaf því að við vinnum mál með þeim, meðal annars með börn sem við sjáum að eru félagslega einangruð, eiga ekki vini, líður illa og þá höfum við verið að mynda með þeim svona hópa til þess að draga þau inn“. Skoli 5 hefur sótt um styrki til að geta borgað fólki fyrir að styrkja ákveðin börn. Þannig eru búnir til vinahópar og reynt að halda krökkunum virkum, fara í bíó eða hittast í félagsmiðstöðinni til að gera eitthvað sem þeim finnst skemmtilegt.

Félagsþjónustan gegnir stóru hlutverki í samstarfi um börnin. Þaðan kemur fulltrúi nemendaverndarráðs og vinnur með skólanum að bættri líðan þeirra sem eiga erfitt.

Teymisliði 3: Félagsráðgjafi á félagsþjónustunni er okkar tengiliður, við getum komið með spurningar ef við höfum áhyggjur af ákveðnum nemendum hér, þeirra félagslegu stöðu, andlegu líðan eða annað slíkt, og þá er hún svona tengiliður fyrir okkur og upplýsir okkur m.a. um það hvort að viðkomandi sé skjólstæðingur félagsþjónustunnar og hún ráðleggur okkur líka varðandi barnaverndarmál, varðandi tilkynningar og ýmsilegt fleira. Þannig þangað getum við sótt stuðning.

Kennarar töldu sig líka þurfa meiri þekkingu í gegnum hópastarf um hvernig skyldi fást við geðræna þætti sem leitt gætu til áfalla vegna andláts og sjálfsvíga.

Kennari 4: Sko ég held að það þurfi að vekja fólk svolítið til umhugsunar og kannski ef við fengjum einhverjar staðreyndir um svona og hvernig hugsanir geta þróast út í að fara út í sjálfsvíg og mér finnst það ótrúlega gott þegar það sett í svona litla hópa, þú veist að þessi hópur sé að ræða sjálfsskaða, sjálfsvígstilraunir, neikvæðar hugsanir og þunglyndi og eitthvað svona. Og hóparnir koma svo saman og kynna sínar niðurstöður. Ég held bara að öll svona umræða hafi ótrúlega mikið að segja og að þetta sé bara á dagskrá.

Ígrundun

Hér að framan hefur verið fjallað um hvernig tekist er á við áföll af völdum andláts nemenda og ungs fólks úr grunnskólum Hafnarfjarðar. Sérstaklega var sjónum beint að sjálfsvígum, sjálfsvígstilraunum og forvörnum fyrir sjálfsvígshegðun barna. Niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á svörum úr viðtölum sem tekin voru við níu einstaklinga sem vinna innan grunnskólanna ýmist sem kennarar eða aðrir sérfræðingar. Hafa ber í huga að niðurstöðurnar eru bundnar við upplifanir fárra þátttakenda og hafa ekki alhæfingargildi. Rannsóknin gefur þó vissulega vísbendingar um hvernig brugðist er við áföllum innan grunnskóla Hafnarfjarðar og hvernig starfsfólk telur að forvörnum gegn sjálfsvígshegðun sé best háttað.

Tölulegar staðreyndir sem vitnað er til í fræðilegri umfjöllun ritgerðarinnar segja að algengt sé að börn og unglingar beri með sér sjálfsvígshugsanir og geri ósjaldan tilraunir til sjálfsvígs. Upplifun teymisliða í rannsókninni bendir til að lítið sé tilkynnt til skóla ef um slíkt er að ræða. Einn viðmælandi úr rannsókninni sagði að sem betur fer fái hann fá mál til sín vegna sjálfsvígshegðunar. Þegar það gerist fer allt í gang og kerfið er virkjað. Barna- og unglingsageðdeild, félagsþjónustan, nemendaverndarráð og fleiri. Hann nefndi þrjú tilvik um sjálfsskaða þar sem barn var vísitandi að skera sig og sagði erfitt er að leggja eitthvert mat á algengi út frá þeirri niðurstöðu. En draga má ályktun að þegar sjálfsvígshegðun barns á sér stað fái kennari og annað starfsfólk skólanna litlar eða engar upplýsingar um hegðunina. Hugsanlega bera börn vanlíðan sína í hljóði eða trúna besta vini sínum fyrir líðan sinni, sem heldur trúnaðinn og reynir sjálft að leysa vandann, jafnvel með því að vona að allt líði hjá og verði gott á ný. Einnig má benda á að þar sem eru góð tengsl á milli skóla og heimilis er yfirleitt allt á góðu róli, en þar sem tengslin vantar má oft finna félagslega erfiðar aðstæður. Hjá þeim fjölskyldum sem búa við þannig aðstæður má ætla að líkur séu minni á að forráðamenn tilkynni skólanum um hegðunina, ekki af því að þeir vilji það ekki, heldur vegna skorts á þekkingu forráðamanna um hegðun barna sinna.

Svo virðist sem innan skólanna sé öflug teymisvinna. Áfallateymi, eineltisteymi, SMT-teymi, sáttateymi auk annarra teyma sem ætlað er að gera skólastarfið markvissara og betur í stakk búið til að mæta áföllum og öðrum atburðum sem þarf að takast á við á þverfaglegan hátt. Áfallateymi er yfirleitt skipað sex til átta einstaklingum sem koma úr hinum og þessum

störfum innan skólanna. Í einum skóla vinna til að mynda djákni, sálfræðingur og ritari saman innan teymisins og er það einkennandi fyrir fjölbreytileika teymanna. Það þykir kostur því þá kemur saman reynsla úr mörgum áttum. Við áfall á borð við sjálfsvíg nemanda fer af stað ferli innan skólanna þar sem starfsfólk og nemendur eru leiddir af öryggi skref fyrir skref fyrstu dagana. Almennt þykja áætlanirnar góðar og starfsfólk finnur fyrir öryggistilfinningu við að sinna nemendum. Prestur er alltaf fenginn til að koma í skólann strax við andlátíð og í samvinnu við áfallateymið sinnir hann sálrænni skyndihjálp. Í þeim skólum þar sem starfsfólk og nemendur hafa upplifað sjálfsvíg nemenda eða andlát af öðrum orsökum, má segja að fyrst eftir áfallið sé ferlið til fyrirmyndar og vart hægt að bæta áætlunina að nokkru marki. Hins vegar eru vísbendingar um að þegar frá áfalli líður sé hægt að bæta um betur.

Starfsfólk áfallateyma talar um að það vilji meiri samvinnu og miðlun upplýsinga á milli skóla. Í kjölfar sjálfsvíga ungmenna fyrir nokkrum árum hafi öllum starfsmönnum grunnskólanna í Hafnarfirði verið boðið á fund þar sem þeir fengu fræðslu um áhættuþætti og einkenni fyrir sjálfsvígshegðun ungmenna voru kynnt. Síðan sá fundur var hefur málefnið vart borið á góma og lítur út sem enginn vilji eða þori að taka upp umræðuna aftur. Lagt er til að skólaskrifstofa Hafnarfjarðar setji upp vinnustofur eða fræðslu og kennslufundi þar sem öllum sem vinna innan skólakerfis bæjarins sé kennt markvisst að sinna börnum og kennurum í kjölfar áfalls af völdum andláts nemenda og að námskeiðið sé ár hvert til upprifjunnar og kennslu um ný úrræði.

Þegar sjálfsvíg hefur átt sér stað blossa upp tilfinningar sem erfitt er að stjórna, sektarkennd og sjálfsásökun er algeng ásamt reiði (Bailey, Kral og Dunham. 1999). Úrvinnsla fyrir kennara á þessum tilfinningum fer fram innan skólans á milli kennslustunda í sameiginlegu afdrepi, „kennarastofunni“. Stuðningur samkennara er góður og þjappar vinnufélögum saman og styrkir, en það kemur ekki í stað áfallahjálpar. Kennari sem þátt tók í rannsókninni hefur velt mikið fyrir sér hvort hann eigi að þora að heimsækja foreldra fyrrum nemenda sem svipti sig lífi. Hann segir merkilegt hversu oft hugsun um nemendann leitar á sig þó svo mörg ár séu um liðin frá atburðinum. Teymisliði úr skóla hans tók undir að hann þyrfti eflaust hjálp og vill heyra hvernig honum gengur að vinna með áfallið. Eins og fram hefur komið sýna rannsóknir að fólk getur glímt við eftirköst áfalls af þessu tagi í mörg ár og ómeðhöndlað áfall getur valdið áfallastreituröskun (Brent o.fl. 1996).

Teymisliðinn vissi að þessi vinnubrögð þyrfti að bæta og vildi gjarna koma á framfæri við aðra teymisliða úr öðrum skólum að samvinna þeirra yrði að komast á svo að þeir gætu lært hver af öðrum og sinnt sínu starfsfólki betur. Einnig kom fram hjá teymisliðum að í eftirfylgd áfalla gætu allir starfsmenn sótt stuðning, ráðgjöf og jafnvel meðferð innan skólans hjá sérfræðingum. Sérfræðingarnir koma úr ýmsum fagstéttum eins og sálfræði og félagsráðgjöf, eru prestar og djáknar svo eitthvað sé nefnt. Kennarar sem höfðu fengið fréttir af andláti nemenda og upplifað áfall í kjölfarið töldu sig samt ekki þess um búna að þyggja aðstoðina innan skólanna, „frá sínum sérfræðingum“ vegna tengslanna. Þeir vildu heldur komast að hjá einhverjum ókunnum þeim og aðstæðum sem þeir störfuðu í. Það vakti eftirtekt höfundar að styrkinn sækja kennarar til samkennara í áfallavinnunni en allir viðmælendur í rannsókninni sem höfðu lært til kennara sögðu námið hafa undirbúið þá illa til að takast á við áfall og vinnu tengdri áfallahjálp eða sálrænni skyndihjálp.

Forvarnarvinna skólanna varðandi sjálfsvíg og sjálfsvígshegðun.

Hjá kennurum og teymisliðum sem hafa beina reynslu af sjálfsvígum ungmenna mátti greina öðruvísi fas en hjá þeim sem höfðu ekki beina reynslu af slíkum atburði. Þeir sem höfðu reynsluna frá sjálfsvígi nemenda með sér töluðu mikið meira um gildi samveru og samkenndar barna og unglunga. Þeir töluðu um að sjálfsvígin hefðu breytt þeim og þeir litu öðruvísi á gildin sín innan skólans. Þeir sögðu kærleika og virðingu vera það mikilvægasta sem börn ættu að læra í upphafi náms. Allir viðmælendur voru á einu máli um að ef barn kemur í skóla og sýnir öðrum ekki kærleika og virðingu þá hljóti því barni að líða illa og að þeirra mati er ekki hægt að kenna barni sem líður illa. Grunnforsenda fyrir að barn nái að læra sé að því líði vel, þá finnst barninu gaman og meiri árangur næst. Það sama á við um samskipti og samvinnu stofnanna þegar kemur að forvörnum. Forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar eru þökkuð störf hans og kennarar tala vel um hans vinnu, en að mati þeirra vantar að miðla reynslunni milli skóla og þeirra sem vinna með börn svo reynsluna megi nýta að meira marki. Ekki að reynsla hvers skóla haldist eingöngu innan þess skóla. Kennarar vilja deila reynslu sinni hver með öðrum, það er hins vegar eins og ekki sé hugsað fyrir því hjá stjórnendum.

Vísbendingar eru að finna í rannsókninni um að skólastarf sé að breytast mikið. Samkvæmt kennurum í rannsókninni eru það frekar eldri kennarar sem vilja einbeita sér að kennslu á því sem kalla má grunnfög, eins og stærðfræði, íslensku og tungumálafögum ásamt

samfélagsfræði og landafræði. Margir vilja líka leggja fyrir börnin sameiginleg próf sem viðmælendur segja mæla greind og sé aðeins til þess fallin að draga börnin niður. Það er kynslóð eldri kennara sem vill eftirláta foreldrum að ala upp börnin sín og halda í kerfi sem þykir íhaldssamt og óliðlegt af yngri kynslóð kennara.

Hafa verður að hafa í huga að í rannsókninni er verið að ræða viðkvæmt málefni og kennarar sem fengnir voru til að ræða við rannsakanda höfðu allir reynslu af áföllum af völdum andláts. Hvort sem það er vegna þeirrar reynslu eða annarrar ástæðu mátti greina samhljóm hjá þeim um hvernig þeir vildu sjá forvörnum háttað. Í raun haga þeir skólstarfinu í heild sem forvarnavinnu án þess að ræða svo mikið einstök mál sem varða áhættuhegðun. Allir segjast þeir vinna eftir þeirri vissu að skólinn sé uppeldisstofnun og eigi því að taka virkan þátt í uppeldi barnanna. Einn kennari var þó á því að ekki mætti taka af foreldrum of mikla ábyrgð heldur væri betra að valdefla fjölskylduna til að takast á við sín mál sjálf. Hann vildi samt eins og aðrir kennarar að skólinn ætti að standa upp úr sem stuðningsaðili fyrir það barn sem skorti stuðning og aðbúnað frá heimili sínu til að geta sinnt námi. Aðspurðir vilja kennarar lengja skólaskylduna um tvö ár. Þeir eru sammála um að 16 ára barn hafi ekki gott af því að hætta í skóla og leita á vinnumarkaðinn. Fyrir þá sem hafa ekki áhuga á framhaldsmenntun eftir að 10. bekk er lokið ætti, að þeirra mati, að vera í boði einhvers konar verkaskólavist. Það samræmdest ekki þeirra stefnu að sjá á eftir barni 16 ára út á vinnumarkaðinn. Yfirleitt væru það þeir sem ættu í vandræðum sem leggðu ekki fyrir sig áframhaldandi nám og þegar viðmælendur settu málin í samhengi við áhættuhópa töldu allir að skólinn yrði að grípa inní.

Vangaveltur verða til um hver eigi að taka skrefið í átt að valdeflingu fjölskyldunnar sem heildar. Til að skapa samfélagslegan styrk þarf að efla samstarf heimilis og skóla og virkja allar stofnanir með (Inga Dóra o.fl., 2008) Nemendaverndarráð er valmöguleiki. En svo virðist sem samskiptin milli þeirra og kennarans séu ekki nógu markviss. Kennararnir upplifa sig illa upplýsta vegna trúnaðarskyldu félagsþjónustunnar og velta fyrir sér hvort þeim sé virkilega ekki ætlað að vera upplýstum um framgang mála sem farið hafa inn á borð nemendaverndarráðs. Það var áberandi við gagnaöflunina að kennarar óska eftir meiri samskiptum við foreldra, ekki bara til að efla barnið sem námsmann og koma í veg fyrir áhættuhegðun. Heldur til að fá aðstoð foreldra við uppeldishlutverk sem skólanum er ætlað að sinna samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna og veita foreldrum slíkt hið sama.

Samskiptavettvanginn vantar og leggja má fram spurningu um hvort hann sé falinn bak við mentor, samskiptavef heimilis og skóla eða týndur í tölvupóstsamskiptum.

Forvarnarvinna þeirra kennara sem þátt tóku í rannsókninni gefur til kynna að við kennslu þeirra sé hugmyndafræði félagsrágjafar notuð. Kennararnir vilja greiningu á alla þætti barns sem snýr að námi þess. Eru fjölskylduaðstæður góðar? Er barnið með námsörðugleika? Ef svo er, hver er greiningin? Hvernig farnast barninu félagslega? Er það mikið eitt? Er barnið ánægt? Ef ekki, af hverju?

Þetta eru spurningar sem kennarar vilja spyrja á hverjum degi svo að barninu fari fram og færni þess aukist, þeir kalla það lífsleikni, en höfundur „heildarsýn“. Allar greiningar eru af hinu góða, þær gefa kennurum hugmyndir um hvernig staða barnanna er á hinum ýmsu sviðum og tækifæri til að vinna með einstaklinginn út frá hans forsendum og getu. Þeir óttast ekki stimplun frá samfélaginu því þegar greining á barni hefur farið fram og farið er að vinna með barnið á þess eigin forsendum lagast svo margt í kringum það.

Heilsteypt sjálfsmynd er talin vera afar góð forvörn fyrir sjálfsvígshegðun. Í hafnfirskum grunnskólum er notað umbunarkerfi sem á að leiða til æskilegrar hegðunar. Kerfið elur börnin á hrósi fyrir jákvæða hegðun og ákúrum fyrir neikvæða. Kerfið gerir ráð fyrir að nokkrir einstaklingar í bekk séu með hegðunarraskanir og að þeir einstaklingar þurfi inngrip. Sérfræðingar innan skólans greina barnið og leggja til áætlun fyrir það sem ætlað er að taka á hegðunarvandanum og fá barnið til að læra. Þátttakendur í rannsókninni, sem starfa innan skólanna, eru að mestu ánægðir með kerfið en vilja sjá rannsóknir á hvaða árangri það skilar til lengri tíma. Nú eru fimm ár síðan kerfið var sett á og því ættu nemendur sem voru tíu ára þegar kerfið var sett á að byrja í framhaldsskóla í haust. Væri það til mikils gagns ef rannsókn yrði gerð á áhættuhegðun þeirra á framhaldsskólastigi.

Nemendur þeirra kennara sem vinna eftir einstaklingsmiðuðu námsefni eru hvattir til að nýta styrkleika sína við námið en fara hægar í sakirnar með efni sem þeir ráða illa við. Skólar hafa úrræði sem kallað er „Innherji“ og hefur það gefið góða raun hingað til. Kennari 5 sagði: „Þá eru kannski krakkar sem eru með námsafslátt í skólanum hjá okkur og fara að vinna einn dag í viku og við metum það bara til náms, því það þurfa ekkert allir að fara í náttúrufræði eða dönsku og af hverju að þína þá í gegnum þetta ef við vitum að það er gagnslaust?

Nú er verið að þróa kennsluhætti í opnu skólakerfi á unglíngastigi í einum skóla Hafnarfjarðar. Þar var allt reglubundið skólastarf brotið upp og ýmsum gömlum kennsluháttum hent út. Eins og skólastofunni til dæmis, hún er ekki til í orðaforða skólans lengur eins og einn kennari orðaði það við höfund. Starfinu var umbylt til að koma til móts við einstaklinginn af því að þeir eiga að sinna einstaklingsmiðuðu námi. Kennarinn sagði skólann vera fyrir alla þannig að þeir hægu fá nám við hæfi og þessir hröðustu fá nám við hæfi, svo að ekki verði hægt á þeim niður á yfirferð þeirra getuminni. Þarna eru börn að vinna á sínum hraða með stuðning frá kennurum en ekki skipunum. Þarna er verið að valdefla einstaklingana frá byrjun með því að fá þeim meiri ábyrgð á sínu námi. Hjá kennurum í öðrum skólum en þeim sem hér var um talað eru samt kennarar úr rannsókninni að vinna á sömu forsendum. Þeir eru hættir að taka þátt í því niðurrifi sem lélegar einkunnir geta skapað, börnin taka próf í því sem þau kunna og eru góð í. Þeir byggja einstaklingana upp á eigin getu út frá þeirra forsendum. Þegar litið er til þess hvað sterk sjálfsmýnd er mikilvæg í forvörnum er ekki annað að sjá en að kennslustarfið, sem þeir vinna sem tóku þátt í rannsókninni, sé allt forvarnarstarf.

Það leiðir aftur til hugleiðinga um módel Martins Brokenleg og grunnstoðirnar fjórar fyrir sjálfsvirðingu. Barnið hafi þýðingu, hæfni, mátt og dygð. Módelið á að hafa fyrirbyggjandi áhrif og koma börnum í áhættuhegðun á rétta braut. Forvarnirnar felast í uppeldi barnsins, hjá því fólki sem finna má í umhverfi þess. Það getur átt við um viðmælendur rannsóknarinnar. Barnið verður að finna að það tilheyrir hóp, fjölskyldu og umhverfinu sínu. Það þarf að finna fyrir hæfni innan umhverfis síns því þegar barnið finnur til hæfni gegnum viðeigandi verkefni verður það öruggt og því líður vel. Barninu er sjálfstæði mikilvægt svo það með valdeflingu hafi hlutverk og læri að framtíðin er í höndum þess sjálfs. Síðast er göfuglyndi, að deila með sér án eftirsjár. Þannig fær barnið heilbrigða sjálfsmýnd að mati Dr. Brokenleg (Brento, Brokenleg og Bockem, 1991). Það er tilfinning höfundar að þeir sem tóku þátt í rannsókninni séu að vinna með börnum í skólastarfi á þessum sömu forsendum.

Markmið rannsóknarinnar voru skýr, að auka þekkingu á verkferlum og starfsaðferðum þeirra sem koma að áfallavinnu innan skólaumhverfisins. Þá skyldi einnig fá fram styrkleika og veikleika verkferlanna og í framhaldi af því leggja til bætt úrræði á grundvelli hugmynda frá þátttakendum í rannsókninni um nýja og hugsanlega árangursríkari nálgun, bæði hvað varðar forvarnir og viðbrögð þegar sjálfsvíg eða sjálfvígshæðun hefur átt sér stað. Höfundur

er á því að markmiðum hafi að mestu verið náð og ábendingum er komið áleiðis í ritgerðinni. Höfundur vill einnig velta upp þeirri hugmynd að könnun eða rannsókn verði gerð á líðan kennara við grunnskóla Hafnarfjarðar. Það er að mati höfundar afar mikilvægt að líða vel í starfi og algert lykilatriði ef starfið felur í sér að vera styrkur og stoð fyrir aðra einstaklinga.

Í upphafi var lagt af stað með rannsóknarspurningar sem reynt verður að svara hér í stuttu máli.

Hvernig er brugðist við áföllum í tengslum við sjálfsvíg, sjálfsvígstilraunir og sjálfskaðandi hegðun barna innan grunnskóla Hafnarfjarðar?

Á heildina litið telur höfundur að viðmælendur og skólarnir séu að bregðast vel við þegar áfall skellur á skólaumhverfinu. Það lítur út fyrir að áfallavinna og sálgæsla sé vel unnin þegar skyndilegt andlát nemanda verður innan grunnskólanna og að sú vinna veiti starfsfólki og nemendum öryggi og hjálpi þeim yfir erfiðasta tímenn. Áætlanir skólanna sem byggja að miklu leyti á reynslu þeirra sem hafa búið hana til ásamt þekkingu frá sérfræðinámi þeirra gagnast sem gátlisti fyrir áfallateymin og ráðin, og tryggir að besta leiðin sé notuð í hverju því tilfelli sem á aðstoð þarf að halda fyrir nemendur. Hins vegar ber að líta til þess að þörf er fyrir meiri samvinnu milli þeirra stofnanna sem sinna þjónustu við börn og unglunga í vanda. Höfundur telur enn fremur að meiri tenging milli teyma í skólunum og teyma þeirra stofnanna sem vinna með málefni barna sé nauðsynleg til að miðla reynslu og læra af hvert öðru.

Í hverju felst forvarnarvinna grunnskóla Hafnarfjarðar gegn sjálfsvígum og áhættuþáttum í tengslum við sjálfsvígshegðun?

Að mati höfundar rannsóknarinnar hafa kennarar þeir sem rætt var við nýtt sér vel það svigrúm sem aðalnámsskrá og skólastefna skóla þeirra veitir þeim. Lítur út fyrir að þeir hafi eigin stefnu sem byggir á heilðrænu forvarnarverkefni sem hefst við upphaf skólagöngu í 1. bekk og varir út grunnskólann. Forvarnirnar koma fram í styrkingu á sjálfsmynd nemenda án þess að tala beint út um sjálfsvíg og sjálfsvígshegðun. Þannig er talið að eigi að stuðla að heilbrigðum lífsstíl sem skapar sterka einstaklinga, sem öðlast færni til að lifa góðu lífi í lýðræðislegu samfélagi.

Lokaorð

Sjálfsvíg eru vaxandi vandamál á Íslandi eins og annars staðar í heiminum. Ef til vill er aukningin tilkomin vegna þess að betur er haldið utan um skráningar og opnari umræða á sér stað. Kannski er samfélagið að meðtaka alvarleikann á annan hátt og viðurkennir vandann eins og hann er, án fordóma eins og áður tíðkuðust.

Ástæður sjálfsvíga geta verið af ýmsum toga eins og fram hefur komið en þó eiga þær það sameiginlegt að greina má áhættuþættina hjá einstaklingum í flestum tilvikum ef vel er að gáð. Greining á áhættuþáttum í fari einstaklinga kemur ekki í veg fyrir öll sjálfsvíg, en getur þó komið í veg fyrir einhver og jafnvel komið því til leiðar að þeim fjölgi ekki meira. Umræðan í þjóðfélaginu hefur stundum beinst að hlutverki grunnskóla í uppeldi og menntun barna. Margir vilja að skólastarfið snúi að fleiru en að kenna hefðbundin fög og að manngildi og lífsleikni verði fyrirferðarmeiri. Að börnin öðlist visku sem leiði þau að betri ákvörðunum fyrir sig og umhverfi sitt, þar á meðal jafningja sína. Aðalnámskráin fyrir grunnskóla útlistar hvernig skuli staðið að uppeldi og menntun barna og gefur góð fyrirheit um skólastarfið.

Á síðustu 30 árum hefur lítil breyting orðið á tíðni brottfalls úr framhaldsskólum. Von höfundar er að þær kennsluaðferðir sem kennarar við grunnskóla Hafnarfjarðar eru farnir að beita sé leiðin að breytingu þar á og vonar að innan fárra ára verði áhættuhegðun barna á niðurleið í samræmi við fjölgun framhaldsnema sem útskrifast.

Heimildaskrá

- Bailey, S. E., Kral, M. J. og Dunham K. (1999). Survivors of suicide do grieve differently: Empirical support for a common sense proposition *Suicide & Life – Threatening Behavior*, 29, 3, ProQuest Central bls. 256.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. nr. 18, 2. nóvember 1992.
- Beautrais, A. L. (2000). Risk factors for suicide and attempted suicide among young people. *Australian and New Zealand Journal of Psychiatry*, 34, 420-436.
- Beautrais, A. L. , Fergusson, D., Coggan, C., Collings, C., Doughty, C., Ellis, P., Hatcher, S., Horwood, J., Merry, S., Mulder, R., Poulton, og R., Surgenor, L. (2007). Effective strategies for suicide prevention in New Zealand: A review of the evidence [Rafræn útgáfa]. *Journal of the New Zealand Medical Association*, 120 (1251). Sótt þann 2. nóvember af: <http://journal.nzma.org.nz/journal/120-1251/2459/>.
- Beresford, P. og Croft, S. (2000). Empowerment. Í M. Davies (Ritstj.). *The Blackwell Encyclopedia of Social Work* (bls. 45-69). Oxford: Blackwell.
- Bogdan, R. C. og Biklen S. K. (2003). *Qualitative Research for Education, An Introduction to Theories and Methods*. Boston: Pearson Education Group Inc.
- Borowsky, I. W., Ireland, M. og Resnick, M. D. (2001). Adolescent suicide attempts: Risks and protectors [Rafræn útgáfa]. *Pediatrics*, 107, 485-493.
- Brent, D. A., Moritz, G., Bridge, J., Perper, J. og Canobbio. R. (1996). The impact of adolescent suicide on sibilings and parents: A longitudinal follow up. *Suicide and Life-threatening Behavior*, 26, 253-259.
- Brento, L. K., , Brokenleg, M. og Bockem, S. V. (1991). The Circle of Courage. *In Depth, Beyond behavior*. Sótt 26. október 2011 af: http://www.decs.sa.gov.au/barossa/files/links/Circle_of_Courage.pdf.
- Bridge, J. A., Goldstein, T. R. og Brent, D. A. (2006). Adolescent suicide and suicidal behavior. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 47, 372-394.
- Cain, A.C. (2002). Children of suicide: The telling and the knowing. *Psychiatry*, 65, 124-135.
- Cerel, J og Roberts, T. A. (2005). Suicidal behavior in the family and adolescent risk behavior. *Journal of Adolescent Health*. 36, 8-14.
- Christianson, C., L. og Everall, R., D. (2008). Constructing Bridges of Support: School Counsellors' Experiences of Student Suicide. *Canadian Journal of Counselling*, 42, 209-221.

- Christoffersen, M. N. (2011) Invisible child maltreatment and long term social harm: A social psychological study of PTSD based on national samples. *Research Department of Children and Family*.3,.1-16.
- Doan, J., Roggenbaum, S., Lazear, K. (2003). Why a School-Based Suicide Prevention Program? [Rafræn útgáfa] *Louis de la Parte Florida. Mental Health Institute, 1-14*. Sótt 6. október af: <http://www.maine.gov/dhhs/bohdcfh/inj/suicide-training/ProtocolDevelopmentWorkshop/ProtocolDevelopmentWorkshop1/Administrative%20Issues.pdf>.
- Dóra Sigrún Hjálmarsdóttir og Finna Pálmadóttir. (2011). *Fræðileg úttekt á sjálfsvígs forvarnarverkefnum fyrir ungmenni. Siðferðileg álitamál, algengi og áhættuþættir sjálfsvígshegðunar*. Óbirt BS- ritgerð: Háskóli Íslands, Sálfræðideild.
- Esterberg, G. K. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: Mc Graw Hill.
- Geir Bjarnason (2010). Samstarfið er miklu mikilvægara en messugjörðin. *Áhrif samstarfs heimila og skóla á vímuefnaneyslu nemenda*. Óbirt MA Háskóli Íslands Menntavísindasvið.
- Hagstofan. (e.d.-a) *Sjálfsvíg og vísitandi sjálfsskaði árin 2000 til 2009*. Sótt 3. október af: <http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN05301%26ti=D%E1nir+eftir+d%E1narors%F6kum+%28Evr%F3pski+stuttlistinn%29%2C+kyni+og+aldri++1981%2D2009++++%26path=../Database/mannfjoldi/Danir/%26lang=3%26units=Fjöldi>.
- Hagstofan. (e.d.-b). Evrópski stuttlistinn um sjálfsvíg og dánarorsök frá 1981 til 2009. Sótt 4. október af: <http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN05301%26ti=D%E1nir+eftir+d%E1narors%F6kum+%28Evr%F3pski+stuttlistinn%29%2C+kyni+og+aldri++1981%2D2009++++%26path=../Database/mannfjoldi/Danir/%26lang=3%26units=Fjöldi>.
- Hansen, B. og Lang, M. (2011). Back to school blues: Seasonality of youth suicide and the academic calendar. *Economics of Education Review, 30*. 850-861.
- Harstall, G. B. (2004). *For which strategies of suicide prevention is there evidence of effectiveness?* Sótt 16. september af: http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0010/74692/E83583.pdf.
- Hegna, K.(2007). *Betydningen av seksuell erfaring, tiltrekning og identitet for selvmordsforsøk og rusmiddelbruk blant ungdom. En sosiologisk studii*. NOVA. Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring. Homo? Sótt 3. október 2011 af: http://www.nova.no/asset/2542/1/2542_1.pdf.
- Hjördís Rós Jónsdóttir. (2010). *Sjálfsmynd unglunga og tengsl hennar við sjálfsvígshegðun þeirra*. Óbirt MA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sigurður Guðmundsson (Ritst.). *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 111-127). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RBF.
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2011). *Ungt fólk 2011. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. Bekk.* Mennta og Menningarmálaráðuneytið. Sótt 11. október 2011 af: http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-2011_vef.pdf.
- Högni Óskarsson, Sigurður Páll Pálsson og Wilhelm Norðfjörð. (2001, apríl). *Forvarnir Gegn Sjálfsvígum – Greinargerð með tillögum, apríl 2001.* Starfshópur landlæknisembættisins. sótt 20. september af: http://landlaeknir.is/Uploads/FileGallery/Utgafa/Gedv_sjalfsvig_apr01.pdf.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Thorolfur Thorlindsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Roe, K. M. og Allegrante, J.,P. (2008). Substance use prevention for adolescents: The Icelandic Model. *Health Promotion International*, 24 16-25.
- Jóhanna M. Sigurjónsdóttir, Nanna Briem, Guðrún Jónsdóttir, Sigurður P. Pálsson og Hannes Pétursson (1993). Tíðni sjálfsvíga hjá þeim sem áður hafa reynt sjálfsvíg. *Læknablaðið*, 79, 335-341.
- King, K. A. (1999). High school suicide postvention: Recommendations for an effective program. *The Journal of School Health*, 15, 217-221.
- Kirk, U. (1997). *Sálræn skyndihjálp og mannlegur stuðningur* (Álfheiður Kjartansdóttir þýddi). Rauði kross Íslands. (Upphaflega gefið út 1993).
- Klonsky, D. E., Muehlenkamp, J.J. (2007). Self-Injury: A Research review or the Practitioner. *Journal of Clinical Psychology: In Session*, 63, 1045-1056.
- Knieper, A. J. (1999). The suicide survivor's grief and recovery [Rafræn útgáfa]. *Suicide & Life-Threatening Behavior*, 29, 353-364.
- Kristinn Örn Sverrisson, Sigurður Páll Pálsson, Kristinn Sigvaldason og Sigurbergur Kárason, (2010). Sjálfsvígstíraunir meðhöndlaðar á gjörgæsludeildum Landspítala árin 2000-2004. *Læknablaðið*, 96, 101-107.
- Landlæknisembættið. (1992). Sjálfsmorðstíðni á Íslandi. *Fréttabréf lækna*, 2, 12.
- Landlæknisembættið. (2004). *Að koma í veg fyrir sjálfsvíg og sjálfsvígstíraunir meðal unglinga. Upplýsingarit Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ætlað kennurum og öðru starfsfólki í skólum.* Sótt 16. september 2010 af: http://landlaeknir.is/Uploads/FileGallery/Utgafa/l_veg_fyrir_sjalfsvig_5.10.04.pdf.
- Landlæknisembættið. (2007). *Að koma í veg fyrir sjálfsvíg. Þjóð gegn þunglyndi.* Sótt 3. október. 2011 af: <http://www.landlaeknir.is/pages/300>.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*

Lögræðislög nr. 71/1997.

Maimon, D. Browning, C. R. Brooks-Gunn, J. (2010). Collective Efficacy, Family Attachment, and Urban Adolescent Suicide Attempts. *Journal of Health and Social Behavior*. 51, 307-324.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. [Rafræn útgáfa]. sótt 9. desember af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar/nr/3953>.

National Institute for Clinical Excellence. (2004). *Self-harm: The short-term physical and psychological management and secondary prevention of self-harm in primary and secondary care*. Sótt 8. október 2011 af: <http://www.nice.org.uk/nicemedia/live/10946/29421/29421.pdf>.

Nefnd á vegum Alþingis um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi (1996, október). *Skýrsla nefndar um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi – Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögur til úrbóta*.

Newman, D.M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of families*. (önnur útgáfa). Sage Publications, Pine Forge Press.

Páll Sigurðsson og Guðrún Jónsdóttir. (1985). Sjálfsvíg á norðurlöndum 1880 til 1980. Samanburður á milli landa og hugsanlegar skráningarskekkjur. *Læknablaðið 1985*, 71, 86-90.

Ragnhildur Jónsdóttir. (2007). Nemendaverndarráð-barnavernd? Uppruni og starfshættir nemendarverndarráða. Óbirt M.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands Uppeldis og menntunarfræði.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Sakinofsky, I. (2007). The Aftermath of suicide: Managing survivors' bereavement. *The Canadian Journal of Psychiatry*, 52, 129-135.

Sigurður P. Pálsson, Guðrún Jónsdóttir og Hannes Pétursson. (1991). Parasuicidal behaviour in an emergency room population. *Nord Psykiatr Tidskr*, 45, 351-356.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. (2009). *Skólustefna Hafnarfjarðar* [Rafræn útgáfa]. sótt 9. desember 2011 af: <http://hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/skolastefnahf2009utgafa.pdf>.

Stivers, C. (1987). Adolescent Suicide: An Overview [Rafræn útgáfa]. *Marriage & Family Review*, 12, 135. Sótt 18. nóvember 2011 af: <http://proquest.umi.com/pqdweb?RQT=568&VInst=PROD&VName=PQD&VType=PQD&Fmt=3&did=490410731&TS=1321630946&fromjs=1>.

- The New Complete Medical and Health Encyclopedia. (1987). Wagman, R. J. (Ritstjóri). J.G. Ferguson Publishing Company, Chicago.
- Whitlock, J. (2010). *What is self-injury?* Cornell Research Program on Self-Injurious Behavior in Adolescents and Young Adults. Sótt 8. október 2010 af: http://crpsib.com/factsheet_aboutsi.asp.
- WHO. (2011). Suicide rates per 100,000 by country, year and sex (Table). Sótt 4. október 2011 af: http://www.who.int/mental_health/prevention/suicide_rates/en/.
- Wilhelm Norðfjörð. (2001, maí). *Sjálfsvíg ungs fólks á Íslandi: Samanburður á sjálfsvígum á Austurlandi og höfuðborgarsvæði 1984-1991*. Reykjavík: Landlæknisembættið. Sótt 25. September 2011 af: <http://www.landlaeknir.is/Uploads/FileGallery/Utgafa/SjalfsvigWN.pdf>.
- Witt, S. D. (e.d.). Notes on theoretical views of parenting: Erik Erikson, Urie Bronfenbrenner, and System theory. Sótt 13. apríl 2011 af <http://gozips.uakron.edu/~susan8/devparch/theorists.htm>.
- Woolf S. H. (2008). The power of prevention and what it requires. *The Journal of American Medical Association*, 299, 2437-2439.
- Worden, J. (2009). *Grief Counselling and Grief Therapy: A Handbook for the Mental Health Practitioner*. New York: Springer Publishing Company.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. (1992). *Umsögn Rannsóknarstofnunnar uppeldis og menntamála um þingsályktunartillögu um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga*.
- Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2002, september). *Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra framhaldsskólanema árin 1992 og 2000 og alþjóðlegur samanburður á sjálfsvígstíðni meðal 15-24 ára ungmenna 1951-2000*. Sótt 16. september 2010 af http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/rannsoknir/sjalfsvig_2002.pdf.
- Ægir Örn Sigurgeirsson og Hervör Alma Árnadóttir. (2010). *Framhaldsskólaganga og félagslegar aðstæður Stuðningur við ungmenni sem búa við félagslega erfiðleika*. Óútgefin gögn: Skýrsla til Nýsköpunarsjóðs Námsmanna.

Viðauki 1. Viðtalsvísir fyrir kennara

Bakgrunnur

Aldur? Menntun? Útskriftarár, hve lengi í starfi?

Hugtakamerking

Hvaða merkingu leggur þú í orðið sjálfsvígstilraun?

Hvaða merkingu leggur þú í orðið sjálfsskaði?

Hvað þýðir áfallahjálp í þínum huga?

Hvað þýðir sálgæsla í þínum huga?

Um sjálfsvíg og tilraunir til sjálfsvígs

Eru málefni varðandi sjálfsvíg, tilraunir, og sjálfsskaða rædd á vinnustað þínum, þegar grunsemdir vakna um ákveðna nemendur?

- Á hvern hátt þá? (forvarnargildi, vorkun, til að taka á málunum?)
- Ef tabú, þá lýstu og segðu mér hvers vegna?

Viðbragðsáætlun gagnvart áföllum eins og sjálfsvígi eða tilraun til sjálfsvígs, er hún til og getur þú lýst henni?

- Hvaðan er hún uppruninn? Hver kynnti hana fyrir þér?

Hefur nemandi framkallað sjálfsskaða hér í skólanum?

- Hver voru viðbrögðin hjá starfsfólki, nemendum, skólaskrifstofu, og öðrum sem málið varðaði?

Hefur nemandi gert tilraun til sjálfsvígs svo vitað sé hér í skólanum, eða tekið líf sitt?

- Hver voru viðbrögðin hjá starfsfólki, nemendum, skólaskrifstofu, og öðrum sem málið varðaði?

Hefur nemandi sem var í skólanum tekið líf sitt innan tveggja ára frá útskrift? (ennþá barn að lögum)

- Hver voru viðbrögðin hjá starfsfólki, nemendum, skólaskrifstofu, og öðrum sem málið varðaði?

Um aðgerðir

Var kennurum sinnt eftir áfallið sem skapaðist og hvernig þá?

- Getur þú lýst ferlinu?

Var nemendum sinnt og hvernig þá?

- Getur þú lýst ferlinu?
- Voru eftirlifandi systkini? Ef svo var, hvernig var fjölskyldunni mætt?

Hvaðan kemur sú þekking sem notuð er við vinnu kennara með nemendum þegar áföll á við sjálfsvíg nemenda á sér stað?

Undirbýr menntun þín þig á einhvern hátt fyrir áfallavinnu og sálgæslu?

Kemur skólinn á einhvern hátt með aðstoð fyrir foreldra?

- Hvernig þá, getur þú lýst því?

Er eftirfylgni frá hendi skólans gagnvart kennurum, nemum og aðstandendum í málunum og ef svo er hvernig er henni háttað?

Telur þú að viðbragðsáætlunin komi að gagni fyrir þig sem kennara?

- Hvað með nemendum?
- En aðstandendum?

Er eitthvað sem þú telur að betur mætti standa að eða gera á annan hátt varðandi þá vinnu sem fer í gang þegar áföll dynja yfir?

- Getur þú lýst því?

Telur þú að skólinn eigi á einhvern hátt að taka þátt í eftirfylgni og vinnu með áfallið eða ætti það að vera í höndum fagfólks utan skóla?

- Af hverju?

Forvarnir

Forvarnir, getur þú lýst á hvern hátt þú sérð þær gagnvart sjálfsvígum og sjálfsskaða?

- Hverjir sinna þeim, hvernig og finnst þér þær bera árangur?

Getur skólinn sett upp staðgengil fyrir foreldra sem koma úr félagslega erfiðum aðstæðum? Er það raunhæft út frá uppeldisskyldum skólans og aðalnámskrá grunnskóla?

Hvað er hægt að gera að þínu mati?

Allt að 25% stráka og 38% stúlkna hefur verið með sjálfsvígshugsannir og um 7% gerir tilraun til sjálfsvígs, hvað ætti grunnskólinn að gera til að draga úr tíðninni.

Hefur verið lögð áhersla á greiningarvinnu innan skólans fyrir áhættuhegðun.

Frá árinu 1981 til 2009 tóku 55 einstaklingar undir 18 ára líf sitt. Minnst 17 börn lögðust inná gjörgæslu 2000-2004. Getum við gert eitthvað í grunnskólunum til að fyrirbyggja þessa hluti eða draga úr tíðninni að þínu mati.

Viðauki 2. Viðtalsvísir fyrir starfsmenn áfallateymis

Bakgrunnur

- Aldur, Menntun, starfsaldur?

Hugtakamerking

- Hvaða merkingu leggur þú í orðið sjálfsvígstíraun?
- Hvaða merkingu leggur þú í orðið sjálfsskaði?
- Hvað þýðir áfallahjálpi í þínum huga?
- Hvað þýðir sálægsla í þínum huga?
- Er þarna munur á?

Viðbragðsáætlun gagnvart áföllum eins og sjálfsvígi eða tíraun til sjálfsvígs, er hún til og getur þú lýst henni?

- Hvaðan er hún uppruninn? Hver kynnti hana fyrir þér?

Hefur nemandi gert tíraun til sjálfsvígs svo vitað sé hér í skólanum?

- Hvernig bregst áfallateymið við?

Hefur nemandi í skólanum tekið líf sitt?

- Hvernig bregst áfallateymið við?

Hefur nemandi framkallað sjálfsskaða hér í skólanum?

- Hvernig bregst teymið við?

Hvernig er kennurum sinnt í áfallavinnunni sem fram fer innan skólans?

Hvernig er fjölskyldu barnsins sinnt í áfallavinnunni?

Hvernig fer eftirfylgni áfallavinnunnar fram, hversu marga mánuði eða ár er unnið í áfallinu?

Hver á að þínu mati að sinna aðstoðinni utan skólans?

Er samþætting milli stofnanna eins og BUGL, skólans, kirkjunnar, félagsþjónustunnar eða annara til eftirfylgdar á áfallaaðstoðinni.

Hvenær líkur aðkomu áfallateymisins af málum er varða áföll eins og sjálfsvíg eða tilraunir til sjálfsvíga?

Forvarnir, getur þú lýst á hvern hátt þú sérð þær gagnvart sjálfsvígum og sjálfsskaða?

- Hverjir sinna þeim, hvernig og finnst þér þær bera árangur?

Rannsóknir benda til að þeir sem hafa tekið líf sitt hafa í festum tilfellum reynt það áður. Í ljósi þess má ætla að drengir reyni tiltölulega snemma að taka líf sitt þar sem stærsti hópurinn sem fremur sjálfsvíg eru ungir menn 15-24 ára. Hvernig getur grunnskólakerfið að þínu mati brugðist við því?

Getur Grunnskólinn búið til einhvern svokallaðann „staðgengil“ sem sýnir þeim sem falla undir áhættuhóp stuðning. Til að mynda þeim sem koma úr félagslega erfiðum aðstæðum, eru mikið einir eða eiga foreldra með geðraskannir?

Um 23% drengja og 38% stúlkna hafa sjálfsvígshugsanir á grunnskóla aldri, 7% gera tilraun, er markvisst skimað eftir þeim sem eru í áhættuhóp.

Er þekkingu sem einstaka kennurum og starsmönnum teymis hefur áskotnast gegnum starf sitt á þessum málum miðlað á mill áfallateyma hér í bænum?

Hvernig er samstarfi milli teyma og yfirmanna skólamála í Hafnarfirði háttað?

Hvert er þitt mat á samstarfinu?

Viðauki 3. Kynningarbréf til skóla



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ágæti viðtakandi.

Undirritaður er meistaranemi á fimmta ári við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands. Hluti námsins er rannsóknarverkefni sem kynnt verður í MA ritgerð sem undirritaður mun verja í desember 2011. Heiti verkefnisins er „Áföll af völdum sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna, forvarnir og stuðningur innan grunn og framhaldsskóla Hafnarfjarðar“. Með bréfi þessu er óskað eftir stuðningi þínum við að safnað verði gögnum í skólum sem heyra undir þitt embætti / hjá starfsmönnum í þínum skóla.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Hrefna Ólafsdóttir lektor í klínískri félagsráðgjöf við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, Odda Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík, s: 525-5458. Hún er leiðbeinandi minn og umsjónarkennari verkefnisins. Aðrir rannsóknaraðilar eru undirritaður.

Frétt um að starfi forvarnarnefndar í Hafnarfirði gegn sjálfsvígum barna og unglinga hafi verið framlengt varð mér innblástur að rannsóknarverkefni þar sem leitast verður við að rannsaka hvaða ferli fer í gang innan grunn og framhaldsskóla Hafnarfjarðar þegar ungmenni í bænum gera tilraun til að taka líf sitt eða sýna sjálfsskaðandi hegðun. Ennfremur hvaða forvörnum er beitt innan skólaumhverfisins til að draga úr og hindra sjálfsvígshegðun barna.

Markmið rannsóknarinnar verður að draga fram þá áætlun sem er notast við í dag og greina styrkleika hennar og hugsanlega veikleika og ennfremur draga fram hugmyndir starfsmanna að bættri framtíðarsýn hvað varðar nálgun skólans varðandi þessi efni. Með því að skoða vel rannsóknir á sviðinu vona ég að sú áætlun sem í gildi er fái styrkari stoðir að byggja á og þannig leggi rannsóknin sitt af mörkum til að skólastarfsfólk og sérfræðingar geti nýtt afraksturinn í umbótarstarf til framtíðar.

Þátttaka felur í sér að valið starfsfólk skólans situr um klukkustundar langt viðtal hjá undirrituðum um rannsóknarefnið. Einnig að skrifleg gögn um verklag vegna áfallavinnu innan skólans og stefnu í forvörnum verði leyfð til skoðunar af undirrituðum.

Ávinningur af þátttöku í rannsókninni felur í sér að fram komi hugmyndir til að gera kleyft að bæta forvarnir gegn sjálfsvígum og sjálfsskaðandi hegðun ungmenna ásamt því að bæta



HÁSKÓLI ÍSLANDS

úrræði í áfallavinnu með þeim sem upplifa andlát vegna sjálfsvígs í skólum. Þeir sem taka þátt í rannsókninni munu ekki taka neina eða í öllu falli óverulega áhættu með þátttöku sinni en ef viðfangsefnið reynist erfitt munu aðstandendur rannsóknarinnar veita viðkomandi upplýsingar um viðeigandi farveg til að fá stuðning vegna þessa. Þátttakendum er frjálst að hafna frekari þátttöku á hvaða stigi sem er í rannsókninni.

Fyllsta trúnaðar er gætt við öflun gagna. Viðmælendur munu fá gervi nöfn og staðhættir sem rekja má til stofnunar / starfsmanna þinna dulkóðaðir svo að ekki sé mögulegt að rekja svör til þeirra né draga fram staðhætti. Að lokinni vörn á ritgerðinni fyrir félagsráðgjafardeild HÍ í desember 2011, verður öllum gögnum eytt og niðurstöður rannsóknarinnar kynntar á vísindavettvangi á Íslandi.

Undirritaður óskar eftir undirskrift þinni á meðfylgjandi samþykkisyfirlýsingu og biður um að það sé sent til Hrefnu Ólafsdóttur ábyrgðarmanns rannsóknarinnar, Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík.

Hafir þú spurningar þá er velkomið að hafa samband við mig í síma 864-5172 eða rafrænt á aes7@hi.is

Virðingarfyllst,

Aegir Örn Sigurgeirsson,
MA nemi í félagsráðgjöf
aes7@hi.is
Sími 864-5172

Hrefna Ólafsdóttir Lektor í félagsráðgjöf
ábyrgðarmaður rannsóknarinnar
Félagsráðgjafardeild HÍ
Odda við Sturlugötu 2 101 Reykjavík

Viðauki 4. Upplýst samþykki



HÁSKÓLI ÍSLANDS

dags. _____

Upplýst samþykki þátttakenda

Áföll af völdum sjálfsvígs og sjálfsvígstillrauna ungmenna.

Forvarnir og aðstoð innan grunn og framhaldsskóla Hafnarfjarðar.

Mér undirritaðri/undirrituðum hefur verið kynnt rannsóknin og efni hennar. Mér er ljóst að markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á þær leiðir sem farnar eru í grunn og framhaldsskólum Hafnarfjarðar til þess að styðja börn og ungmenni í áfalli vegna sjálfsvígs, sjálfsskaða og sjálfsvígstillrauna. Enn fremur hvaða forvörnum er beitt til að hindra slík áföll. Þátttaka mín felur í sér um það bil klukkustundar langt viðtal um vinnu mína, bakgrunn og upplifun mína af því standa frammi sem starfsmaður skóla og styðja við barn eða ungmenni í fyrrgreindri stöðu. Viðtölin verða hljóðrituð og skráð af Ægi Erni Sigurgeirssyni og mun hann í samstarfi við leiðbeinanda sinn frá Háskóla Íslands vinna úr efninu. Mér er ljóst að fylgt verður reglum um trúnað og nafnleynd samkvæmt kröfum Persónuverndar og siðanefndar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Gögn verða dulkóðuð svo ekki verði mögulegt að þekkja mig í gögnum, á það við um staðhætti, nafn og annað sem gæti varpað ljósi á hvern um ræðir. Útskrift viðtala munu einungis leiðbeinandi rannsóknaraðila ásamt honum sjálfum sjá. Að rannsókn lokinni mun öllum gögnum frá viðtali vera eytt. Í lokaskýrslu rannsóknar mun meginþemu úr viðtölum vera dregin fram og vitnað til viðtala þar sem við kann að eiga.

Ég get á hvaða stigi rannsóknarinnar sem er dregið mig út úr rannsókninni án frekari eftirmála. Ávinningur minn með þátttöku í rannsókninni verður að fá tækifæri til að skýra frá reynslu minni, upplifun og aðstæðum. Niðurstöður rannsóknar geta veitt innsýn í það ferli sem fer af stað þegar barn eða ungmenni tekur líf sitt eða gerir tilraun til þess. Því getur þátttaka mín bætt forvarnir og úrræði sem fyrir hendi eru eða skapað ungu fólki í Hafnarfirði betri áfallaáðstoð og stuðning þegar áfall dýnur á. Með undirskrift minni staðfesti ég þátttöku mína í þessari rannsókn og er mér ljóst hvað þátttaka mín felur í sér. Mér einnig ljóst að réttur minn til að draga mig út úr rannsókninni er að fullu gildur á hvaða stigi sem er.

Ég undirritað/undirritaður lýsi því hér með yfir að ég er reiðubúin(n) að taka þátt í rannsókn þeirri sem hér um ræðir, án greiðslu eða umbunar.

Dagsetning: _____

Nafn: _____

Ægir Örn Sigurgeirsson,
MA nemi í félagsráðgjöf

aes7@hi.is

Sími 864-5172

Hrefna Ólafsdóttir Lektor í félagsráðgjöf
Umsjónarmaður rannsóknarinnar

Félagsráðgjafardeild HÍ

Odda við Sturlugötu 2

Viðauki 5. Tilkygning til persónuverndar

Ægir Örn Sigurgeirsson
Blikaási 26
221 Hafnarfjörður



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 hréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 31. október 2011
Tilvísun: S5441/2011/ AT/-

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttengið tilkygningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkygningin er nr. S5441/2011 og fylgir afrit hennar hjálaga.

Allar tilkygningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkygninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Í tilkygningu yðar kemur ekki fram hvert þátttakendalistar verði sóttir að öðru leyti en því að upplýsingar verði sóttar til stofnana Hafnarfjarðarbæjar. Af þeirri ástæðu bendir Persónuvernd á að miðlun nafnalista frá þriðja aðila, í þágu vísindarannsóknar, getur talist sjálfstæð vinnsla persónuupplýsinga og þarf sem slík að byggja á vinnsluheimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, t. d. þegar rannsakandi fær úrtakslista eða nafnalista frá þriðja aðila. Slíkt er þó ekki uppi á teningnum þegar rannsakandi er starfsmaður ábyrgðaraðila og rannsóknin er liður í starfi hans fyrir ábyrgðaraðila.

Í tilkygningu yðar kemur ekki heldur fram hvernig fyrirhugað er að uppfylla fræðsluskyldu samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Af þeirri ástæðu leiðbeinir Persónuvernd yður um að fræðslu samkvæmt ákvæði 20. gr. laganna ber ætíð að veita þeim, sem persónuupplýsingum er safnað um, m. a. um tilgang vinnslu og fyrirkomulag hennar.

Virðingarfyllt,

Alma Tryggvadóttir
lögfræðingur

Hjál.: - Tilkygning nr. S5441/2011 um vinnslu persónuupplýsinga.

Viðauki 6. Leyfisbréf skólaskrifstofu Hafnarfjarðar



Hafnarfirði 3. október 2011.

Yfirlýsing

Í samræmi við bréf til undirritaðs, ódagsett, um að Ægir Örn Sigurgeirsson, meistaranemi í félagsráðgjöf við HÍ, vinni að rannsókn sem nefnist „Áföll af völdum sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna, forvarnir og stuðningur innan grunn- og framhaldsskóla Hafnarfjarðar“ til meistaraþrófs í félagsráðgjöf, undir handleiðslu Hrefnu Ólafsdóttur lektors í félagsráðgjöf, er veitt samþykki fræðslufyrvalda í Hafnarfirði til rannsóknarinnar á eftirfarandi forsendum:

Undirritaður samþykkir að Ægir Örn geti aflað upplýsinga í umrætt meistaraverkefni sitt í grunnskólum Hafnarfjarðar hafi hann til þess öll tilskilin leyfi Persónuverndar og fylgi tilhlýðilegum viðmiðunum um framkvæmdina í anda góðs rannsóknarskiðferðis, s.s. um trúnað og þagnarskyldu. Samþykkið nær þó ekki til einstakra grunnskóla bæjarins eða starfsmanna þeirra sem bindur hendur þeirra til þátttöku í rannsókninni þar sem hver starfsmaður innan fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar hefur val um hvort hann tekur þátt í rannsókn eða ekki og hann er því á engan hátt skuldbundinn til þátttöku í rannsókninni sökum þessarar yfirlýsingar. Það er verkefni meistaránemans að finna þátttakendur í rannsókninni og bera ábyrgð á framgangi hennar. Fræðslufyrvöld bera enga ábyrgð á framkvæmd rannsóknar, eru ekki hluti hennar og loks hafa fræðslufyrvöld engar skyldur gagnvart niðurstöðum hennar. Jafnframt ber rannsakanda að sýna hverjum þeim starfsmanni í grunnskólum Hafnarfjarðar sem óskað er eftir að fá til þátttöku í rannsókninni þetta samþykki svo honum sé ljós réttur sinn til að velja á milli þess að taka þátt í rannsókninni eða ekki.

Virðingarfyllst,

Magnús Baldursson
Magnús Baldursson,
Sviðsstjóri fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar



SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR: • STRANDGÖTU 31 • 220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI: (+354)585 5800 • BRÉFASÍMI: (+354)585 5809 • NETFANG: skolaskr@hafnarfjordur.is

